

# MARGUR ER KNÁR ÞÓ HANN SÉ SMÁR

---

**Hvað útskýrir óvenju ólíka útkomu úr íbúakönnun nokkuð sambærilegra fámennra landsvæða eins og Dala- og V-Húnavatnsýslu?**

Vífill Karlsson, Ph.D.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skýrsla SSV  
Nr. 1 2023  
Mars 2023

ISSN 1670-7923



# EFNISYFIRLIT

---

Myndayfirlit.....	4
Töfluyfirlit.....	5
1 Formáli.....	6
2 Inngangur.....	7
3 Niðurstöður í styttra máli.....	8
3.1 Vel heppnuð sameining sveitarfélaga.....	8
3.2 Staða kvenna.....	9
3.3 Áföll eða stöðugleiki.....	10
3.4 Almennt um vinnumarkaðinn.....	11
3.5 Flokkadrættir.....	12
3.6 Sterk fyrirtæki í eigu heimamanna.....	12
3.7 Að hafa stjórn á aðstæðum.....	13
3.8 Félags- og menningarstarf.....	13
3.9 Jákvæðni og samkennd.....	14
3.10 Samfélagið ljómar.....	14
3.11 Innviðir, eignarhald, djörfung og þor.....	15
4 Mögulegur lærdómur.....	16
5 Aðferðir og gögn.....	17
5.1 Lokaðar spurningar.....	17
5.2 Opin spurning.....	17
5.2.1 Fjölórðagreining.....	18
5.2.2 Fimmórðagreining.....	20
5.3 Rýnifundir.....	20
6 Viðfangsefnið.....	23
6.1 Íbúáþróun landsvæðanna.....	23
6.2 Íbúáþróun í dreifbýli og þéttbýli.....	25
6.3 Kynjahlutfall.....	28
6.4 Aldursdreifing.....	31
6.4.1 Aldurstré Dalanna.....	31
6.4.2 Aldurstré V-Hún.....	32
6.4.3 Aldurstré A-Hún.....	33
6.5 Innflytjendur.....	34
6.6 Aðfluttir umfram brottflutta, atvinnulíf og þættir úr hagsögu svæðanna.....	35

6.6.1	Flutningsjöfnuður og kaflar úr hagsögu og þróun atvinnulífs Dalanna.....	36
6.6.2	Flutningsjöfnuður og kaflar úr hagsögu og þróun atvinnulífs V-Hún.....	38
6.6.3	Flutningsjöfnuður og kaflar úr hagsögu og þróun atvinnulífs A-Hún .....	42
6.7	Meira af atvinnulífi svæðanna .....	47
6.7.1	Meira af atvinnulífi Dalanna.....	47
6.7.2	Meira af atvinnulífi V-Hún .....	49
6.7.3	Meira af atvinnulífi A-Hún .....	50
6.7.4	Ríkisstörf.....	55
6.7.5	Vinumarkaður .....	56
6.8	Sameiningar sveitarfélaga .....	61
6.9	Fjármál sveitarfélaga .....	61
7	Niðurstöður.....	63
7.1	Lýsandi greining.....	63
7.1.1	Greining á lokuðum spurningum .....	63
7.1.2	Greining á opinni spurningu.....	72
7.1.3	A-Hún .....	73
7.1.4	Dalir.....	76
7.1.5	V-Hún.....	79
7.1.6	Samantekt.....	82
7.2	Rýnifundir .....	84
7.2.1	Dalirnir.....	84
7.2.2	V-Hún.....	88
7.2.3	A-Hún .....	93
8	Viðauki .....	99
8.1	Félagslíf í Dalabyggð .....	99
8.1.1	Félagastarf og tómstundir í dalabyggð.....	99
8.1.2	Íþróttafélög í Dalabyggð .....	99
8.1.3	Aðrir viðburðir .....	100
8.2	Fiskvinnsla, fleiri tölur .....	101
	Heimildaskrá .....	103

# MYNDAYFIRLIT

---

MYND 5.1: VIÐHORF PÁTTAKANDA TIL SVEITARFÉLAGSINS SEM HANN BÝR Í (SPURNING 1).....	18
MYND 6.1: ÍBÚAR DALA, V-HÚN OG A-HÚN 1971-2022.....	23
MYND 6.2: ÍBÚAR DALASÝSLU, V-HÚNAVATNSSÝSLU OG A-HÚNAVATNSSÝSLU 1703-2020.....	24
MYND 6.3: ÍBÚAR PÉTTBÝLISSTAÐA Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN 2001-2022.....	25
MYND 6.4: ÍBÚAR PÉTTBÝLISSTAÐA Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN 1890-2022.....	26
MYND 6.5: HLUTFALL PÉTTBÝLIS Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN 2000-2021.....	27
MYND 6.6: KYNJAHLUTFALL Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN 2001-2022.....	28
MYND 6.7: KYNJAHLUTFALL BÚÐARDALS, HVAMMSTANGA, LAUGARBAKKA, BLÖNDUÓSS OG SKAGASTRANDAR 2001-2022.....	29
MYND 6.8: KYNJAHLUTFALL BÚÐARDALS, HVAMMSTANGA, BLÖNDUÓSS OG SKAGASTRANDAR AÐ JAFNAÐI 2018-2022.....	30
MYND 6.9: ALDURSTRÉ DALANNA.....	31
MYND 6.10: ALDURSTRÉ V-HÚN.....	32
MYND 6.11: ALDURSTRÉ A-HÚN.....	33
MYND 6.12: INNFLYTJENDUR SEM HLUTFALL AF ÖLLUM ÍBÚUM Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN 2001-2022.....	34
MYND 6.13: FLUTNINGSJÖFNUÐUR DALANNA, V-HÚN OG A-HÚN 1986-2020.....	35
MYND 6.14: VÆGI FLUTNINGSJAFNAÐAR OG HREYFANLEIKI ÍBÚANNA Í DALABYGGÐ 1986-2021.....	36
MYND 6.15: MEÐALFJÖLDI STARFSMANNA (ÁRSVERK) HJÁ VÖLDUM FYRIRTÆKJUM Í DÖLUM.....	37
MYND 6.16: VÆGI FLUTNINGSJAFNAÐAR OG HREYFANLEIKI ÍBÚANNA Í V-HÚN 1986-2021.....	39
MYND 6.17: MEÐALFJÖLDI STARFSMANNA (ÁRSVERK) HJÁ VÖLDUM FYRIRTÆKJUM Á HVAMMSTANGA.....	40
MYND 6.18: FISKVINNSLA OG FJÖLDI BÁTA Á HVAMMSTANGA.....	41
MYND 6.19: FJÖLDI SVEITARSTJÓRA OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA SVEITARFÉLAGA ÁRIN 1985-2015.....	42
MYND 6.20: MEÐALFJÖLDI STARFSMANNA (ÁRSVERK) HJÁ VÖLDUM FYRIRTÆKJUM Á BLÖNDUÓSI.....	43
MYND 6.21: FISKVINNSLA OG FJÖLDI BÁTA Á BLÖNDUÓSI.....	44
MYND 6.22: MEÐALFJÖLDI STARFSMANNA (ÁRSVERK) HJÁ VÖLDUM FYRIRTÆKJUM Á SKAGASTRÖND.....	45
MYND 6.23: FISKVINNSLA OG FJÖLDI BÁTA Á SKAGASTRÖND.....	46
MYND 6.24: VÆGI FLUTNINGSJAFNAÐAR OG HREYFANLEIKI ÍBÚANNA Í A-HÚN 1986-2021.....	46
MYND 6.25: IÐNAÐARMANNAFLÓRA Í BÚÐARDAL ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	48
MYND 6.26: FYRIRTÆKJAFLÓRA Í BÚÐARDAL ÁRIN 1985 OG 1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	48
MYND 6.27: IÐNAÐARMANNAFLÓRA Á HVAMMSTANGA ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	49
MYND 6.28: FYRIRTÆKJAFLÓRA Í V-HÚN ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	50
MYND 6.29: IÐNAÐARMANNAFLÓRA Í A-HÚN ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	51
MYND 6.30: FYRIRTÆKJAFLÓRA Í A-HÚN ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	52
MYND 6.31: IÐNAÐARMANNAFLÓRA Á BLÖNDUÓSI ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	53
MYND 6.32: FYRIRTÆKJAFLÓRA Á BLÖNDUÓSI ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	54
MYND 6.33: IÐNAÐARMANNAFLÓRA Á SKAGASTRÖND ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	54
MYND 6.34: FYRIRTÆKJAFLÓRA Á SKAGASTRÖND ÁRIN 1985 OG1993 BORIN SAMAN VIÐ 2005 OG 2022.....	55
MYND 6.35: NOKKRAR LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI DALABYGGÐAR ÁRIN 2015-2019 OG 2021.....	61
MYND 6.36: NOKKRAR LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI HÚNAÞINGI VESTRA ÁRIN 2015-2019 OG 2021.....	62
MYND 6.37: NOKKRAR LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI SVEITARFÉLAGA Í A-HÚN ÁRIN 2015-2019 OG 2021.....	62
MYND 7.1: STAÐA OG MIKILVÆGI BÚSETUSKILYRÐA FYRIR ÍBÚA V-HÚN 2020.....	63
MYND 7.2: SAMANBURÐUR Á V-HÚN OG DÖLUM 2016/2017 OG 2020.....	64
MYND 7.3: SAMANBURÐUR Á V-HÚN OG A-HÚN 2016/2017 OG 2020.....	65
MYND 7.4: SAMANBURÐUR Á SVÖRUM KVENNA OG KARLA Í V-HÚN 2020.....	66
MYND 7.5: SAMANBURÐUR Á SVÖRUM KVENNA OG KARLA Í A-HÚN 2020.....	67
MYND 7.6: SAMANBURÐUR Á SVÖRUM KVENNA OG KARLA Í DÖLUM 2020.....	68
MYND 7.7: SAMANBURÐUR Á SVÖRUM KVENNA OG KARLA Í V-HÚN 2016.....	68
MYND 7.8: SAMANBURÐUR Á SVÖRUM KVENNA OG KARLA Í A-HÚN 2016.....	69
MYND 7.9: SAMANBURÐUR Á SVÖRUM KVENNA OG KARLA Í DÖLUM 2016.....	69

MYND 7.10: ORÐASKÝ A-HÚN UM ÁSTÆÐUR ÓÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU, 5 ORÐA FLOKKUN. ....	74
MYND 7.11: ORÐASKÝ A-HÚN FYRIR ÁSTÆÐUM ÓÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU. ....	75
MYND 7.12: ORÐASKÝ A-HÚN FYRIR ÁSTÆÐUM ÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU. ....	76
MYND 7.13: ORÐASKÝ DALA FYRIR ÁSTÆÐUM ÓÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU, 5 ORÐA FLOKKUN. ....	77
MYND 7.14: ORÐASKÝ DALA FYRIR ÁSTÆÐUM ÓÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU. ....	78
MYND 7.15: ORÐASKÝ DALA FYRIR ÁSTÆÐUM ÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU. ....	79
MYND 7.16: ORÐASKÝ V-HÚN FYRIR ÁSTÆÐUM ÓÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU, 5 ORÐA FLOKKUN. ....	80
MYND 7.17: ORÐASKÝ V-HÚN FYRIR ÁSTÆÐUM ÓÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU. ....	80
MYND 7.18: ORÐASKÝ V-HÚN FYRIR ÁSTÆÐUM ÁNÆGJU MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ SETTAR FRAM Í OPINNI SPURNINGU. ....	81

## TÖFLUYFIRLIT

---

TAFLA 5.1: YFIRLIT SVARA VIÐ OPNU SPURNINGUNNI. ....	19
TAFLA 6.1: ÍBÚAÞRÓUN FYRSTA OG ANNAN ÁRATUG TUTTUGUSTU ALDARINNAR Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN. ....	23
TAFLA 6.2: ÞRÓUN ÞÉTTBÝLIS FYRSTA OG ANNAN ÁRATUG TUTTUGUSTU ALDARINNAR Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN. ....	28
TAFLA 6.3: ÞRÓUN BÚFERLAFLUTNINGA FYRSTA OG ANNAN ÁRATUG TUTTUGUSTU ALDARINNAR Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN. ....	35
TAFLA 6.4: FJÖLDI IÐNAÐARMANNA OG FYRIRTÆKJA Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN Á HVERJA 1000 ÍBÚA. ....	52
TAFLA 6.5: FJÖLDI IÐN- OG ATVINNUGREINA Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN Á HVERJA 1000 ÍBÚA. ....	52
TAFLA 6.6: RÍKISSTÖRF Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN ÁRIN 2021 OG 2014. ....	55
TAFLA 6.7: RÍKISSTÖRF SEM HLUFTALL AF FJÖLDA ÍBÚA Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN ÁRIN 2021 OG 2014. ....	55
TAFLA 6.8: HLUTUR KVENNA OG KARLA Í RÍKISSTÖRFUM ÍBÚA Í DÖLUM, V-HÚN OG A-HÚN ÁRIN 2021 OG 2014. ....	56
TAFLA 6.9: MEÐAL ATVINNUTEKJUR EFTIR LANDSHLUTUM ÁRIN 2015-2019. ....	57
TAFLA 6.10: MEÐAL HEILDARTEKJUR EFTIR LANDSHLUTUM ÁRIN 2015-2019. ....	57
TAFLA 6.11: MEÐAL ATVINNUTEKJUR EFTIR SVEITARFÉLÖGUM ÁRIN 2015-2019. ....	57
TAFLA 6.12: MEÐAL ATVINNUTEKJUR KVENNA EFTIR SVEITARFÉLÖGUM ÁRIN 2015-2019. ....	58
TAFLA 6.13: MEÐAL ATVINNULEYSI EFTIR LANDSHLUTUM ÁRIN 2000-2021. ....	59
TAFLA 6.14: MEÐAL ATVINNULEYSI EFTIR SVEITARFÉLÖGUM A-HÚN ÁRIN 2000-2021. ....	60
TAFLA 6.15: STAÐALFRÁVIK ATVINNULEYSIS EFTIR LANDSHLUTUM ÁRIN 2000-2021. ....	60
TAFLA 6.16: STAÐALFRÁVIK ATVINNULEYSIS EFTIR SVEITARFÉLÖGUM A-HÚN ÁRIN 2000-2021. ....	60
TAFLA 7.1: ÁNÆGJA KVENNA MEÐ BÚSETU SÍNA OG LÍKURNAR Á AÐ ÞÆR FLYTJI. ....	71
TAFLA 7.2: NIÐURSTÖÐUR AÐHVARFSGREININGAR Á VIÐHORFI ÍBÚANNA TIL EIGIN SVEITARFÉLAGS. ....	73
TAFLA 7.3: SAMANTEKT YFIR VEIKLEIKA SVÆÐANNA. ....	82
TAFLA 7.4: SAMANTEKT YFIR STYRKLEIKA SVÆÐANNA. ....	83
TAFLA 8.1: TEGUNDASKIPTING FISKAFLA 1974-1997. ....	101
TAFLA 8.2: AFLI OG VERÐMÆTI EFTIR LÖNDUNARHÖFN, FISKTEGUND OG MÁNUÐUM 1982-2021. ....	102

# 1 FORMÁLI

---

Þessi rannsókn var styrkt um 2.500.000 kr. af Byggðarannsóknarsjóði Byggðastofnunar. Sigurborg Kr. Hannesdóttir leiddi rýnifundi og kom að undirbúningi og las yfir útdrátt þeirra og stöku kafla skýrslunnar allrar. Þátttakendur í rýnifundunum voru um 35 í það heila. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) veitti mikla aðstoð við tilnefningu þátttakenda í V-Hún og A-Hún. Ólafur Sveinsson fyllti inn í ýmsar eyður varðandi hagþróun í Dölunum. Sædís Þórðardóttir aðstoðaði við gagnaöflun. Linda Guðmundsdóttir tók saman ýmis gögn fyrir Dalabyggð og las yfir allt handritið. Prófarkarlestur var í höndum Ásthildar Magnúsdóttur. Öllum þessum aðilum er þakkað þeirra framlag.

## 2 INNGANGUR

---

Sumir fjarlægir og einangraðir staðir og landshlutar hafa haft vindinn í fangið um langt árabil. „Rétt“ staðsetning virðist vera ein af mikilvægari forsendum fyrir því hvort byggðarlög dafna eða gefa eftir eins og margoft og lengi hefur verið bent á, t.d. Krugman (1991) og Myrdal (1957). Ýmis dæmi eru um þetta hérlandis, eins og Vestfirðir, Norðurland vestra og Austurland sem hafa verið hvað lengst frá tveimur sterkustu þjónustukjörnunum ef landið er flokkað eftir landshlutum. Það bætir síðan gráu ofan á svart ef viðkomandi landshlutar byggja á atvinnugreinum sem hafa verið í langvarandi endurskipulagningu vegna tækniframfara samhliða litlum vexti í eftirspurn, eða jafnvel samdrætti eins og sjávarútvegur en þó sérstaklega landbúnaður hérlandis.

Tvö nokkuð sambærileg landsvæði virðast gjörólík er varðar sýn heimamanna á skilyrði til búsetu ef marka má Íbúakönnun landshlutanna frá 2020. Það eru Dalirnir og V-Hún. Bæði svæðin eru fámenn, tiltölulega einangruð/fjarlæg og byggja á landbúnaði og þá einkum sauðfjárrækt. Í þessari skýrslu eru þessi tvö svæði borin saman, ásamt A-Hún sem kom illa út í áður nefndri könnun (eins og Dalirnir), til að grafast fyrir um hverjar skýringarnar geti verið.

Stuðst er við kenningar hagfræðinnar í svæðahagfræði um hvaða þættir laði íbúa að stöku landsvæðum eða fæli þá frá. Þar eru í grunninn aðstæður á vinnumarkaði og ýmis þjónusta og ýmsir huglægir þættir sem sjá má í sinni einföldustu mynd hjá Tiebout (1957) og síðar betur útfært með því að taka fasteignamarkaðinn með hjá Roback (1982). Huglægir þættir gætu verið náttúru- og umhverfisgæði eins og Blomquist og félagar bentu á (1988) og einnig Graves (1980). Gögn íbúakönnunar náði að þvera þetta svið en í sumum tilvikum var leitað forskráðra gagna til að öðlast frekari skilning á viðfangsefninu. Ekki var dvalið meira við fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar heldur vísað til eldri samantekta höfundar hvað varðar búferlaflutninga (Vífill Karlsson, 2012; Vífill Karlsson, 2021) og var dýrmætur tími rannsóknarinnar nýttur til að afla gagna og greina.

Stuðst var við gögn úr Íbúakönnunum 2016/2017 og 2020 sem og stóran gagnagrunn forskráðra gagna Hagstofu Íslands og Þjóðskrár og fleiri opinberra aðila sem safna gögnum reglulega. Nýjum gögnum var safnað með rýnifundum.

Skýrsla þessi hefst á kafla um niðurstöður svo lesendur geti strax kynnt sér það sem höfundur telur vera aðalatriði rannsóknarinnar. Síðan er fjallað um aðferðir og svo hafin kynning á svæðinu í kaflanum um viðfangsefni og að lokum greining.

### 3 NIÐURSTÖÐUR Í STYTTRA MÁLI

---

Eftir að hafa nálgast markmið og rannsóknarspurningu skýrslunnar frá ýmsum sjónarhornum, með ólíkum gögnum og aðferðum verður samt ekki sagt að skýringin á því að V-Hún kemur svona mikið betur út úr íbúakönnuninni en sambærilegu samfélögin Dalir og A-Hún sé einföld og augljós. Vafalaust felst svarið í mörgum ólíkum samspilandi þáttum og þetta lítur út eins og bútasaumsteppi. Ekki verður sagt að teppið sé fundið en áhugaverðir bútar þess verða tíundaðir hér á eftir.

#### 3.1 VEL HEPPNUÐ SAMEINING SVEITARFÉLAGA

---

V-Hún fór í gegnum nokkrar sameiningar sem raktar hafa verið og lesa má um í kafla 6.8. Sama má segja um Dalina en A-Hún telur ennþá þrjú sveitarfélög en hefur farið í gengum nokkrar sameiningar og eina þeirra nýlega þegar þetta var skrifað. Hins vegar virtist öll umræða á rýnifundunum um viðkomandi sveitarfélög og sameiningar beint og óbeint benda til þess að Dalir væru ekki eins sameinað samfélag eins og reyndin var í V-Hún (kafla 7.2). Nú virðist það heldur ekki vera svo að sameiningin í V-Hún hafi verið á kostnað dreifbýlisins því íbúar í dreifbýli V-Hún eru miklu ánægðari með sitt sveitarfélag en íbúar í dreifbýli A-Hún og Dala og í reynd í dreifbýli á landinu öllu (kafla 7.1.2). Viðmælendur A-Hún horfðu margir til þess að gott væri að ná fram stærri sameiningu þar (allt svæðið í eitt sveitarfélag) og töldu það geta styrkt samfélagið enn frekar. Þetta er því augljós munur á milli V-Hún og hinna tveggja sveitarfélaganna. Sameiningin er nú talin hafa verið gæfuspor fyrir V-Hún á meðan menn horfa ennþá á hana sem tækifæri í A-Hún en í Dölunum hefur samfélagið ekki þjappað sér eins vel saman og í V-Hún. Togstreita var tilfinnanleg, t.d. á milli dreifbýlis og þéttbýlis í Dölunum. Sem dæmi kom fram ágreiningur á milli íbúa í þéttbýli og dreifbýli um það hvort koma ætti upp íþróttahúsi/íþróttastaðstöðu í Búðardal sem hingað til hefur verið á Laugum í Sælingsdal. Nú er þó gert ráð fyrir að bygging þess hefjist í Búðardal á þessu ári og vonandi fagna allir íbúar þeirri uppbyggingu.

Það er því visst sóknarfæri í því að „klára“ sameininguna í Dölum og A-Hún m.v. hversu vel hefur tekist til í V-Hún. Erfiðleikar voru vissulega til staðar í V-Hún á meðan sameiningin gekk yfir en síðan hafa íbúarnir lagt hana að baki sér og horfa með björtum augum fram á veginn og telja sameininguna jafnvel eina af ástæðum fyrir velgengni samfélagsins. Það viðhorf kom líka fram á rýnifundinum í A-Hún um sameininguna í V-Hún. Í Dölunum heyrðist að sameiningunni yrði ekki lokið fyrr en ungmennafélögin yrðu sameinuð. Í V-Hún kom fram að sameiningin hafi ekki klárast fyrr en skólarnir voru sameinaðir. Í Dölunum kom fram að V-Hún hafi drifið í að klára mörg þessara erfiðu mála eins og t.d. sameiningu skóla og fækkun félagsheimila og þá hafi þeir getað spyrt í botninn.

Engin trygging er fyrir því að sameining sveitarfélaga sé gæfuspor fyrir samfélög. Það sýna ýmsar rannsóknir (Vífill Karlsson & Grétar Þór Eythórssón, 2022; Vífill Karlsson & Torfi Jóhannesson, 2014, bls. 35-43). En forsendur geta skapast fyrir hagræðingu hjá sveitarfélaginu og aukinni samfélagslegri velferð (Vífill Karlsson, Í vinnslu). Það skiptir miklu máli hvernig unnið er úr þeim tækifærum sem sameining skapar. Að sumu leyti væri gott að framkvæma rannsókn hérlendis á vel heppnuðum sameiningum og þeim sem síður hafa heppnast til að læra af því sem vel hefur verið gert. Eitt af því sem höfundur þessarar skýrslu hefur varað við er að kjósa um sameiningu samhliða sveitarstjórnarkosningum til þess að loforðaflaumur fari ekki á flug. Það er til þess að stilla væntingum um árangur sameininganna í hóf svo íbúarnir verði ekki fyrir vonbrigðum eftir þær. Fátt er eins eitrað og svikin loforð. Þess utan virðist þessi rannsókn segja okkur að best sé að klára erfið mál strax - að allir viti í hvað stefni (t.d. sameining skóla, sala félagsheimila og fleira) - því óvissan eitri mannlífið á meðan hún hangir yfir eins og óveðursský. Í nýlegri alþjóðlegri vísindagrein (Tavares, 2018) segir að af þremur megin sviðum sem mest hafa verið rannsökuð varðandi ábata af



sameiningum sveitarfélaga sé betri þjónusta líklegust til að skila árangri en síður lægri kostnaður við rekstur sveitarfélagsins og síst bætt lýðræði. Hagræðingar í rekstri sé helst að vænta við yfirstjórn en að lýðræðið veikist, einkum í gegnum minni kosningabátttöku í stærri sveitarfélögum. Þessi vísindagrein er samantekt og yfirlitsgreining á fjölda alþjóðlegra rannsókna á þessu sviði.

Mikil samkeppni er um frítíma fólks. Stjórnun sveitarfélags í fámennum sveitarfélögum keppir um þann tíma. Við sameiningu dregur úr eftirspurn sveitarfélagsins eftir frítíma íbúanna og íbúar geta snúið sér að öðrum félagsmálum. Þetta gæti hafa verið ein af birtingarmyndum ábatans af sameiningu sveitarfélaga í V-Hún og félagslífið eflst til muna á eftir. Á rýnifundunum kom einnig fram að þau sem stjórna sveitarfélaginu í V-Hún hafi verið samstíga við stjórn þess. Það sparar líka tíma og skapar einingu og samkennd. Þá var bent á að erfiðustu málum sameiningarinnar hafi lokið hratt. Það leggst á sömu sveif.

Dalirnir komu t.d. verst út úr greiningu á „opnu spurningu“ íbúakönnunarinnar og fór þar mest fyrir umkvörtunum í garð stjórnsýslunnar. Á rýnifundinum kom fram að það mætti e.t.v. rekja til þess að stjórnsýslan væri of faliðuð. Með sameiningu ætti að vera sóknarfæri að styrkja stjórnsýslu sveitarfélagsins og skapa meiri sátt um hana og gera starfsmönnum sveitarfélagsins kleift að vinna sín verkefni án mikils og langvarandi álags. Samanburður á fjölda starfsmanna sveitarfélagsins benti ekki til að Dalabyggð væri faliðaðri en sveitarfélögin sem til samanburðar voru ef deilt var með fjölda íbúa. Eitthvað verður þó að taka tillit til þess hversu mis víðfeðm sveitarfélögin eru. Þegar deilt var með landfræðilegri stærð sveitarfélagsins var Dalabyggð 25% faliðaðri en það sveitarfélag (Húnaþing vestra) sem var næst faliðast á þennan kvarða (og þá eingöngu talið með land sem var undir 200 m.y.s.). Þegar fjöldi starfsmanna var metinn út frá heildarlengd vega í sveitarfélaginu, sem er kannski betri leið til að taka tillit til hversu víðfeðm sveitarfélögin eru, var Dalabyggð 23% faliðaðra en næst faliðasta sveitarfélagið (Húnaþing vestra aftur).

## 3.2 STAÐA KVENNA

---

Velferð kvenna virðist vera mikil í V-Hún. Þegar skoðað var hvernig þátttakendur mátu hamingju sína kom í ljós að V-Hún var fyrir neðan meðaltalið (ómarktækt) en konurnar voru hamingjusamari en karlar og skáru sig hvergi eins mikið úr eins og þar (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 30). Sama má segja um viðhorf til sveitarfélagsins þó svo munurinn sé ekki alveg eins mikill enda lenti V-Hún þar í sjötta sæti af 25 (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 31). Þess utan voru konur ánægðari en karlar með 24 búsetuskilyrði af þeim 40 sem spurt var um í könnuninni (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 33-72). Slíkan mun á milli kynja var hvergi annars staðar að finna. Konur voru þar jafn ánægðar og karlar með 16 þætti og þeir voru: möguleikar til eigin atvinnureksturs, atvinnuöryggi, dvalarheimili, framfærsla, friðsæld, íbúðir, leiguíbúðir, loftgæði, náttúra, nettengingar, umferð, umferðaröryggi, unglिंगastarf, vegakerfi, vöruverð og almennt öryggi. Engin tilfelli voru þar sem konur voru óánægðari en karlar.

Tekið skal fram að karlar í V-Hún voru ekkert óhamingjusamari eða ósáttari en karlar á samanburðarsvæðunum nema síður sé. Konurnar voru bara miklu ánægðari.

Ef draga á saman þá þætti sem konur voru mikið ánægðari með en karlar þá voru það vinnumarkaðurinn, vöru- og þjónustumarkaðurinn og möguleikar til afþreyingar (menning, afþreying og jafnvel íþrótt- og tómstundaaðstaða). Það er athyglisvert þar sem vinnu- og vörumarkaðir eru oft fjölbreyttari í fjölmennari samfélögum og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og slíkt laðar fólk að (Daunfeldt, Mihaescu, Öner, & Rudholm, 2021; Florida, 2008, bls. 225; Wahlberg, 2016). Afþreyingin hefur reyndar verið það líka en í svona samfélagi hefur hún verið mjög háð því hvernig frítíma íbúanna er varið. Sameining sveitarfélagsins

hefur að einhverju leyti losað um tíma eins og áður sagði og því mögulega skilað sér á þennan hátt til styrkingar samfélagsins.

Ungar menntaðar konur voru almennt ánægðar með að búa í V-Hún og hamingjusamari en aðrar konur í V-Hún. Um þetta voru niðurstöður fyrir hina landshlutana tvo ekki eins sannfærandi. Birtingarmyndir þessa er að finna í ýmsum kennitölum samfélaganna. Hlutfall kvenna á aldrinum 10-34 ára er mjög hagfellt. Það er því eins og vinnumarkaðurinn í V-Hún sé hagfelldur menntuðum konum eða a.m.k. hagfelldari en bæði í A-Hún og Dölunum.

Þessi góða staða kvenna í V-Hún leiðir ósjálfrátt hugann að flutningi Fæðingarorlofssjóðs til Hvammstanga. Á rýnifundinum var þessi staða a.m.k. rakin til hans. Hins vegar var ekki augljós munur á svæðunum þegar skoðaður var fjöldi ríkisstarfa á þessum svæðum. Vissulega var það þannig að 66% ríkisstarfa í V-Hún var sinnt af konum árið 2021 en hlutfallið var mjög svipað í A-Hún og um 60% í Dölunum. Ef þessi störf voru reiknuð sem hlutfall af konum á vinnumarkaðsaldri í þessum samfélögum kom í ljós að hlutfallið var lægst í V-Hún (12% en 15% í A-Hún og 14% í Dölunum). Það má því velta fyrir sér hvort ríkisstörfin á Hvammstanga séu á einhvern hátt heppilegri konum en á hinum stöðunum. Fjöllum nánar um það í kaflanum um flutninga ríkisfyrirtækja.

### 3.3 ÁFÖLL EÐA STÖÐUGLEIKI

---

Komið hefur fram að aukin efnahagsleg óvissa eða óstöðugleiki hefur áhrif á vilja fólks til að flytja. Þá er því almennt stillt þannig upp að óvissa sé um það sem bíður fólks eftir að það flytur brott, þ.e.a.s. framtíðartekjur og þess háttar á þeim stað sem það flytur til því yfirleitt vita menn meira um stöðuna þar sem þeir búa en annars staðar (Sjaastad, Andrulis, 1982; Kan, 2003). Ef óvissan verður meiri um framtíðarafkomu fólks þar sem það býr þá munu framtíðahorfur á nýjum stað fela í sér hlutfallslega minni áhættu í samanburði við að búa áfram þar sem fólk býr. Kan (2003) lýkur t.d. sinni grein með þeim orðum að áhættufælnir einstaklingar kjósi frekar að búa þar sem stutt er í allar áttir (miðlægt) fremur en á einangruðum og fjarlægum stöðum. Þá hefur einnig komið fram í rannsóknum að konur séu almennt áhættufælnari en karlar (Lampert & Yassour, 1992; Palsson, 1996; Powell & Ansic, 1997; Prince, 1993; Schubert, Brown, Gysler, & Brachinger, 1999). Því má færa rök fyrir því að óvissa í atvinnulífi sem og hvers kyns efnahagslegum og félagslegum þáttum í lífi fólks komi frekar hreyfingu á einstaklinga sem eru áhættufælnir. Óvenju mikill stöðugleiki í atvinnulífi og stjórn sveitarfélagsins getur hafa rennt stöðum undir almenna ánægju kvenna með búsetu í V-Hún í samanburði við bæði Dali og A-Hún. Segja má að efnahagsleg áföll hafi dunið yfir bæði A-Hún og Dali og þau geta setið í íbúum. Stór fyrirtæki í eigu heimamanna hafa hætt starfsemi eða farið í þrot. Þar má helst nefna umsvifamikil kaupfélög á báðum stöðum sem og stórt útgerðarfyrirtæki á Skagaströnd. Áföll af hlutfallslega sambærilegri stærðargráðu hafa ekki dunið yfir í V-Hún eftir því sem næst verður komist. Í yfirliti á flutningsjöfnuði samfélaganna mátti tengja efnahagsáföll við niðursveiflur í A-Hún en ekki var auðvelt að tengja það tvennt saman í Dölunum. Í nýlegum hagvísi (Vífill Karlsson, 2022a) mátti gera slíkt hið sama fyrir mörg sveitarfélög á Vesturlandi. Á ýmsum öðrum gögnum þessarar rannsóknar mátti ráða (rýnifundur í Dölum og greining á opinni spurningu A-Hún) að viðmælendur byggjust við einhverju óheppilegu á vinnumarkaði jafnvel þó svo ekkert benti til að svo yrði. Engar slíkar væntingar var að finna í V-Hún.

Ekki verður komist hjá því að nefna flutning Fæðingarorlofssjóðs og annarra starfa á vegum Vinnuálastofnunar árið 2007. Honum fylgdu strax níu störf og flest fyrir faglærðar konur en í dag er um 17 manns að ræða eins og áður sagði (kafla 6.7.4).

Í Dölunum er rekið Hjúkrunarheimilið Fellsendi. Á Fellsenda starfa 40 manns í misjöfnum starfshlutföllum, mest konur. Þar eru 27 vistmenn – eldri borgarar með geðsjúkdóma. Fellsendi hefur hins vegar verið starfandi síðan 1968 og er því ekki nýkominn inn í samfélagið en mikil stækkun var gerð á húsum og starfseminni árið 2006. ("Um Fellsenda," 2022).

Sjúkrahús og annar ríkisrekinn kvennavinnustaður eru á Hvammstanga og líka á Blönduósi en ekki í Dölunum. Að vísu hafa þessi sjúkrahús verið að þróast yfir í dvalar- og hjúkrunarrými fyrir aldraða og það er dvalarheimili í Búðardal. Það má því kannski líkja starfsemi Fellsenda og dvalarheimilisins frekar við sjúkrahúsin í V-Hún og A-Hún. Undir þá tilgátu rennir stóðum fjöldi ríkisstarfa á þessum landsvæðum og eins hvernig þau skiptast á milli kynja – sérstaklega í Dölunum. V-Hún er því kannski í sérstöðu með Fæðingarorlofssjóð í samanburði við Dali en A-Hún stendur að þessu leyti alls ekki lakar en V-Hún þar sem bæði er að finna Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd og Innheimtumiðstöð sekta hjá Sýslumanninum á Blönduósi, samtals 30 störf en 17 hjá Fæðingarorlofssjóði. Þess utan er sýslumaður á Blönduósi en ekki í V-Hún.

Á Staðarfelli í Dölum var lengi starfrækt meðferðarheimili fyrir fólk með fíknivanda. Það hóf starfsemi sína árið 1980 en var lagt niður í byrjun mars 2018. Þar var áður starfræktur húsmæðraskóli á tímabilinu 1927-1976 (Kristján Gauti Karlsson, 2018; "Staðarfell," 2022). Á Blönduósi hófst rekstur húsmæðraskóla árið 1901 og var þá fluttur frá Ytri-Ey í Vatnsfirði en upphaflega var hann stofnaður 1879 og fyrst starfræktur á Undirfelli í Vatnsdal (Ragnar Z. Guðjónsson, 2005). Húsmæðraskólinn á Blönduósi hætti starfsemi árið 1978. Á framantöldu sést að Dalirnir og A-Hún hafa haft kvennavinnustaði (og jafnvel á vegum ríkisins) sem þeir hafa misst en það hefur V-Hún ekki upplifað ennþá. Fæðingarorlofssjóður kom sem ný innspýting sem lokkaði menntaðar konur norður á meðan Dalabyggð og A-Hún hafa heldur þurft að horfa á eftir störfum við húsmæðraskóla, fiskverkun, verslun og við bankastofnanir. Á Hvammstanga var sparisjóður sem varð gjaldþrota í kjölfar bankahrunsins en núna starfrækir Landsbanki Íslands útibú þar. Á almenna vinnumarkaðnum hafa áföllin heldur ekki orðið eins stór hvað varðar konur. Saumastofur voru stórir vinnustaðir í Húnavatnssýslunum og það er ein eftir í V-Hún en engin í A-Hún. Þess vegna má kannski segja að V-Hún sé frábrugðin A-Hún og Dölunum að því leyti að þeir hafa ekki lent í eins stórum „áföllum“ hvað varðar stóra kvennavinnustaði og þá einkum vinnustaði á vegum ríkisins sem oft hefur verið talið veita störf með meira atvinnuöryggi en í t.a.m. sjávarútvegi. Frá 1982 hefur íbúáþróun hvergi verið eins óhagfelld og í Dölunum, síðan í A-Hún og síst í V-Hún (kafla 6.1). Kannski endurspeglar það að einhverju leyti vigt ofangreindrar þróunar. Hlutfall kvenna á aldrinum 10-34 ára er mjög hagfelld eins og áður sagði og er kannski skýrasti vitnisburðurinn um jákvæð samfélagsleg áhrif þessa Fæðingarorlofssjóðs og er þá fyrst og fremst horft til kvenna á vinnumarkaðsaldri. Þá eru konur hlutfallslega fleiri en karlar í V-Hún og hafa verið s.l. tvo áratugi.

### 3.4 ALMENNT UM VINNUMARKAÐINN

---

Samkvæmt tölum Hagstofunnar um atvinnutekjur var launamunur minnstur í V-Hún þegar horft var til allra íbúanna en ef eingöngu var horft til kvenna var launamunurinn minnstur í Dölunum. Atvinnutekjur á báðum þessum svæðum voru hins vegar einna lægstar á landinu. Engin launamunur mældist á milli kvenna og karla í V-Hún og Dölunum en það gerði hann í A-Hún (32%). Atvinnuleysi var hæst í V-Hún á krepputímabilunum 2009-2012 og 2000-2021 en hins vegar var munurinn á milli karla og kvenna ekki eins óhagstæður konum og bæði í Dölunum og A-Hún. Staða kvenna gagnvart körlum á vinnumarkaði í V-Hún hafði lagast mest yfir lengri tíma (2000-2021) þegar horft var til atvinnuleysis. Þess vegna má segja um V-Hún að þar sé meiri jöfnuður milli kynjanna á vinnumarkaði jafnvel þó svo að atvinnuleysi hafi mælst þar meira en á hinum stöðunum á krepputímum.

Samkvæmt íbúakönnunum er V-Hún með öflugri vinnumarkað en Dalirnir og einnig A-Hún og er þá horft til atvinnuöryggis, atvinnuúrvals, launa og möguleika til að fara af stað með eigin atvinnurekstur.

Ítarleg greining á gögnum úr íbúakönnunum gaf til kynna að ánægja kvenna með búsetu í V-Hún jókst með aukinni menntun þeirra. Því var öfugt farið í A-Hún og Dölunum.

### 3.5 FLOKKADRÆTTIR

---

Ákveðnar vísbendingar um flokkadrætti í Dölunum komu fram á rýnifundinum (kafla 7.2.1) og virðist tengjast gömlu hreppunum í gegnum ungmennafélögin. Einnig kom fram að ákveðin togstreita væri á milli þéttbýlis og dreifbýlis og eru vísbendingar um að samfélagið sé huglægt ekki sameinað þó svo hinni formlegu sameiningu sé löngu lokið. Þá komu fram ábendingar um að fólk hafi þurft að líða fyrir það á vinnumarkaði að tengjast „gallagripum“ fjölskylduböndum. Ekki fór mikið fyrir vísbendingum af þessu tagi í íbúakönnuninni 2016 og 2020 (kafla 7.1.4). Þær var frekar að finna fyrir A-Hún. Þátttakendur á rýnifundinum voru ekki á sama máli. Þarna eru gögnin misvísandi og því trúlega ekki um stórt vandamál að ræða.

### 3.6 STERK FYRIRTÆKI Í EIGU HEIMAMANNA

---

Þegar upplýst var, um miðbik rýnifundanna, hver munurinn var á milli svæðanna samkvæmt niðurstöðum íbúakönnunar og þátttakendur beðnir um skýringar þá nefndu allir þá staðreynd að öll stærstu fyrirtæki í V-Hún væru í eigu heimamanna. Þar má nefna sem dæmi kaupfélagið, Kidka og Meleyri. Þó eru þau ekki öll í 100% eigu heimamanna en nógu mikið til þess að íbúarnir telji fólk á staðnum eiga ráðandi hlut. Eignarhald á „helstu björgum samfélagsins“ virðist styrkja sjálfsmynd samfélagsins auk þess sem auðveldara er að sækja fjárstuðning til ýmissa verkefna á staðnum – þó svo það hafi ekki verið eins áberandi í umræðunni um eignarhald.

Einnig kom fram að Kaupfélag V-Húnvetninga rekur flotta þjónustu á sanngjörnu verði sem fundarmenn á öðrum svæðum öfunduðu þau í V-Hún af. Lítil stikkprufa höfundar benti til að vöruverð væri hagstætt í Kaupfélaginu á Hvammstanga. Mestu gremju Dalamanna var að finna í garð vöruúrvals og vöruverðs sem þeir búa við sem tengist því að Kjörbúð var breytt í Krambúð. Þau sjónarmið komu einnig fram í A-Hún þó svo þeir hafi ekki komið eins illa út úr íbúakönnuninni hvað þá þætti snerti sérstaklega. Þetta styðja niðurstöður lokaðra spurninga íbúakannana 2016 og 2020 (Mynd 7.2 og Mynd 7.3). Í V-Hún var gefið í skyn að það væri að hluta til huglægt mat vegna gremjunnar yfir því að heimamenn í Dölum og A-Hún réðu ekki lengur yfir slíkum björgum. Það breytir litlu því huglæg gremja er jafn skaðleg og hlutlæg. Það breytir hins vegar mögulegum úrræðum sem fært er að ráðast í. Þegar horft er til þess að V-Hún telur aðeins 1226 íbúa þá er ljóst að þar eru flott áberandi fyrirtæki með mikla starfsemi í eigu heimamanna. MS er ekki í eigu Dalamanna og Vilkó á Blönduósi og kælifyrirtækið Ísskel eru mun minni hlutfallslega en fyrirtækin sem talin voru upp í V-Hún.

Þegar fer saman að fyrirtæki eru ekki lengur í eigu heimamanna og að verslun er að hluta til vegna ferðamanna (gegnumstreymissamfélögin Búðardalur og Blönduós eins og nefnt var á rýnifundunum) þá tekur þjónustan minna mið af heimamönnum og vegna mikillar eftirspurnar og kannski miklu frekar lágrar verðteygni (sem auðveldlega má færa rök fyrir að einkenni frekar kauphegðun ferðamanna) hækkar vöruverð.

Hugsanleg úrræði: Gera verðkönnun í Dölunum og bera saman við verð í V-Hún og kynna hana vel. Ef afstaða Dalamanna er rétt þá mætti kanna hvort stjórnendur Samkaupa séu viljugir til samráðs og

mögulega þarfagreiningar á þjónustu sem þeir veita. Einnig hvort þeir séu t.d. viljugir að veita heimamönnum afsláttarkort (staðaruppbót).

### 3.7 AÐ HAFA STJÓRN Á AÐSTÆÐUM

---

V-Húvetningar telja sig hafa áhrif á aðstæður sínar og taka frumkvæði á þeim sviðum sem þeir kjósa á meðan Dalamenn upplifa að úrræðin séu ekki í þeirra eigin höndum. V-Húvetningar tóku undir það með Dalamönnum og sögðu á rýnifundinum að „þeir ráði ekki yfir helstu björgum“.

Í Dölunum og A-Hún voru starfrækt kaupfélög. Í dag hafa Dalamenn og íbúar A-Hún lítið með ýmsa þjónustu við íbúa sína að gera þar sem þjónustan er öll á hendi svo kallaðra landsdekkandi fyrirtækja eins og Samkaupa, N1, ríkisins og slíkra.

Fram hefur komið sú sýn að vont sé ef samfélag er upp á „aðra komið“. Kaupfélagið V-Hún hefur mikið vöruúrval, þjónustu og gott vöruverð og þau sem þátt tóku í rýnifundinum þar vildu meina að Dalamenn kæmu töluvert á Hvammstanga til að versla. Í V-Hún er almennt mikið meiri ánægja með vöruverð og þjónustu en á hinum tveimur svæðunum.

Í viðtali við sérfræðing í hagsögu Dalanna kom m.a. fram að skortur hafi verið á fjármagni til framkvæmda í Dölunum á nýnda áratugnum. Bankastofnunin á staðnum lánaði minna út en sem nam innleggjum heimamanna. Dalamenn hefðu þurft að reiða sig í ríkara mæli á takmarkaða lánagetu kaupfélagsins. Það kann þá þegar að hafa sett samfélaginu skorður og sett hamlandi tón sem kann að hljóma enn í hugum íbúanna. Ef rétt er þá er þetta sem lamandi hönd og hugarfar frumkvöðulsins og framkvæmdamannsins nær ekki að spíra.

Þetta gæti skýrt umsögn eins og að „þarna séu tækifæri sem enginn nýtir“ (kaflí 6.6.1) og „Dalamenn hika við framkvæmdir“ (kaflí 7.2.1).

### 3.8 FÉLAGS- OG MENNINGARSTARF

---

Af umræðum á rýnifundunum má ráða að félagslífið sé öflugast í V-Hún. Það sést m.a. á upptalningu þeirra á virkum félögum eins og kórum og slíku. Á rýnifundinum í A-Hún var að heyra að það væri e.t.v. alltaf sama fólkið sem drægi vagninn í félagsstarfinu á meðan V-Húvetningar töluðu meira um að þeir næðu að virkja fleiri. Í A-Hún töluðu viðmælendur um að erfitt hafi verið að ná saman fólki í kirkjukór eftir Covid en engar slíkar raddir heyrðust í V-Hún. Viðbragð samfélagsins í V-Hún til að koma menningarstarfinu af stað eftir Covid virðist því mun snarpara en í A-Hún og er því kannski góður vitnisburður um sterkan félagsauð í V-Hún. Þar sögðu þeir stoltir frá því að öflugt tónlistarlíf væri í sveitarfélaginu og rúmlega 70 nemendur í tónlistarskólanum sem eru lítið færri nemendur en er að finna í tónlistarskóla í Borgarbyggð sem er 3.600 íbúa sveitarfélag. A-Húvetningar nefndu það að fyrra bragði að íbúar í V-Hún væru virkari félagslega. Þegar A-Húvetningum var síðan tjáð að V-Húvetningar hefðu komið betur út úr íbúakönnun 2020 m.t.t. jákvæðni og ýmislegs annars þá virtist það ekki koma þeim á óvart. „Þeir eru miklu meiri félagsverur“, var skýring eins þátttakanda á A-Hún rýnifundinum.

Í íbúakönnuninni 2020 kom V-Hún sérstaklega vel út úr þáttum sem tengjast afþreyingu eins og margtuggið er í skýrslunni og sérstaklega fyrir konur en þær gera meiri kröfur til slíkra þátta þar sem þær búa en karlar (kaflí 7.1.1.1). Hvaða 1.200 íbúa samfélag annað en V-Hún býður reglulega upp á tíma í Afró-dansi eða hestaleikfimi fyrir börn eða heldur úti pílukastsfélagi?

### 3.9 JÁKVÆÐNI OG SAMKENND

---

A-Húnavetnski hópurinn taldi eina af skýringum góðrar útkomu V-Húnavetninga í íbúakönnuninni 2020 vera tengda meiri jákvæðni þar en í A-Hún. Það er aðeins of stutt í neikvæðina í A-Hún. Hópurinn taldi samfélagið eiga erfitt með að hrósa og að klappa hvert öðru á bakið þegar vel gengi. Telja þau jafnvel lítið sjálfstraust þvælast fyrir þeim. Sameining myndi efla það. Þau báru sig saman við Skagfirðinga og töldu þá hefja sína íbúa upp ef þeir sköruðu fram úr einhvers staðar – jafnvel brottflutta. Stungu jafnvel upp á því að sveitarfélögin beittu sér í þessu með samtali og leituðu jafnvel til brottfluttra með ráð. Fundarmenn höfðu fundið fyrir hlýhug frá brottfluttum íbúum. Þeir vilja berjast gegn öfundinni og taka upp samheldnina úr vestri og stoltið úr Skagafirðinum. Tekið skal fram að viðmælendur A-Hún voru allir bjartsýnir og til í slaginn.

Á rýnifundi Dalanna kom fram að samfélagið í V-Hún hefði tekið meðvitaða ákvörðun um að vera jákvætt samfélag og það hafi heppnast hjá þeim. Viðmælendur úr Dölunum voru reyndar hissa á því hvað Dalirnir komu neikvætt út úr könnuninni. „Kannski erum við of kröfuhörð þannig að við dæmum hart það sem miður fer,“ varð einum að orði. Þá kom fram að mögulegt væri að tímasetning könnunarinnar hafi verið óheppileg þar sem hún var framkvæmd á svipuðum tíma og Kjörbúðin varð að Krambúðinni og „mikil ólga í samfélaginu út af því“. Það er hins vegar hæpið því Dalirnir hafa áður komið svona illa út úr könnuninni en þetta passar að því leyti að vöruúrval og vöruverð komu verst út úr könnuninni í Dölunum 2020 og breytingin frá 2016 var ýktust þar.

Hins vegar kom það í ljós á rýnifundi í Dölum, líkt og í A-Hún, að þeir ættu erfitt með að klappa hver öðrum á bakið eða hrósa og að jákvæðni mætti vera meiri. Sumir viðmælendur töldu að það væri frekar vanmáttarkennd sem þvældist fyrir Dalamönnum en neikvæðni. Ýmis efnahagsleg „áföll“ gætu verið orsökkin þar og að þeir réðu ekki helstu björgum samfélagsins. Nýlegar fréttir af verkefninu DalaAuður benda til að Dalamenn gætu verið að snúa vörn í sókn hvað þetta snertir.

Af umræðum á rýnifundunum mátti ráða að fólkið í V-Hún ætti auðveldara með að samgledjast öðrum heimamönnum við velgengni en bæði fólkið í Dölunum og A-Hún.

### 3.10 SAMFÉLAGIÐ LJÓMAR

---

Á rýnifundinum í V-Hún fór mikið fyrir falletum sögum úr samfélaginu um samskipti íbúanna. Þær báru vitni um hvernig samfélagið glansar/ljómar af smitandi lífsgleði. Sambærilega jákvæðni var ekki að finna í Dölunum og A-Hún. Þá er ekki þar með sagt að þungt hafi verið yfir þeim fundum. Það var í rauninni jákvætt andrúmsloft á þeim báðum en bara ekki eins jákvætt og í V-Hún. Segja má að það hafi verið einhver mjög skýr X-factor í V-Hún sem var samt erfitt að fanga og færa í orð.

Í opnu spurningunni í íbúakönnuninni var farið mörgum orðum um kosti samfélagsins og mun oftast en á hinum tveimur stöðunum. Þar mátti finna orðin: samfélagið, fólkið, mannlífið, samheldni, vellíðan, fjölskyldan, samstaða og umhyggja. Vissulega mátti finna slík orð á hinum tveimur samanburðarsvæðunum en alls ekki jafn mörg og tíð. Gott mannlíf var þáttur í lokuðu spurningunum sem kom mjög vel út í V-Hún.

Fjöldi jákvæðra athugasemda í V-Hún í samanburði við þær neikvæðu í opnu spurningunni var af sama meiði. Rúmlega 75% allra athugasemda voru jákvæðar á meðan þetta hlutfall var 46% í Dölunum og 60% í A-Hún. Höfundur hafði gert sambærilega greiningu fyrir Vesturland allt þegar hér var komið sögu og voru sambærileg hlutföll Snæfellsness og Akraness nokkuð nálægt því sem V-Hún fékk en bæði Borgarfjarðarsvæði og Dalir komu verr út.

### 3.11 INNVIÐIR, EIGNARHALD, DJÖRFUNG OG ÞOR

---

Í viðtölum og á rýnifundum kom fram að djörfung og þor Dalamanna gæti verið meira þegar kæmi að framkvæmdum á staðnum, byggingu íbúða og á sviði atvinnumála og innviða. Kannski er aðhald í rekstri sveitarfélagsins af sama meiddi þó svo oftast sé það tengt ráðdeild. Þarna hefur þó verið bent á að Dalamenn ættu ekki lengur stærstu fyrirtæki sem þar væru í rekstri. Einnig að nauðsynlega innviði vantaði til að viðskiptahugmyndir gengju upp. Færð hafa verið rök fyrir því að langvarandi tilvist eins stórs atvinnurekanda í tilteknu samfélagi, eins og t.d. kaupfélags, hafi slævt frumkvæðið á staðnum (Gaspar, 2017) þó svo að vissulega hafi sést rök fyrir því að markaðsráðandi staða eins fyrirtækis geti ýtt undir frumkvæði ef rétt er á málum haldið (McKenzie & Lee, 2008). Hið fyrri kann að hafa verið tilfellið ef marka má viðmælendur. Að auki skal það undirstrikað að kaupfélagið á Hvammstanga virðist aldrei hafa orðið eins einrátt og þau í Dölunum og á Blönduósi þar sem Verslun Sigurðar Pálmarssonar veitti því samkeppni og Vöruhús Hvammstanga síðar í tæplega 80 ár. Ásamt því að stuðla að frekari að nýsköpun í samfélaginu, hefur það haldið fyrirtækjum á tánum meðan samkeppni ríkti, haldið vöruverði niðri og viðhaldið ákveðinni auðmýkt og þjónustulund. Það getur hafa mótað samfélagið til lengri tíma þannig að enn sé það hluti af þeim bæjarbrag sem komst þá á.

Frumstæð greining á atvinnulífi þessara staða rennir ekki stoðum að öllu leyti undir þessa tilgátu (kafla 6.7). Fjölbreytt atvinnustarfsemi virðist hafa þrífist í A-Hún (einkum á Blönduósi) við hliðina á sterku kaupfélagi en í Dölunum benda tölurnar frekar til að fjölbreytni í atvinnulífinu hafi aukist eftir að kaupfélagið hætti starfsemi þar, þrátt fyrir fækkun íbúanna (kafla 6.7).

Þá kom það bæði fram á rýnifundunum og í íbúakönnun að innviðirnir hefti möguleika til atvinnuuppbyggingar og búsetu í Dölunum. Nettengingar eru mjög góðar í dreifbýli en vegir, skortur á þriggja fasa rafmagni og farsímasamband standa sóknargetu Dalamanna fyrir þrifum.

## 4 MÖGULEGUR LÆRDÓMUR

---

Af niðurstöðunum rannsóknarinnar má ráða að það eru einkum fimm atriði sem hugsanlega mætti læra af:

1. Sameining sveitarfélaga og/eða samfélaga er mikilvæg. Það eins og sameining sveitarfélaga í V-Hún hafi verið vel heppnuð og heyra má á íbúunum að þeir eru mjög sáttir við útkomuna, telja hana hafa verið forsendu fyrir þeirri góðu stöðu sem samfélagið hefur en telja frekari sameiningar ekki verða til bóta. A-Hún er ósameinað og á vissan hátt ekki einsleitt samfélag og segja má að sameining Dalanna sé ekki yfirstaðin þó svo hún sé það að forminu til.
2. Stöðugleiki getur verið keppikefli því vísbendingar komu fram um að áföll í atvinnulífi A-Hún og Dalanna sitji ennþá í þeim samfélögum. Ekki var hægt að benda á hagfellda íbúaþróun í V-Hún umfram bæði A-Hún og Dali heldur fólst munurinn að þessu leyti í því að þeir höfðu ekki lent í sambærilegum áföllum og hin tvö í atvinnulífinu. Hið opinbera ætti því að hugsa sig tvisvar um áður en það lokar stórum vinnustað, hvernig það er gert og unnið er úr því eða hverskonar mótvægisáðgerðir er ráðist í.
3. Jöfnuður á vinnumarkaði virðist skipta máli. Samanburður á launum eða atvinnuleysi milli landsvæða virðist vera minna vandamál en samanburður á kjörum fólks innan svæða. Í V-Hún hefur verið mikil ánægja og meiri en í A-Hún og Dölunum hvað varðar stöðu vinnumarkaðarins jafnvel þó þar séu ekki hæstu launin eða minnsta atvinnuleysið. Munurinn innan svæðis og einkum milli kynja er yfirleitt minnstur.
4. Ýmislegt bendir til að óheppilegt sé fyrir samfélög að missa yfirráð yfir helstu björgum samfélagsins. „Landsvæðing“ ýmissa fyrirtækja virðist í einhverjum tilvikum geta unnið gegn þeim. Kanna þyrfti hvort viðkomandi fyrirtæki séu tilbúin til að koma til móts við þarfir og óskir „heimamanna“. Mikil og aukin ánægja er með vöru- og þjónustumarkaðinn í V-Hún í samanburði við A-Hún og Dalina. Þar er verslun Kaupfélagsins burðarásinn á því sviði og virðist leggja sig fram um að sinna heimamönnum vel.
5. Hægt er að ná árangri með velferð íbúa í hinum dreifðu byggðum með því að vinna með hugarfar íbúanna. Ljóst er á þessum samanburði að það er einhver stór óútskýrður þáttur sem trúlega hefur með jákvætt hugarfar íbúa að gera. Ein birtingarmynd þess er ríkt menningarlíf í V-Hún og ánægja heimamanna með það í samanburði við hin tvö landsvæðin.



## 5 AÐFERÐIR OG GÖGN

---

### 5.1 LOKAÐAR SPURNINGAR

---

Þessari rannsókn er ætlað að varpa frekara ljósi á útkomu þriggja landshluta úr íbúakönnun 2020 og byggist niðurstaða hennar á túlkun lokaðrar spurningar um 40 þætti búsetuskilyrða. Byrjað verður á því að rifja upp útkomuna úr þeirri greiningu og brugðið upp nýrri útgáfu þeirrar greiningar þar sem Dalir og A-Hún verða borin saman við V-Hún í þeirri viðleitni að draga mögulega fram einhverjar nýjar upplýsingar. Að öðru leyti verður vitnað í niðurstöður íbúakönnunarinnar 2020 eftir því sem þurfa þykir. Alla umfjöllun um aðferðir við gagnaöflun er að finna í sérstakri aðferðafræðilegri umfjöllun íbúakönnunarinnar 2020 (Vífill Karlsson, 2021).

Svæðin sem til eru til skoðunar hér eru V-Hún, A-Hún og Dalir. Svæðin innihalda eftirfarandi sveitarfélög:

- V-Hún er Húnaþing vestra.
- A-Hún er Blönduósþing, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð og Húnavatnshreppur.
- Dalirnir markast síðan af Dalabyggð einni.

Ýmsar frekari upplýsingar um þessi svæði má finna í umfjöllun íbúakannanna.

### 5.2 OPIN SPURNING

---

Greiningin á opinni spurningu byggir á gögnum sem koma úr íbúakönnunum landshlutanna frá árunum 2016 og 2020. Nánar má lesa um gögn könnunarinnar frá 2016 og gæði þeirra í sérstökum skýrslum um þær (V. Karlsson, 2018).

Í könnunum var eftirfarandi spurning lögð fyrir (kölluð spurning 1 hér):

*Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð í?*

Þetta var lokuð spurning þar sem þátttakendur gátu merkt við sjö möguleika: 7) að öllu leyti jákvætt 6) mjög jákvætt 5) frekar jákvætt 4) hvorki né 3) frekar neikvætt 2) mjög neikvætt 1) að öllu leyti neikvætt. Svörin við spurningunni í öllum landshlutum má sjá hér tilgreind í meðaltali þar sem unnið var með tölugildin sem stóðu við valmöguleikana hér á undan (Mynd 5.1).


Niðurstaða úr spurningunni var ólík á milli þessara þriggja svæða. Af 24 svæðum höfnuðu Dalirnir í neðsta sæti, A-Hún í fjórða neðsta og V-Hún í sjötta efsta sæti. Athygli vekur samt að Dalirnir voru eina landsvæðið sem skar sig marktækt úr hópnum.

Strax á eftir spurningu 1 kom eftirfarandi spurning (kölluð spurning 2 hér):

*Hver eða hverjar eru helstu ástæður fyrir viðhorfi þínu í spurningunni á undan?*

Þetta var opin spurning og svörin því ákaflega misjöfn frá einum þátttakanda til annars. Hér verður unnið úr seinni spurningunni (spurning 2) en úrvinnslan byggir á þeirri fyrri (spurning 1) með eftirfarandi hætti: Fyrst voru svör spurningar 2 (þeirrar opnu) flokkuð í neikvæð og jákvæð eftir því hvernig þeir svöruðu spurningu 1. Svo voru opnu svör (spurningar 2) þeirra sem svöruðu neikvætt í spurningu 1 („frekar neikvætt“, „mjög neikvætt“ og „að öllu leyti neikvætt“) sjálfkrafa flokkuð sem tjáning á óánægju í garð

sveitarfélagsins og kallaðir gallar þess. Að lokum voru svör hinna flokkuð sem tjáning um ánægju og kallaðir kostir sveitarfélagsins.



Mynd 5.1: Viðhorf þátttakanda til sveitarfélagsins sem hann býr í (spurning 1)

Gögn Íbúakönnunar landshlutanna 2020

Við lestur á opnu svörum kom oft í ljós að þessi flokkun á kostum og göllum stóðst ekki alveg og þá voru gerðar leiðréttingar. Stundum voru þátttakendur að lýsa göllum þó þeir hafi verið að gefa sveitarfélaginu góða einkunn í spurningu 1 svona til að útskýra hvers vegna þeir gáfu ekki sveitarfélaginu sína bestu einkunn. Gallarnir voru því taldir með „göllumum“ í greiningunni. Þá voru nokkur tilfelli þar sem sami þátttakandi lýsti bæði kostum og göllum sem kallaði líka á leiðréttingar í flokkun. Túlkun á spurningu 2 þarf því að vera með hliðsjón af þeirri einkunn sem svæðið fékk í spurningu 1. Öll tjáning var tekin með í þeirri viðleitni til að fá betri tilfinningu fyrir kostum og göllum svæðanna en lokaðar spurningar gáfu til kynna. Að lokum var umsögnum hvers svæðis stillt upp í tveimur myndum (orðaský): Ein fyrir kosti og önnur fyrir galla.

Tvær greiningar voru unnar upp úr svörum við opnu spurningunni; fjölórðagreining og fimmórðagreining.

### 5.2.1 FJÖLÓRÐAGREINING

Í fjölórðagreiningunni var hvert orð látið halda sér sem næst upprunalega textanum sem þátttakandi notaði. Lágmarksbreyting fólst í því að breyta orði úr aukafalli yfir í nefnifall. Mest var breytingin þegar þátttakandi lýsti í löngu máli einhverju sem mátti lýsa með einu eða fáeinum orðum.

Í yfirlitstöflu yfir gögn spurningar 2 (Tafla 5.1) er að finna ýmsar áhugaverðar upplýsingar sem eru í senn gott yfirlit yfir svörin og gagnleg til greiningarinnar líka. Yfirlitið var gert eftir leiðréttingarnar sem nefndar

voru hér að framan. Í skýringum töflunnar er að finna stutta lýsingu á þeim upplýsingum sem þar er að finna. Nú verða tekin nokkur dæmi um hvernig lesa má úr þeim.

Á yfirlitinu sjáum við m.a. að flestir gera athugasemdir í A-Hún (259) en þar eru líka flestir íbúarnir (1.869). Þar komu fram 472 athugasemdir; 283 vegna kosta svæðisins og 189 vegna galla þess.

Vegna kostanna voru athugasemdir á íbúa lang flestar í V-Hún, 25% en vegna gallanna voru þær hlutfallslega flestar í Dölum. Dalir voru eina svæðið þar sem fleiri athugasemdir komu vegna galla en vegna kosta. Óvenju margir tjá sig í Dölum (16,7% um kosta og 12,4% um galla) borið saman við önnur svæði en þegar kemur að kostunum þá voru það hlutfallslega flestir sem tjáðu sig í V-Hún. Smæð samfélaga eða fámenni geta haft eitthvað um það að segja en í svona könnunum er fólk í fámennari samfélögum viljugra til að taka þátt og tjá sig en í fjölmennari samfélögum, óháð því hvort því liggir eitthvað meira á hjarta eða hvort það er jákvætt eða neikvætt. Það er eins og samkenndin geti verið meiri í smærri samfélögum en þeim stærri og að þar taki menn jafnvel meiri ábyrgð á samfélagslegum málum. Í þessu samhengi er þá líka áhugavert að sjá að hlutfallslega fæstir tjá sig um galla síns samfélags í V-Hún eða 5,3%.

Dálkurinn "þátttakendur á orð" (F) gefur vísbendingar um hversu margir þátttakendur standa á bakvið hvert orð sem nýtt var til að fanga merkingu athugasemdar. Hærrí tala bendir til að samfélagið sé meira sammála um þá lýsingu sem dregin var upp myndrænt og sýnd verður hér á eftir í orðaskýi. Samkvæmt þessum tölum eru þátttakendur mest sammála um ágæti V-Hún (2,8) en mest ósammála um lesti Dalanna og V-Hún (0,7).

**Tafla 5.1: Yfirlit svara við opnu spurningunni.**  
Gögn íbúakönnunar landshlutanna 2016 og 2020 fyrir Vesturland.

Svæði	Kostir og gallar	A Fjöldi þátttakenda	B Orð	C Athugasemdir	D Íbúafjöldi, eldri en 18 ára	E Athugasemdir á íbúa	F Þátttakendur á orð	G Athugasemdir á þátttakendur	H Þátttakendur á íbúa
A-Hún	Kostir	155	73	283	1419	15%	2,1	1,8	10,9%
	Gallar	104	73	189	1419	10%	1,4	1,8	7,3%
Dalir	Kostir	85	44	132	510	20%	1,9	1,6	16,7%
	Gallar	63	90	153	510	23%	0,7	2,4	12,4%
V-Hún	Kostir	176	63	301	930	25%	2,8	1,7	18,9%
	Gallar	49	70	94	930	8%	0,7	1,9	5,3%

Skýringar: **A)** Fjöldi þátttakenda sem svöruðu opnu spurningunni. **B)** Fjöldi orða eða athugasemda sem kom fyrir sem lýsing á ummælum. **C)** Fjöldi athugasemda í heildina talið. **D)** Meðaltals íbúafjöldi á árunum 2016 og 2020. **E)** Fjöldi athugasemda á hvern íbúa. Reiknað sem  $E = C/D$ . **F)** Hversu margir aðilar eru að jafnaði á bak við hvert orð/athugasemd. Gefur til kynna hversu oft hvert orð var talið að jafnaði og er vísbending um hversu sammála menn voru um þær athugasemdir sem komu fram. Reiknað sem  $F = A/B$ . **G)** Fjöldi athugasemda að jafnaði á hvern þátttakanda í könnuninni. Gefur vísbendingar um hversu mörg atriði þátttakendur tóku fram annað hvort sem óánægju (galla) eða ánægju (kosti) í garð sveitarfélagsins. Reiknað  $G = C/A$ . **H)** Fjöldi þátttakenda á íbúa er einskona svarhlutfall því þar er íbúafjöldi viðkomandi svæða deilt upp í fjölda þátttakenda sem tjá sig í opnu spurningunni. Reiknað  $H = A/D$ .

Athugasemdir á þátttakendur (G) gefa vísbendingar um hversu margar athugasemdir hver þátttakandi þurfti að gera um kosta og galla síns sveitarfélags. Það getur gefið til kynna hversu miklir kostir og gallar

sveitarfélagsins eru ef athugasemdirnar eru mjög margar. Á þessu sjáum við t.d. að gallarnir eru mestir í Dölunum (2,4). Aðrar niðurstöður eru mjög svipaðar eða á bilinu 1,6-1,9.

### 5.2.2 FIMMORÐAGREINING

Í fimmorðagreiningunni var tilraun gerð til að „þvinga“ allar athugasemdir inn í fimm lykilorð. Þau voru atvinnumál, huglægt, innviðir, stjórnsýsla, þjónusta (Mynd 7.13). Þær athugasemdir sem komust ekki inn í þessi fimm voru sett í annað til að sjá hversu stórar athugasemdirnar voru af heildinni. Lykilorðin eru öll nokkuð lýsandi nema kannski helst „huglægt“. Með „huglægu“ var átt við þætti sem tengdust gleði, hamingju, góðu mannlífi í tilfelli kosta en flokkadráttum, klíkumyndun og einhverskonar óhamingju í tilfelli gallanna.

### 5.3 RÝNIFUNDIR

Haldnir voru rýnifundir á öllum landsvæðunum. Um var að ræða hálfstýrt samtal við 8-11 manna hóp á viðkomandi svæðum. Viðtölin eru endursögð hér síðar í skýrslunni. Fyrst var endursögnin send þátttakendum og þeir spurðir hvort þeir hefðu eitthvað á móti því að birta hana. Þeim var einnig boðið að gera athugasemdir við innihaldið. Efni endursagnarinnar var síðan notað til að styðja við aðrar greiningar en einnig til að leita nýrra gagna til greiningar.

Horft var til eftirfarandi þátta við val á fólki í rýnihópum til að endurspegla íbúasamsetningu samfélaganna og til að sem flest sjónarmið samfélagsins kæmu fram: aldur, þjóðerni, kyn, menntun, félagsleg virkni, búseta (dreifbýli, þéttbýli), atvinnugrein o.fl, nánar:

- Aldur: ungir (26-35 ára), miðaldur, eldri borgarar (>67 ára).
- Þjóðerni: a.m.k. 1 Pólverji og a.m.k. 1 innflytjandi af öðru þjóðerni.
- Kyn: karl, kona, annað.
- Menntun: ófaglærðir, fólk með iðnmenntun og háskólafólk.
- Félagsleg virkni: ungmennafélag, kvenfélag, líknarfélög (Lions, Kiwanis), Rauði krossinn, slysavarnarfélög/þjörgunarsveitir.
- Atvinnugreinar: sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður, ferðaþjónusta, skapandi greinar og aðrar greinar.
- A.m.k. einn forsvarsmaður úr atvinnulífinu.
- Góð dreifing milli sveitarfélaga. Það á eingöngu við A-Hún. Hin tvö eru eitt sveitarfélag.
- Ekki pólitísk slagsíða.
- Bæði búið lengi og stutt á staðnum. Ekki verra ef viðkomandi hefur búið á öllum eða tveimur svæðanna.

Nokkuð vel tókst að mæta þessum viðmiðum. Helstu gallarnir voru að aðeins einn innflytjandi var með í hverjum hópi og aldrei neinn af pólskum uppruna.

Í fundarboðinu til Dalamanna stóð eftirfarandi og tilsvarendi var sent á þátttakendur hinna svæðanna. Bréfið var fyrst sent þegar þátttakendalistinn lá fyrir og síðan aftur degi fyrir fundinn:

Góðan dag.

Þakka þér fyrir þiggja fundarboð með mér og Sigurborgu Kr. Hannesdóttur á morgun. Fundað er um byggðamál og stöðu þinnar byggðar sérstaklega. Fundurinn er hluti af rannsókn sem við erum að vinna um þrjár byggðir á Norður- og Vesturlandi.

Á fundinum er gert ráð fyrir að verði um 10 manns, auk okkar Sigurborgar. Við leituum eftir ábendingum um þátttakendur hjá SSV og nafnið þitt er á þeim lista.

Fundurinn verður haldinn í Leifsbúð, Búðardal. Hann hefst kl. 17 og lýkur í síðasta lagi kl. 20.30. Boðið er upp á kaffisopa við upphaf fundar og kvöldmat um kl. 19.

## **NÁNAR**

### **Viðfangsefni**

Tilgangur fundarins er að heyra í þátttakendum og eiga óformlegt samtal um ýmislegt sem fram kom í niðurstöðum íbúakönnunar landshlutanna ([SMELLIÐ HÉR TIL AÐ OPNA HANA](#)), varðandi ánægju og óánægju íbúa á tilteknum svæðum. Sjónum verður fyrst og fremst beint að þínu svæði (kallað Dalir í skýrslunni), en áður en fundinum lýkur verður horft til fleiri svæða, með samanburð í huga.

### **Fundurinn**

Eins og fram hefur komið verður þetta óformlegt samtal, um ýmis atriði sem hafa áhrif á hvernig íbúar líta á sitt byggðarlag. Verið er að leita eftir persónulegum skoðunum þeirra sem taka þátt í fundinum.

Fundurinn verður tekinn upp, en upptökum verður eytt um leið og úrvinnslu lýkur.

### **Úrvinnsla**

Úrvinnsla á þeim upplýsingum sem fram koma á fundinum verður þannig að þær verða nýttar til að auka skilning á upplýsingum sem komið hafa fram í íbúakönnun landshlutanna hingað til. Fjallað verður um megin skilaboð rýnifunda í skýrslu um niðurstöður íbúakönnunarinnar á nokkrum svæðum. Rýnifundirnir gefa þannig ítarefni, en uppistaðan í skýrslunni er úr könnuninni. Rannsóknin hefur hlotið heitið “Margur er knár”.

### **Þátttakendur**

Stefnt er að því að þátttakendur verði u.þ.b. 10, auk okkar skipuleggjendanna.

Hópurinn er valinn með það að leiðarljósi að ná fram sem bestum þverskurði af samfélaginu m.t.t. aldurs, uppruna, kynja, stöðu á vinnumarkaði og annarra slíkra atriða sem skipta máli.

Nöfn þátttakenda verða ekki tilgreind í rannsóknarskýrslunni, eða þegar vísað er til efnis af fundinum.

### **Fundir á öðrum stöðum**

Til upplýsinga má geta þess að þetta er einn fundur af þremur, hinir verða annars vegar í A-Hún. og hins vegar í V-Hún.

### **Frekari upplýsingar**

Ef þú þarfnast frekari upplýsinga, þá er velkomið að hafa samband með því að hringja eða senda tölvupóst.

Stjórnendur fylgdu þeirri forskrift sem að ofan er tíunduð. Fundirnir voru almennt þannig uppbyggðir að fyrst kynntu þátttakendur sig og sögðu m.a. frá hversu lengi þeir hefðu búið í sveitarfélaginu. Síðan var kallað eftir almennum sjónarmiðum fólks um svæðið, bæði hvað væri gott og vont. Um miðjan fund var þátttakendum tjáð meira um forsendur fundarins og þar sagt að við værum að bera þrjú svæði saman og eitt þeirra kæmi mun betur út en hin og þeir beðnir um mögulegar skýringar frá eigin brjósti. Síðan spunnust umræður um þær á seinni hluta fundarins. Fundarstjórar gátu síðan skotið inn spurningum en reynt var að hafa þær í lágmarki. Þannig réðu fundargestir að mestu ferðinni í umræðum og afrakstur fundanna því að nokkru leyti ólíkur milli svæða.


Fundirnir voru haldnir 4. apríl 2022 í Dölunum, 17. maí í V-Hún og 18. maí í A-Hún. Þátttakendur voru á bilinu 8-10 á hverjum stað.

## 6 VIÐFANGSEFNIÐ

Viðfangsefni rannsóknarinnar eru landsvæðin Dalir, V-Hún og A-Hún. Dalir og V-Hún telja eitt sveitarfélag hvert um sig en A-Hún fjögur. Það eru Blönduósþéttbýlið, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð og Húnavatnshreppur.

### 6.1 ÍBÚAÞRÓUN LANDSVÆÐANNA

Þegar íbúáþróun þessara svæða á þessari öld er skoðuð kemur í ljós að fækkunin er hlutfallslega mest í Dölunum (18%), þá A-Hún (16%) og síst í V-Hún (9%) (Mynd 6.1). Innan A-Hún hefur hún verið mest 27% í Húnavatnshreppi, þá 24% í Sveitarfélaginu Skagaströnd, 10% í Skagabyggð og 5% í Blönduósþéttbýli. Sé þróunin skoðuð frá upphafi 9. áratugarins fram til 2022 (1982-2022) þá verður þessi munur ennþá meira áberandi þar sem fækkunin var 44% í Dölunum en 22% í V-Hún og 28% í A-Hún. Ástæða þess að þetta tímabil er skoðað er sú að íbúáþróun á landsbyggðinni var sérstaklega óhagstæð tvo síðustu áratugi 20. aldarinnar og það gjarnan rakið til breytts rekstrarumhverfis í landbúnaði og sjávarútvegi (Vífill Karlsson, 2012, bls. 13).



Mynd 6.1: Íbúar Dala, V-Hún og A-Hún 1971-2022.


Tölur Hagstofu Íslands.

Þegar borin var saman íbúáþróun fyrsta og annars áratugar þessarar aldar, kom í ljós að hún er hagfelldari á öðrum áratugnum. Minnstur var sá munur í Dölunum þar sem þróunin fór úr því að vera neikvæð upp á 10% á fyrsta áratugnum yfir í að vera -8% (Tafla 6.1). Hagfelldust var hún á öðrum áratugnum í V-Hún upp á 0%.

Tafla 6.1: Íbúáþróun fyrsta og annan áratug tuttugustu aldarinnar í Dölum, V-Hún og A-Hún.

Tímabil	Dalir	V-Hún	A-Hún
2000-2010	-10%	-9%	-13%
2010-2020	-8%	0%	-3%

Breytingin á milli þessara tveggja áratuga tímabila (Tafla 6.1) er því minnst í Dölunum, en hún er hagfelld þar sem hún fer úr því að vera -10% í -8%. Það er tveggja prósentustiga breyting til batnaðar. Í V-Hún er níu prósentustiga breyting til batnaðar en tíu í A-Hún. Hins vegar er íbúabróunin í V-Hún heppilegust á tímabilinu 2011-2020 þar sem hún var í jafnvægi (0%) en á báðum hinum stöðunum hafði hún verið neikvæð og á báðum tímabilum.



**Mynd 6.2: Íbúar Dalasýslu, V-Húnvatnssýslu og A-Húnvatnssýslu 1703-2020.**

Tölur Hagstofu Íslands. Tölurnar fyrir Dalasýslu og V-Húnvatnssýslu árin 2000, 2010 og 2020 eru hærri sem nemur fjöldanum í fyrrum Skógarstrandarhreppi og Bæjarhreppi á Ströndum.

Gott er líka að geta séð íbúabróun yfir mun lengra tímabil en á myndinni hér á undan. Tölur yfir slíka þróun, brotnar upp eftir sýslum, eru til frá 1703 hérlendis. Þær eru ekki fyllilega sambærilegar þeim svæðum sem eru til skoðunar í þessari skýrslu að A-Húnvatnssýslu undanskilinni. Í Dalasýslu vantar Skógarstrandarhrepp til að geta verið nákvæmlega eins og Dalir í þessari skýrslu og í V-Húnvatnssýslu vantar Bæjarhrepp á Ströndum. Vísbindingar þessara talna eru samt áhugaverðar og þær því settar hér fram til skoðunar.

Megin túlkun þessarar þróunar er sú að Húnvatnssýslurnar tvær þróast með svipuðum hætti allan tímann á meðan Dalasýsla þróast með mun óhagfelldari hætti. Dalasýsla fer úr því að vera fjölmennust yfir í það að vera fámennust. Samt fækkaði hlutfallslega minnst þar á árunum í kringum vesturferðirnar<sup>1</sup>, einkum ef horft er til breytingarinnar á milli manntalanna 1880 og 1890. Þá fækkaði um 452 í Dalasýslu, úr 2.377 eða um 19,0%, á meðan fækkunin var 554 íbúar í V-Húnvatnssýslu, úr 2.148 (25,8%), og 692 íbúar í A-Húnvatnssýslu, úr 2.828 (24,4%). Þó skal það undirstrikað að þróunin í A-Húnvatnssýslu hefur verið nokkuð hagfelldari en í V-Húnvatnssýslu eins og sjá má á muninum á þeim í upphafi sem var 38% en 53% í lokin<sup>2</sup>. Það sem aðallega skilur á milli Dalasýslu og hinna tveggja sýslanna er að hún tapar íbúum á milli 1703 og 1801 auk þess sem fjölgunin sem varð eftir það var mun hægari í Dölunum. Þá varð fjölgunin upp úr 1890 mjög skammvinn í Dölunum og snérist fljótt upp í fækkun árið 1901 á meðan fjölgun hélt áfram í

<sup>1</sup> Tímabil vesturfara var mest á árunum 1870-1914. Innan þess fóru hlutfallslega flestir á milli árunna 1880 og 1890. Utan þess fóru flestir árið 1876 og 1893, 1900 og 1903.


<sup>2</sup> Einnig á niðurstöðum leitnilfnunnar á exponential formi.



Húnavatnssýslunum fram til 1920. Ekki er auðvelt að skýra þennan mun þar sem ætla má að samfélögin hafi verið mjög áþekkt á þessum tíma, bundin landbúnaði nánnum böndum. Ein tilgátan væri nálægð Dalasýslu við sjávarbyggðir við Breiðafjörðinn og samkeppnin um íbúana eftir að þéttbýlismyndun tók undir sig stökk á Íslandi í lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu (Vífill Karlsson, 2012). Kenningar um búferlaflutninga, sérstaklega þyngdarlögmálslíkanið, kveða á um að nálægð á milli byggðarlaga magni þá (Greenwood & Hunt, 2003). Sama skýring gæti verið uppi á teningnum þegar kemur að þróuninni milli 1703 og 1801 ef það fjölgaði í nálægum þéttbýliskjörnum eins og t.a.m. Flatey, Stykkishólmi og e.t.v. Ólafsvík. Það er þó alls ekki víst því vísbendingar sem er að finna um íbúapróun í fiskiþorpum á milli þessara ára benda frekar til fækkunar á milli 1703 og 1801 en fjölgunar ef skoðaðar eru tölur seinna, t.d. frá 1769 og 1801. Tekið skal fram að tölur um þetta eru fátæklegar<sup>3</sup>.

## 6.2 ÍBÚAÞRÓUN Í DREIFBÝLI OG ÞÉTTBÝLI

Laugarbakki, Hvammstangi, Blönduós, Skagaströnd og Búðardalur eru þéttbýlisstaðir tilheyrandi landshluta. Þéttbýli Dalabyggðar er Búðadalur. Í V-Hún eru það Hvammstangi og Laugarbakki en í A-Hún er Blönduós og Skagaströnd að finna.



Mynd 6.3: Íbúar þéttbýlisstaða í Dölum, V-Hún og A-Hún 2001-2022.

Tölur Hagstofu Íslands.


<sup>3</sup> Í manntalinu 1703 voru 297 íbúar í Flateyjarhreppi en árið 1816 voru þeir 330 í Flateyjarþókn. Í manntali árið 1850 voru 440 íbúar í Flateyjarþókn. Í Flateyjarhreppi töldust 249 íbúar árið 1901 en voru flestir 549 árið 1960. Á 20. öldinni var bara litið til íbúafjölda á hverjum áratug (Jónsson & Magnússon, 1997, bls. 87). Höfundur þekkir ekki muninn á sókn og hreppi á þessum tíma. Árið 1703 voru 567 íbúar í Helgafellssveit en 371 voru í Helgafellssókn árið 1835. Í Ólafsvík voru 77 íbúar 1703, aðeins 92 árið 1801 en 158 árið 1840 en síðan fjölgaði þar ekki mikið fyrr en 1890 þegar íbúar voru orðnir 255 (Gunnlaugsson, 1987, bls. 49-51). Í Stykkishólmi voru íbúar rúmlega 100 árið 1845 en fjölgaði ekki að ráði fyrr en eftir 1865 fram til næstu aldamóta (Ásgeirsson, 1997, bls. 18). Í sögu Ólafsvíkur er sagt frá því að í Móðuharðindunum sem geisuðu 1784 og 1785 hafi íbúum fækkað á Íslandi niður í 38.000 og að fjöldi fólks hafi flúið til landsvæða sem voru lífvænlegri. Voru Breiðafjörður og Breiðafjarðareyjar nefndar sem dæmi í því sambandi. Samt fækkaði fólki mest á Vesturlandi á milli árunna 1703 og 1801 á meðan fólki fjölgaði á Norðurlandi vestra. Innan Vesturlands var fækkunin hvergi meiri en í Snæfellsnessýslu en minni í Dalasýslu (Jónsson & Magnússon, 1997, bls. 86). Stórar sagnfræðilegar upplýsingar vantar því til að skýra þessa íbúapróun á milli árunna 1703 og 1801.

Atvinnulíf í Búðardal hefur hverfst um þjónustu við landbúnað og ferðamenn. Það sama má segja um Blönduós á meðan Hvammstangi og Skagaströnd hafa þjónustað bæði landbúnað og sjávarútveg en sjávarútvegur hefur samt haft minna vægi á Hvammstanga en Skagaströnd. Ferðaþjónusta hefur komið meira til í seinni tíð á öllum þessum stöðum. Reyndar má segja að Blönduós hafi þjónustað ferðamenn lengst af þessum þéttbýlisstöðum. Laugarbakki er fámennur staður en hverfist að mestu um þjónustu við ferðamenn nú orðið, með hótél og litla verslun.

Búseta í Búðardal hefur staðið nokkurn veginn í stað það sem af er öldinni. Þar bjuggu nærri jafn margir árið 2022 og 2001 eða 256 (Mynd 6.3). Flestir voru íbúarnir 276 árið 2015 og heilt yfir voru að jafnaði fleiri íbúar seinni hluta tímabilsins en fyrri hlutann.

Á Laugarbakka bjuggu 71 íbúi við árpúsundaskiptin. Flestir voru þeir árið 2003, eða 74, en fór upp úr því fækkandi og urðu færri en 50 árið 2009. Talningu á Laugarbakka sem þéttbýli var hætt árið 2014 þegar íbúar voru 45 talsins (Mynd 6.3). Á Hvammstanga hefur íbúum fjölgað á tímabilinu þó svo að íbúatalan hafi staðið í stað fyrstu árin og fram til 2008. Þá fækkaði þeim nokkuð stöðugt fram til 2016 er þeim tók að fjölga á ný. Síðan hefur þeim fjölgað en nú gæti einhverjum mörkum verið náð sem erfitt er að rjúfa nema að byggt verði meira af íbúðum eins og kemur betur fram síðar í endursögn rýnifundarins.

Blönduós bjó við stöðuga íbúafækkun fram til ársins 2015 en þá fór íbúum að fjölga, fyrst hægt en síðan hraðar 2017 og 2018 en hefur síðan staðið í stað (Mynd 6.3). Á Skagaströnd hefur íbúum fækkað nánast stöðugt allt tímabilið en hefur þó fjölgað lítið eitt frá 2019. Innflytjendum fjölgaði nokkuð árið 2019 í A-Hún þegar þeir fóru úr 8% í 11% af heildarfjölda íbúa (Mynd 6.12).



Mynd 6.4: Íbúar þéttbýlisstaða í Dölum, V-Hún og A-Hún 1890-2022.


Tölur Hagstofu Íslands.

Jákvæða íbúapróun er að sjá á öllum þessum þéttbýlisstöðum nema á Laugarbakka (Mynd 6.3). Erfitt er að greina hver raunveruleg þróun hefur verið þar eftir að talningu var hætt. Um alla hina staðina má segja að íbúapróunin hafi verið jákvæð á seinni hluta tímabilsins, jafnvel þó svo að fækkun hafi átt sér stað á

Blönduósi og Skagaströnd á fyrsta og síðasta ári viðkomandi tímabils og staðið í stað í Búðardal. Sé eingöngu horft til fyrsta og síðasta árs viðkomandi tímabils, 2001 – 2022, þá fækkaði íbúum um 21,5% á Skagaströnd, 6,8% á Blönduósi og 0,8% í Búðardal (eða nærri 0%) en fjölgaði um 7,2% á Hvammstanga. Frá miðju tímabilinu fækkaði eingöngu á Skagaströnd um 5,6% en fjölgaði í Búðardal um 2,0%, á Blönduósi um 5,8% og um 14,0% á Hvammstanga. Sé íbúapróunin skoðuð frá því ári sem íbúarnir voru fæstir á tímabilinu fram til ársins 2022 þá fjölgaði á öllum stöðum, minnst þó á Skagaströnd um 6,3%, þá í Búðardal um 7,6%, síðan 8,5% á Blönduósi og 15,5% á Hvammstanga. Innan hvers þéttbýlis voru íbúarnir fæstir á Hvammstanga og á Blönduósi árið 2015, árið 2019 á Skagaströnd og 2007 í Búðardal. Það er því alls staðar að finna jákvæð teikn nema á Laugarbakka.

Sé horft yfir lengra tímabil, líkt og gert var fyrir svæðin í heild, sést að flestir þessara þéttbýlisstaða voru fjölmennastir snemma á 9. áratugnum eða um miðbik hans. Fjölgunin var hröðust á 7. og 8. áratugnum. Ef miðað er við ár hvers þéttbýliskjarna þar sem hann var fjölmennastur þá hafði íbúum fækkað um 21,7% í Búðardal árið 2022, um 11,2% á Hvammstanga, 23,0% á Blönduósi og 32,6% á Skagaströnd. Íbúarnir voru flestir 103 á Laugarbakka og höfðu því rúmlega helmingast (50%) þegar talningu var hætt þar 2014.

Þegar skoðað var hversu margir íbúar svæðanna bjuggu í þéttbýli, sem hlutfall af heildinni árið 2020, kom í ljós að fæstir bjuggu í þéttbýli í Dölunum, þá V-Hún en flestir í A-Hún. Það var gert með því að reikna fjölda þeirra sem bjuggu í þéttbýli í viðkomandi sveitarfélögum og deila í með heildarfjölda íbúanna. Þetta var gert fyrir tvo fyrstu áratugi 21. aldar (Mynd 6.5). Hins vegar fjölgaði meira í þéttbýli en dreifbýli Dalanna á tímabilinu. Það sést þegar reiknuð er hlutfallsleg breyting á vægi þéttbýlis á tímabilinu (tölustafir hægra megin við línur viðkomandi landshluta). Það gerðist líka í V-Hún en hlutfallslega ekki eins mikið, eða 14%, en 21% Dölunum og aðeins 3% í A-Hún.



Mynd 6.5: Hlutfall þéttbýlis í Dölum, V-Hún og A-Hún 2000-2021.

Tölur Hagstofu Íslands.

Hlutfall þéttbýlis hefur hækkað í öllum þessum landshlutum og frekar jafnt á milli tímabilanna sem til skoðunar voru (Tafla 6.2). Próunin var hlutfallslega hraðari í Dölum og V-Hún en A-Hún en þar hefur dreifbýlið líka verið hlutfallslega fjölmennara en í A-Hún.


Tafla 6.2: Þróun þéttbýlis fyrsta og annan áratug tuttugustu aldarinnar í Dölum, V-Hún og A-Hún.

Tímabil	Dalir	V-Hún	A-Hún
2001-2010	11%	7%	2%
2011-2020	9%	9%	2%

Á tímabilinu 2011-2020 jókst vægi þéttbýlis um 9% bæði í Dölum og V-Hún. Það var aukning í V-Hún úr 7% (2001-2010) en samdráttur í Dölunum úr 11% í 9%. Í A-Hún jókst vægi þéttbýlis um 2% bæði tímabilin. Allt tímabilið jókst þéttbýli mest 21% í Dölunum (Mynd 6.5).

### 6.3 KYNJAHLUTFALL


Ein þeirra kennitalna sem vert er að fylgjast með er kynjahlutfallið (e. gender ratio). Það er vegna þess að það getur talist kostur að það sé sem næst jafnvægi til þess að líklegra sé að börnum fjölgi. Þá hafa ýmsar rannsóknir bent til þess að skortur á konum geti verið vísbending um áframhaldandi fækkun íbúanna þar sem þær eru oft fyrri til að flytja og karlarnir fylgja í kjölfarið (mánuðum, ári eða árum síðar) (Vífill Karlsson, 2012).



Mynd 6.6: Kynjahlutfall í Dölum, V-Hún og A-Hún 2001-2022.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands.


Kynjahlutfallið var fyrst reiknað fyrir landsvæðin árin 2001-2022. Í ljós kom að það var alla jafna hæst í V-Hún en mun líkara í Dölum og A-Hún. Það var reyndar svo hátt í V-Hún að konur voru oftast fleiri en karlar (á þeim árum þegar það fór yfir 100%) á tímabilinu, einkum um miðbik þess og seinni hluta. Það er fremur sjaldgæft utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar þar sem konur eru alla jafnan fleiri en karlar. Athygli vekur hvað kynjahlutfallið er sveiflukennt í Dölunum en það er reyndar líklegra í fámennari samfélögum en þeim fjölmennari.



**Mynd 6.7: Kynjahlutfall Búðardals, Hvammstanga, Laugarbakka, Blönduóss og Skagastrandar 2001-2022.**  
Byggt á tölum Hagstofu Íslands.

Búast má við að kynjahlutfall sé óhagfelldara í dreifbýli en þéttbýli. Þess vegna var ákveðið að reikna það fyrir þéttbýli landshlutanna og sjá hvort það reyndist hagfelldara en fyrri útreikningar sýndu. Meðaltal kynjahlutfalls hvers landshluta og þéttbýliskjarna voru sett inn í myndirnar hægra megin við viðkomandi línur til að einfalda samanburð (Mynd 6.6 og Mynd 6.7). Í ljós kom við þetta að allir þéttbýliskjarnar voru með herra kynjahlutfall en landshlutinn sem þeir tilheyrðu og því hlutfallslega fleiri konur en karlar borið saman við allan landshlutann. Það gefur til kynna að dreifbýlið dragi viðkomandi landshluta niður hvað það varðar.

Að lokum var dregin upp staða þessara þéttbýlisstaða á landsvísu (Mynd 6.8). Í ljós kom að Hvammstangi var í 10. sæti ofan frá. Svo komu Búðardalur og Skagaströnd og að síðustu Blönduós fyrir miðju á landsvísu. Sömu litir voru notaðir til að einkenna staðina á myndinni en ekki eru nöfn þeirra allra skrifuð því þar kemst bara annar hver staður fyrir.



**Mynd 6.8: Kynjahlutfall Búðardals, Hvammstanga, Blönduóss og Skagastrandar að jafnaði 2018-2022.**  
Byggt á tölum Hagstofu Íslands.

## 6.4 ALDURSDREIFING

### 6.4.1 ALDURSTRÉ DALANNA

Aldurstré Dalanna 2022 bendir til þess að frá árinu 2000 hafi ungu fólki fækkað hlutfallslega, fólki á miðjum aldri líka en fjölgað hafi í elsta aldurshópnum. Þetta er býsna kunnuglegt stef í allri byggðapróun á Vesturlöndum og sérstaklega í dreifbýli (Mynd 6.9, uppi t.v.).



**Mynd 6.9: Aldurstré Dalanna.**


Tölur Hagstofu Íslands. Dökka tréð vísar til þess fyrra sem nefnt er í yfirskrift myndanna.

Þegar sveitarfélagið allt var borið saman við Búðardal kom í ljós að það var heldur meira af ungu fólki í Búðardal og svo eldra í sveitum árið 2022. Sama gildi fyrir árið 2000 en var þó sérstaklega bundið við 0-4 ára og stúlkur 15-19 ára þar sem gildið fyrir þær fór út úr myndinni og var 7% en myndin nær bara til 6%. Þá sést að karlar á aldrinum 65-69 ára og 75-79 ára eru hlutfallslega fleiri í Búðardal en öllu sveitarfélaginu. Að öðru leyti voru karlar og konur sem voru 65 ára og eldri árið 2000 fleiri í dreifbýli en þéttbýli Dalanna.

Árið 2022 voru karlar á aldrinum 25-29 ára hlutfallslega mun fleiri í Búðardal. Einnig drengir á skólaaldri en stúlkur á skólaaldri voru fleiri í dreifbýli. Þegar íbúar beggja kynja á skólaaldri eru teknir saman eru þeir samt hlutfallslega fleiri í þéttbýlinu.

### 6.4.2 ALDURSTRÉ V-HÚN

Ungu fólki fækkaði hlutfallslega í V-Hún á milli áráanna 2000 og 2022 líkt og í Dölunum (Mynd 6.10, uppi t.v.). Munurinn er samt ekki eins mikill í samanburði við landið allt í tilfelli barna. Stúlkur og konur á aldrinum 10-24 ára voru m.a.s. hlutfallslega fleiri í V-Hún en á landinu öllu (Mynd 6.10, uppi t.h.). Það sést líka á breytingunni á milli áráanna 2000 og 2022 að konum á þessum aldri fækkaði hlutfallslega minna en körlum (Mynd 6.10, uppi t.v.). Jafnvel þó skoðað sé frávik kvenna á aldrinum 25-34 ára í V-Hún og á landinu öllu er það miklu hagstæðara en tilsvarendi frávik í Dölum og A-Hún. Það er á vissan hátt sigur fyrir V-Hún því oftar vantar frekar konur en karla í fámennari samfélög úti á landi og mikilvægt að halda góðum jöfnuði á milli fjölda karla og kvenna í þeim. Það er ekki laust við að hugurinn reiki til flutnings á Fæðingarorlofssjóði til Hvammstanga og hvað hann hefur e.t.v. gert fyrir atvinnumöguleika ungra menntaðra kvenna. En vikið verður nánar að því síðar.



Mynd 6.10: Aldurstré V-Hún.

Tölur Hagstofu Íslands. Dökka tréð vísar til þess fyrra sem nefnt er í yfirskrift myndanna.


Þegar skoðað var hvernig Hvammstangi sker sig úr í V-Hún þá sést að árið 2022 voru hlutfallslega fleiri börn þar á aldrinum 0-14 ára (Mynd 6.10, niðri t.v.). Hins vegar voru færri á aldrinum 15-24 ára en svo er meiri jöfnuður hvað varðar næstu aldurshópa upp að 40 ára og eldri. Athygli vekur samt hvað miklu meiri



jöfnuður er á milli sveitarinnar og þéttbýlisins árið 2022 en árið 2000 þegar það voru hlutfallslega miklu færri ungir í þéttbýlinu en sveitinni (Mynd 6.10, niðri t.h.). Einnig hvað elsta fólkið (80+) er hlutfallslega mikið fleira á Hvammstanga en annars staðar á svæðinu – en það má hugsanlega rekja til dvalar- og hjúkrunarheimilis aldraðra á Hvammstanga. Ef rétt reynist ættu sambærileg frávik að sjást á Blönduósi og Búðardal því þar eru líka dvalarheimili en það er aðeins til staðar í allra elsta aldurshópnum fyrir konur.

### 6.4.3 ALDURSTRÉ A-HÚN

Í A-Hún er áður nefnd þróun áberandi þar sem ungum íbúum fækkar hlutfallslega og þeim eldri fjölgar (Mynd 6.11, uppi t.v.). Hins vegar heldur samfélagið stöðu sinni gagnvart landinu öllu og gott betur hvað varðar íbúa á aldrinum 0-24 ára sem er mjög gott (Mynd 6.11, uppi t.h.). En í þeim samanburði eru karlar hlutfallslega fleiri en konur. Þetta er mun betri árangur en bæði í Dölum og V-Hún. Hins vegar gerði V-Hún betur hvað varðar konur á aldrinum 20-34 ára sem leiðir hugann aftur að flutningi Fæðingarorlofssjóðs. Árangur V-Hún hvað þetta snertir verður enn meira áberandi þegar horft er til Dalanna því munurinn er miklu meiri hvað þetta snertir.



**Mynd 6.11: Aldurstré A-Hún.**

Tölur Hagstofu Íslands. Dökka tréð vísar til þess fyrra sem nefnt er í yfirskrift myndanna.


Aldurstré Blönduóss sker sig ekki mikið úr í A-Hún (Mynd 6.11, niðri t.v.). Það er helst að börn eru hlutfallslega fleiri á Blönduósi og sérstaklega drengir. Þá eru konur hlutfallslega fleiri þar á aldrinum 30-44 ára og karlar 35-49 ára. Hins vegar hallar á konur á aldrinum 15-29 ára og 45-59 ára. Einnig eru karlar hlutfallslega færri á aldrinum 20-24 ára sem og 50-64 ára. Skagaströnd sker sig ekki mikið úr

aldursdreifingu í A-Hún frekar en Blönduós, en með ólíkum hætti þó (Mynd 6.11, niðri t.h.). Þar hallaði frekar á börn á aldrinum 0-14 ára ef allt er tekið saman eða um 0,6 prósentustig samanlagt á meðan Blönduós var 2,6 prósentustigum hærrí. En svo voru hlutfallslega fleiri á aldrinum 15-24 ára en þar laut Blönduós í lægra haldi. Síðan var hlutfall íbúa á aldrinum 25-39 og jafnvel 44 ára lægra á Skagaströnd en annars staðar á svæðinu. Óvissa var meiri um eldri íbúa – þeir voru hlutfallslega færri eða fleiri á víxl.

Athyglisverðast við þennan samanburð er, að mati höfundar, hvað konur á aldrinum 10-34 ára voru hlutfallslega fjölmennar í V-Hún, borið saman við landið allt og svæðin tvö, A-Hún og Dalina. Það er vísbending um gott samfélag því sýnt hefur verið fram á að konur eru fyrri til að yfirgefa byggðir sem hafa vindinn í fangið (Vífill Karlsson, 2015). Einnig vakti athygli að A-Hún er eina samfélagið af þessum þremur sem hélt hlutfallslega jafn mörgum börnum á aldrinum 0-14 ára og á landinu öllu. Aukinheldur, virðist Blönduós hafa laðað til sín hlutfallslega fleiri barnafjölskyldur í samanburði við restina af A-Hún. Því má segja að Blönduós sé barnvænt samfélag og barnvænasta samfélag þessara þriggja árið 2022. Dalirnir koma betur út en V-Hún ef horft er til barna á aldrinum 0-14 ára en jafn vel út ef teknir eru saman íbúar á aldrinum 0-19 ára. Þeir falla hins vegar í samanburðinum á konum, 10-34 ára, og eru í neðsta sæti af þessum þremur.

## 6.5 INNFLYTJENDUR

Ein vídd samfélagsins er uppruni íbúanna. Í þessum stutta kafla verður skoðað hversu stór hluti íbúa samfélagsins megi kallast innflytjendur. Það var reiknað á grundvelli talna Hagstofunnar og í ljós kom að innflytjendum hefur fjölgað í öllum þessum þremur samfélögum á þessari öld. Í upphafi voru þeir á bilinu 2-3%. Flestir í V-Hún en svipað margir í Dölunum og A-Hún. Í lok tímabilsins voru þeir líka flestir í V-Hún en þá 12% af öllum íbúum en 11% í A-Hún og 9% í Dölunum. Takið samt eftir því að hlutfallslega voru þeir flestir í A-Hún á tímabilinu 2008-2019.




**Mynd 6.12: Innflytjendur sem hlutfall af öllum íbúum í Dölum, V-Hún og A-Hún 2001-2022.**  
Byggt á tölum Hagstofu Íslands.

Til þess að hafa samanburð við landið allt árið 2021 þá var hlutfallið að jafnaði 17,2% á landinu öllu. Það var hins vegar hæst 48,0% í Mýrdalshreppi. næst hæst í Skaftárhreppi 33,7% og þriðja hæst í

Súðavíkurhreppi 32,8%. Lægst var það 4,3% í Skagabyggð og 4,5% í Skorradalshreppi. Staðan í öðrum sveitarfélögum innan A-Hún var sú að í Blönduósbæ voru 14,2% innflytjendur, í Sveitarfélaginu Skagaströnd 7,7% og í Húnavatnshreppi 6,5%. Meðal allra sveitarfélaga var Blönduósbær í 35. Sæti, Sveitarfélagið Skagaströnd í 56. Sæti og Húnavatnshreppur í því 65. Dalabyggð (Dalir) voru í 48. Sæti og Húnaþing vestra (V-Hún) í 41. sæti. Hlutfallið er því mjög lágt á þessum stöðum miðað við önnur sveitarfélög á landinu.

## 6.6 AÐFLUTTIR UMFRAM BROTTFLUTTA, ATVINNULÍF OG ÞÆTTIR ÚR HAGSÖGU SVÆÐANNA

Rekja má íbúapróun til tveggja þátta: 1) Fæðinga og dauðsfalla, auk 2) aðfluttra og brottfluttra. Þegar hið síðara er skoðað yfir lengri tíma kemur í ljós að fjöldi aðfluttra umfram brottfluttra (líka kallað flutningsjöfnuður) hefur verið að lagast á þessum svæðum öllum (Mynd 6.13). Það felst aðallega í því að fjöldi aðfluttra hefur dregið á fjölda brottfluttra. Á seinni hluta tímabilsins var flutningsjöfnuður orðinn oftar jákvæður á svæðunum en á fyrri hluta þess.



Mynd 6.13: Flutningsjöfnuður Dalanna, V-Hún og A-Hún 1986-2020.

Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands.

Þegar rýnt var betur í fyrsta og annan áratug 21. aldarinnar kom í ljós að þróunin var mun hagfelldari á þeim síðari en þeim fyrri á öllum svæðum. Hún var þó hvergi hagfelldari en í V-Hún þar sem hún var jákvæð upp á 1% á meðan hún var neikvæð í Dölunum upp á 7% og 12% í A-Hún (Tafla 6.3). Það sést hins vegar að viðsnúningurinn í Dölunum hafði gefið aðeins eftir 2014 á meðan að viðsnúningurinn var mun meira sannfærandi á hinum tveimur svæðunum og bati allan seinni áratuginn (Mynd 6.13).


Tafla 6.3: Þróun búferlaflutninga fyrsta og annan áratug tuttugustu aldarinnar í Dölum, V-Hún og A-Hún.

Tímabil	Dalir	V-Hún	A-Hún
2001-2010	-19%	-12%	-37%
2011-2020	-7%	1%	-12%

Það er samt athyglisvert að sjá mun óhagfelldari flutningsjöfnuð í A-Hún en í Dölunum þó svo að viðsnúningurinn sé meira sannfærandi á milli tímabilanna tveggja en í Dölunum.

### 6.6.1 FLUTNINGSJÖFNUÐUR OG KAFLAR ÚR HAGSÖGU OG ÞRÓUN ATVINNULÍFS DALANNA

Þegar horft er til hlutfallslegs flutningsjafnaðar<sup>4</sup> Dalabyggðar þá er fátt sem sker sig úr þar innbyrðis (Mynd 6.14). Línuritið er eins og stöðugur óróapúls allt tímabilið frá 1986 fram til 2009 og jafnvel 2013. Eftir það fer að verða lengra á milli sveiflna. Þær lagast jafn og þétt allt tímabilið og hafa færst úr því að vera nokkuð mikið neikvæðar yfir í að vera jákvæðar og mikið jákvæðar síðasta árið. Af þeim ársverkatölum sem Byggðastofnun hefur yfir Dalabyggð árin 1988-1997 sést aðallega að á milli árunna 1988-1989 fækkaði í verslun um 18 stöðugildi af 25 í allt og var það um þriðjungur starfa í verslun frá árinu áður. Þessi fækkun var 2,6% af heildarfjölda starfa í Dalabyggð. Síðan voru árin 1990-1993 erfið Dalamönnum þegar horft er til þessara talna. Þá fækkaði ársverkum um 14% á milli árunna 1990-1991 sem er að mestu leyti rakið til landbúnaðar, fækkun um 11% 1991-1992 er að lang mestu leyti rakin til iðnaðar en einnig landbúnaðar og verslunar og 10% fækkun árin 1992-1993 verður aðallega rakin til landbúnaðar. Ekki verður séð að flutningsjöfnuður sé áberandi óhagstæður þessi árin.



**Mynd 6.14: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Dalabyggð 1986-2021.**

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Þegar hugað er að vexti og viðgengi Dalanna einhverja áratugi aftur verður ekki komist hjá því að rýna í rekstur fyrrum kaupfélags og efnislega byggir þessi kafli að hluta til á viðtali við Ólafs Sveinsson (2023). Kaupfélag Hvammsfjarðar (KHV) var með aðsetur í Búðardal og rak þar verslun, pakkhús, afurðastöð, trésmiðju, bíla- og búvélaverkstæði og bakarí. Afurðastöðin skiptist í sauðfjárslátrun, stórgripaslátrun og úrvinnslu á kjöti. Sumar afurðir kjötvinnslunnar voru aðeins unnar fyrir verslunina í Búðardal. Í bók Eysteins Sigurðssonar (1978, bls. 51-52) var starfseminni lýst svona:


*„Það [KHV] rekur matvörkjörbúð, bygginga- og fóðurvörudeild, bókabúð, söluskála, varahluta- og járnvörudeild. Einnig starfrækir félagið trésmiðaverkstæði, bíla- og búvélaverkstæði og fæst við vöruflutninga. Í Búðardal er einnig nýlega byggt sláturhús í eigu kaupfélagsins, sem reist var og skipulagt í samræmi við ströngustu nútímakröfur um meðferð sláturafurða. Í samlögum við sláturhúsið rekur félagið einnig nýtt kjötfrystihús.“*

<sup>4</sup> Hlutfallslegur flutningsjöfnuður er flutningsjöfnuður deilt með fjölda íbúa.

Annað kaupfélag var í Dölunum. Það var Kaupfélag Saurbæinga á Skriðulandi sem einnig rak sláturhús hjá Efri Brunná.

Þó kaupfélagið hafi verið öflugur vinnuveitandi blandaðist það í mörg fjarskyld málefni samfélagsins. Kaupfélagið stóð t.d. í umfangsmikilli lánastarfsemi. Það kom til af því að Búnaðarbankinn á staðnum var tregur til útlána í Dölunum. Bankinn lánaði minna út en sem nam innlánunum í Búðardal og var jafnvel stoltur af því. Þetta varð til þess að uppbygging var miklu minni í Dölunum en víða annars staðar því kaupfélagið gat ekki með útlánunum sínum komið alveg í staðinn fyrir banka. Að einhverju leyti kunna flokkadrættir í Dölunum (einkum á milli sjálfstæðis- og framsóknarmanna) að hafa gert samfélagið enn berskjaldaðra fyrir þessari stefnu bankans.

Á Hvammstanga var sterkt kaupfélag, sem enn er starfandi, þó styrkleiki þess sé ekki sá sami og áður. Það var kallað Litli Landsbankinn. Félagið var potturinn og pannan í samfélaginu og rekur ennþá pakkhús og matvöruverslun. Kaupfélag Skagfirðinga á að vísu hlut í sláturhúsinu á Hvammstanga á móti heimamönnum. Ýmislegt bendir til að kaupfélagið á Hvammstanga hafi rekið „vinsamlegri“ þjónustu gagnvart heimamönnum en rekin var bæði í Dölunum og hugsanlega á Blönduósi en fjallað verður betur um það í kaflanum um V-Hún og A-Hún. Dæmi eru um að forsvarsmenn kaupfélaga hafi á vissan hátt ráðskast með viðskiptavini sína. Bændur mynduðu inneign hjá kaupfélögum með afurðum sínum. Þegar bændur óskuðu eftir úttekt í reiðufé voru þeir, í sumum kaupfélögum, spurðir í hvað peningarnir ættu að fara. Og jafnvel neitað um úttektina ef kaupin voru talin óskynsamleg að mati kaupfélagsstjóra eða starfsmanns viðkomandi kaupfélags. Þarna gátu blandast inn hagsmunir kaupfélaganna og Sambands Íslenskra samvinnufélaga.



**Mynd 6.15: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Dölum.**

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.

Kaupfélögin fóru mörg á hausinn af því að þau voru mjög skuldsett á verðbólgutímum vegna þess að menn kröfðust vaxta sem bættu upp verðbólgunu, samtímis miklum samdrætti í landbúnaði. Kaupfélag Hvammsfjarðar varð gjaldþrota 1988. Við gjaldþrotið var stofnað sérstakt félag um verslunina og bakaríið var selt einstaklingi. Um sláturhúsið var stofnað hlutafélagið Afurðastöðin í Búðardal hf. og trésmiðjan var seld til einkaaðila. Á þessum tíma var bara eitt bílverkstæði, Dalverk, í eigu einkaaðila. Slátrun var hætt í

Dölunum endanlega 2006 eða 2007. Kvótasetning í sauðfjárrækt árið 1980 var áfall fyrir Dalina þar sem þeir hafa þótt henta vel til slíkrar starfsemi og áhersla í landbúnaði þar var í samræmi við það. Dalirnir voru það svæði sem hafði hæst hlutfall vinnuafls í landinu starfandi við sauðfjárrækt. Ástæður kvótasetningar voru m.a. samdráttur í neyslu lambakjöts ásamt tæknivæðingu. Einnig kom samþjöppun í mjólkurframleiðslu við sögu.

Ársverkagögnum frá einstökum fyrirtækjum var safnað af Frjálsri verslun og þau birt í áratugi í sérriiti sem kallað var 300 stærstu. Þar fundust tölur yfir Kaupfélag Hvammsfjarðar í Búðardal sem gefa tilfinningu fyrir vægi þess í atvinnulífi þar. Kaupfélag Hvammsfjarðar hafði margt fólk í vinnu eins og sjá má á tölum Frjálsrar verslunar en 113 starfsmenn voru hjá KHV 1987 og á sama tíma var Kaupfélag Saurbæinga með 19 starfsmenn (Mynd 6.15). Kaupfélag Saurbæinga rak verslun að Skriðulandi og sláturhús í Saurbæ (Eysteinn Sigurðsson, 1978). Því má segja að vinnumarkaðurinn hafi verið í miklu uppnámi við gjaldþrot KHV í Dölunum en þar voru um 1.000 íbúar á þessum tíma (Vífill Karlsson & Guðný Anna Vilhelmsdóttir, 2008, bls. 4). Kaup einkaaðila á ýmsum rekstrareiningum kaupfélaganna virðast þó hafa bjargað miklu því ársverkum fækkaði einungis um 25 á milli áranna.

Verslunin Dalakjör, sem stofnuð var í kjölfar gjaldþrots KHV, var rekin af heimamönnum. Samkaup keypti hana svo síðar og setti upp verslun sem í dag er Krambúð. Öll héraðseinkenni, eins og ennþá má finna t.d. í verslun á Hvammstanga sem kaupfélagið rekur og stendur ágætlega, eru farin úr Krambúðinni í Búðardal og öðrum verslunum víða um land.

Opnun Steingrímsfjarðarheiðar í lok árs 1986 ("Tvöföld jómfrúarferð hjá Ármanni Leifssyni," 1986) var annað áfall fyrir Dalina en við það var umferðinni vestur á firði „veitt“ fram hjá Dölunum um Strandir. Bygging vegarins um Þröskulda sem opnaður var og vígður haustið 2009 (Vegagerðin, 2009, bls. 177) var hins vegar jákvætt skref sem jók umferð aftur um Dalina. Þá var tilgátuhúsið að Eiríksstöðum opnað árið 2002 sem veitt hefur meðbyr vegna umferðar ferðamanna.


Það eykur aðlögunhæfni samfélaga ef frumkvæði er mikið og mætti frumkvæði heimamanna hafa vera meira í Dölunum síðustu ár. Þeir sem hafa haft frumkvæði eru ofurliði bornir vegna anna. Hvammsfjörður er t.d. ríkur af skeldýrum sem ekki eru nýtt. Þar má nefna trönukrabba, broddakrabba og hörpuskel. Það var unnin hörpuskel í Búðardal hér áður fyrr og tilraun gerð fyrir 10-12 árum að rækta bláskel. Niðurstaðan var sú að góð ræktunarskilyrði væru fyrir bláskel í Hvammsfirði. En menn voru of uppteknir til að sinna skeldýravinnslu á þessum tíma og engu hefur verið hleypt af stokkunum varðandi ræktun á bláskel. Fámenni samfélagsins hefur hamlað ýmis konar uppbyggingu og svo virðist sem íbúar eigi oft fullt í fangi með sín grunnverkefni. Þá hefur verið næg atvinna á svæðinu síðustu ár og hefur það e.t.v. haft letjandi áhrif á uppbyggingu á fjölbreyttari atvinnutækifærum.

Á heimasíðu Mjólkursamsölunnar (MS, 2022) kemur fram að 20 manns starfi við MS í Búðardal. Þá hefur stundum verið stöðugleiki í bæjarpólitíkinni í Dölunum. Marteinn Valdimarsson var t.d. sveitarstjóri í Dalabyggð árin 1978-1996 (Mynd 6.19).

### 6.6.2 FLUTNINGSJÖFNUÐUR OG KAFLAR ÚR HAGSÖGU OG ÞRÓUN ATVINNULÍFS V-HÚN

Flutningsjöfnuður V-Hún er líkur þeim í Dölunum á þann hátt að í honum er mikill óróapúls en hann lagast þegar horft er til langtímaþróunarinnar. Hann varð jákvæður fyrst árið 2010 en frá 2015 hefur hann yfirleitt verið jákvæður (Mynd 6.16). Hann er ólíkur flutningsjöfnuði Dalanna á þann hátt að fyrstu árin eru áberandi og einkennandi sveiflur. Hann var mjög neikvæður árin 1987 og 1996. Árið 1988 lagaðist hann mikið og hélt áfram að lagast til ársins 1990 og var þá lítið óhagfelldur fram til 1993 þegar hann versnaði

skyndilega og náði botni árið 1996 eins og áður sagði. Síðan hefur hann lagast stöðugt en allt tímabilið hefur þó verið sveiflukennt.



**Mynd 6.16: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í V-Hún 1986-2021.**


Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er allt Norðurland vestra.

V-Hún er á margan hátt líkt Dölunum að því leyti að þar er þó nokkuð samfélag í dreifbýli (Mynd 6.5) með töluverðum landbúnaði og all nokkurri sauðfjárrækt (Sigurður Árnason, Arnar Már Elíasson, Þorkell Stefánsson, & Sigríður Elín Þórðardóttir, 2022). Hins vegar er svolítt sjávarútvegur í V-Hún en ekki Dölunum. Samkvæmt tölum Fiskifélags Íslands jókst fiskvinnsla 1989 (56%) og 1990 (69%) og fór þá staðurinn úr því að hafa unnið úr 1.100-2.000 tonnnum árin 1979-1989 í 3.500 tonn árin 1990-1992. Þetta gæti staðið í sambandi við hagfelldan flutningsjöfnuð þau árin. Á tímabilinu 1986-1990 voru starfsmenn Meleyrar a.m.k. aldrei eins margir og árið 1990 (Mynd 6.17). Svo hélst framleiðslan á bilinu 3.000-4.000 tonn fram til 1997 með einni undantekningu, 1993, þegar hún lækkaði í 2.661 tonn. Það er því erfitt að útskýra óhagfelldan flutningsjöfnuð sem varð árin 1994-1996 með þessum tölum en þó sérstaklega 1995-1996. Síðan lagaðist flutningsjöfnuðurinn mikið 1997 en varð óhagfelldari aftur 1998 og hélst jafn óhagfelldur árið 1999 en hefur verið stöðugt hagfelldari síðan. Þess skal getið að mjög stór sameining varð árið 1998 meðal sveitarfélaga í V-Hún sem gæti hafa orðið einhverjum erfið í fyrstu en síðar til heilla ef marka má þróun flutningsjafnaðarins síðan. Þetta eru þó aðeins getgátur en á rýnifundunum voru þátttakendur sammála um að sameiningin hefði verið heillaspor fyrir samfélagið.

Þó Hvammstangi sé þéttbýli af þeirri stærð að íbúar hafi sem dæmi þurft að sjá á eftir rekstri pósthúss og einnar bankastofnunar þá hefur verið all nokkur stöðugleiki í atvinnulífinu og ýmsu því tengdu. Kaupfélagið var stofnað 20. mars 1909 ("Um KVH," 2022) og er enn í rekstri. Meleyri er fiskverkun og útgerð á Hvammstanga. Meleyri hefur verið starfrækt a.m.k. síðan 1978 (Fiskifélag Íslands, 1979), reyndar kom hlé á vinnslu Meleyrar um tíma en starfsemin er komin aftur í gang (Mynd 6.18). Saumastofan Kidka er starfrækt á Hvammstanga og gengur vel. Hún varð til þegar núverandi eigendur keyptu saumastofu frá Hvammstanga sem stofnuð var 1972.<sup>5</sup> Reyndar er saga sauma- og þrjónafyrirtækja löng á Íslandi, en þau voru starfrækt víða um land. Flest hættu rekstri á níunda og tíunda áratugnum vegna breyttra ytri aðstæðna en Kidka lifir enn og örfáar aðrar sem byggja á úrvinnslu á íslensku ullinni.

<sup>5</sup> Heimasíða Icelandic Times, slóð: [https://icelandictimes.com/search\\_page/kidka/](https://icelandictimes.com/search_page/kidka/), skoðuð 28.12.2022





**Mynd 6.17: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum á Hvammstanga.**

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.


Saumastofurnar voru reyndar fleiri í V-Hún. Þrjónastofan Borg hf. var starfrækt í Víðihlíð og þar störfuðu 10-14 konur um tíma (mhg, 1983, bls. 2). Þá starfaði Ísprjón á Hvammstanga og hafði 25 í vinnu þegar mest var. Freyjuprjón, í eigu Byko, tók síðan við af Ísprjóni en hætti vegna óhagstæðrar gengisþróunar árið 2005 en þá voru starfsmenn aðeins fimm talsins (Feykir, 2005, bls. 1).

Verslun Sigurðar Pálmarssonar, sem var stofnuð 1913, var nokkuð umsvifamikil og veitti kaupfélaginu samkeppni lengi vel því hún var í rekstri til ársins 1988. Sigurður Pálmarsson rak líka sláturhús á staðnum, sem kaupfélagið hafði áður átt. Hópur heimamanna tók við rekstri Sigurðar, kallaði reksturinn Vöruhús Hvammstanga hf. og rak til 1992. Vöruhús Hvammstanga hafði minni umsvif en Sigurður en veitti kaupfélaginu samt samkeppni. Á Hvammstanga var kaupfélagið því lengi vel ekki í ráðandi stöðu eins og kaupfélagið í Dölunum og mögulega á Blönduósi. Þess skal þó getið að annað kaupfélag var rekið í Saurbæ í Dölunum og aðrar verslanir var að finna í A-Hún á Skagaströnd og jafnvel á Blönduósi en ekki er alveg ljóst hvort þær veittu eins mikla samkeppni í verslun og var að finna á Hvammstanga. Ennþá má sjá glæsilegt hús sem Sigurður byggði fyrir verslunina 1926 og annað mun stærra sem hann flutti verslunina í 1982. (Guðjón Guðmundsson, 1988; Karl, 1992)

Í tölum Frjálsrar verslunar kemur fram að árið 1986 voru 22 ársverk hjá Verslun Sigurðar Pálmasonar hf. og 25 árið 1987. Á sama tíma voru 67 og 71 ársverk hjá kaupfélaginu (Mynd 6.17), þannig að umsvif kaupfélagsins voru greinilega mun meiri en hjá Sigurði. Þó svo kaupfélagið sé enn starfandi og greinilega mikil ánægja með það meðal heimamanna, hefur það þurft að draga verulega saman í starfsemi sinni ef ársverkin á myndinni eru notuð sem viðmið um það. Verslanir í svona fámennum samfélögum hafa átt erfitt uppdráttar. Árið 1986 voru tæplega 100 manns starfandi hjá þessum tveimur verslunum á Hvammstanga en núna starfa þar 10-20 manns við verslun. Að hluta til má rekja það til betri samgangna og fjarskipta sem færa fólki hagfelldara verðlag og meira vöruúrval, auk þess sem verslanir á stöðunum sæta meiri og harðari samkeppni frá verslunum annar staðar. Þjónustan og vöruúrvalið á Hvammstanga eru samt miklu betri en bæði í Dölunum og A-Hún ef bæði er horft til rýnifundanna og íbúakannana, þó svo vöruúrvalið kunni að hafa verið meira og þjónustan betri á Hvammstanga áður fyrr þegar bæði Kaupfélagið og Sigurður



Pálmarrsson voru í rekstri með töluvert fleira starfsfólk. Í því ljósi má segja að bæði Dalirnir og A-Hún hafi tapað mjög miklu því mögulegt er að munurinn á þjónustu og vöruúrvali hafi verið lítil á milli V-Hún og hinna svæðanna tveggja þar sem sterk kaupfélög voru í rekstri og aðrar verslanir a.m.k. annað veiðið.



**Mynd 6.18: Fiskvinnsla og fjöldi báta á Hvammstanga**

Gögn Hagstofu Íslands. Tölur yfir landvinnslu voru fengnar í töflu sem Hagstofan kallar „afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum“.


Þegar tölur yfir landvinnslu og fjölda báta eru teknar saman kemur í ljós að Hvammstangi hefur gefið verulega eftir í vinnslu frá því sem var í upphafi tíunda áratugar (Mynd 6.18) en þá var framsal fiskveiðikvóta heimilað á Íslandi. Vinnsla lagðist hreinlega niður á Hvammstanga í byrjun aldarinnar en náði vopnum sínum að hluta 2012 og síðan hefur vinnsla á skeldýrum (lang mest rækju en líka hörpudiski og örlítið af ígulkerjum) verið um 500-1000 tonn á ári. Bátum hefur líka fækkað lítið eitt frá því í byrjun aldarinnar.

Sláturhús er ennþá rekið á Hvammstanga. Þá er þar sjúkrahús í rekstri og hefur verið síðan 1930 þegar byggingu sjúkraskýlis lauk ("Saga Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga," 2022). Aðalbygging sjúkrahússins var síðan reist á árunum 1956-1960. Svo virðist sem atvinnulífið byggði á gömlum merg og þar hafi ríkt meiri stöðugleiki en í Dölunum og A-Hún.

Ný atvinnutækifæri hafa einnig skapast. Fæðingarorlofssjóður var fluttur á Hvammstanga árið 2007 þegar hann var færður frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnuálastofnunar og fylgdu honum strax níu störf (Feykir, 2007, bls. 1).

Þá hefur verið ákveðinn stöðugleiki í stjórn bæjarfélagsins einkum ef stöðugleiki í sæti sveitarstjóra og/eða bæjarstjóra er notaður sem vísbending um það. Fyrsti sveitarstjóri Hvammstangahrepps var Þórður Skúlason sem hóf störf árið 1973 og starfaði samfelld í 17 ár (Friðrik G. Olgeirsson & Steingrímur Steinþórsson, 2008, bls. 207). Höfundur dró upp tímalínu fyrir stærstu sveitarfélög viðkomandi svæða og byggði hana á gögnum úr Árbók Sambands íslenska sveitarfélaga frá 1985-2015 (Mynd 6.19). Í þeim samanburði var eingöngu horft til tveggja fjölmennustu sveitarfélaga A-Hún og það sama gildi um hin tvö svæðin fyrir sameiningar sveitarfélaga. Þessi samanburður benti til að mestur stöðugleiki hafi verið í Sveitarfélaginu Skagaströnd þar sem sami sveitarstjórinn sat í 26 ár samfelld. Í Húnaþingi vestra og

Hvammstangahreppi höfðu verið sex sveitarstjórar og jafn margir í Blönduóshreppi/bæ. Sjö sveitarstjórar höfðu verið í Dalabyggð á tímabilinu. Ekki verður séð af þessum samanburði að stöðugleikinn hafi verið mikið meiri í V-Hún en í A-Hún eða Dölunum, en óstöðugleikinn var meiri fyrir samanburðartímabilið þegar Þórður Skúlason sat í V-Hún frá 1973 eins og áður sagði.



Mynd 6.19: Fjöldi sveitarstjóra og framkvæmdarstjóra sveitarfélaga árin 1985-2015  
Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hins vegar verður stöðugleikinn mestur í V-Hún og Sveitarfélaginu Skagaströnd ef einblínt er á seinni helming tímabilsins, einkum gagnvart Dalabyggð (Mynd 6.19), og kannski skiptir það máli í þessu því samfélög eru stundum fljót að nema óstöðugleika, fari hann vaxandi.


### 6.6.3 FLUTNINGSJÖFNUÐUR OG KAFLAR ÚR HAGSÖGU OG ÞRÓUN ATVINNULÍFS A-HÚN

A-Hún hefur verið tengdari landbúnaði en sjávarútvegi og voru kaupfélög lengi burðarásar í atvinnulífi þéttbýlisins. Skagaströnd hefur verið undantekning frá því og hverfst um sjávarútveg. Tvö kaupfélög voru rekin á Blönduósi samtímis undir einni stjórn: Kaupfélag Húnavetninga (KH) og Sölufélag Austur Húnavetninga (Eysteinn Sigurðsson, 1978, bls. 54-55). Kaupfélag Skagstrendinga var líka til en sameinaðist KH árið 1968. Eftirfarandi lýsingu er að finna í bók Eysteins Sigurðssonar (1978, bls. 54-55):

*„Kaupfélag Húnavetninga (stofnað 1895) rekur umfangsmikla verslun á Blönduósi, í aðalverzlun þess eru seldar matvörur, byggingavörur og vefnaðarvörur, og auk þess rekur það vörugeymslu, þar sem seld er sekkjavara, timbur o.fl. Líka rekur félagið eitt verzlunarútibú á Blönduósi, söluskála, sem einkum þjónar ferðamönnum, og það sér um vöruflutninga innanhéraðs og til Reykjavíkur. Félagið er aðaleigandi Vélsmiðju Húnavetninga, ásamt búnaðarsambandinu í héraðinu, en það fyrirtæki rekur bílaverkstæði á Blönduósi.“*

Sölufélag Austur-Húnavetninga (SAH) sá um þjónustu við framleiðendur á meðan KH þjónustaði neytendur. SAH rak í þeim tilgangi sláturhús, kjötfrystihús, mjólkurflutninga og mjólkursamlag (Eysteinn Sigurðsson, 1978, bls. 55). KH hafði margt fólk í vinnu um miðjan níunda áratuginn en því fækkaði mikið og fór úr um 200 þegar mest var í um 80 ársverk í upphafi tíunda áratugarins og hélst þannig nokkuð óbreytt þar til yfir lauk (KH og Sölufélagið ekki lengur talið saman frá árinu 2000). Á þessum árum voru ársverk

Vélsmiðjunnar ekki inni í tölum um KH en þar störfuðu t.d. um 20 manns árin 1991-1994, samkvæmt tölum Frjálsrar verslunar ("Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1992).



**Mynd 6.20: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum á Blönduósi**


Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.

Kaupfélag Húnvetninga keypti Vilko árið 1985 og flutti starfsemin á Blönduós ári síðar. Þá voru þar fjórir starfsmenn og framleiðslan 40 tonn af súpum (Gylfi Kristjánsson, 1992a). Vilko er ennþá í rekstri og hefur starfsemin vaxið hægt og bítandi í gegnum árin. Markmið fyrirtækisins var að verða 10 manna vinnustaður fyrir lok árs 2017 eftir að það flutti í stærra húsnæði þar sem mjólkurframleiðsla hafði verið áður (MÞÞ, 2017, bls. 26-27).

Blönduósbúar skutu fleiri stoðum undir atvinnulífið með því að gera sig frekar gildandi í sjávarútvegi og var bygging fiskiskipahafnar liður í því. Tölur Hagstofu Íslands sýna að aflamagn jókst mikið á milli árunum 1982 og 1983 og svo aftur 1984 og 1985 (Tafla 8.2). Eftir það var aflamagnið nokkuð stöðugt fram til 1989 en náði síðan algjöru hámarki árin 1995-1997, eða á bilinu 3.000-4.000 tonn, og stóð á þeim árum nokkuð jafnfætis Hvammstangahöfn. Eftir það fjaráði hratt undan og er nú engu landað þar. Vinnslutölur frá 1992 (Mynd 6.21) sýndu að mest var verið að vinna skeldýr (rækja) og náði vinnslan hámarki árið 1995, um 3.500 tonn, en dróst síðan hratt saman og var lokið um 2005. Vinnsla á botnfisktegundum hefur aldrei verið mikil eða stöðug á Blönduósi. Bátum hefur hins vegar fjölgað á Blönduósi frá 2008 og er það trúlega í tengslum við strandveiðar sem hófust 2009 (Einar Svansson, Vífill Karlsson, Ögmundur Knútsson, Hjalti Jóhannesson, & Stefán Kalmansson, 2017, bls. 306) en þeim hefur fækkað aftur lítið eitt frá árinu 2015 (Mynd 6.21). Rækjuvinnslan Særún var á Blönduósi og samkvæmt tölum Frjálsrar verslunar ("Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1987) voru gjarnan rúmlega 30 starfsmenn þar á árunum 1986-1990. Í blöðunum birtist síðan frétt um uppsögn 20 kvenna þar árið 1991 (Feykir, 1991, bls. 1).

Saumastofur voru all nokkuð fjölmennir vinnustaðir á Blönduósi og á Skagaströnd á áttunda og níunda áratugnum. Í tímaritinu Húnavöku var t.d. sagt frá því að 70 manns hafi starfað hjá Pólarprjóni á Blönduósi árið 1983 sem var svipaður fjöldi og 1982 (BV, 1984, bls. 198). Þá var prjónastofan Víóla starfrækt á Skagaströnd. Það mun því hafa verið högg fyrir samfélagið eftir að sauma- og prjónaiðnaðurinn lenti í

vandræðum seinna á 20. öldinni og þessi fyrirtæki lögðu flest upp laupana. Ársverk Pólarprjóns voru 38 árið 1986 og 32 árið 1987 samkvæmt tölum Frjálsrar verslunar ("Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1987).



**Mynd 6.21: Fiskvinnsla og fjöldi báta á Blönduósi**


Gögn Hagstofu Íslands. Tölur yfir landvinnslu voru fengnar í töflu sem Hagstofan kallar „afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum“.

Sjúkrahúsið hefur verið stór vinnustaður á Blönduósi. Starfsemi þess hófst með sjúkraskýli sem var fyrst starfrækt á Blönduósi árið 1913 og gekk brösuglega framan af (Bragi Guðmundsson, 1992, bls. 210). Í seinni tíð hefur verið stöðugleiki í starfsmannahaldi á sjúkrahúsinu, m.v. margt annað, en ársverk þar hafa oftast verið á bilinu 60-65 þó svo þau hafi verið fæst 55 og flest 70 (Mynd 6.20).

Skagaströnd hefur verið stærsta sjávarútvegssamfélag í Húnavatnssýslum sem sjá má m.a. á þeim afla sem landað hefur verið á hafnir sýslanna (Tafla 8.2). Á meðan skeldýravinnsla, rækja og hörpuskel, var uppistaða sjávarútvegs á Hvammstanga og á Blönduósi var hún u.þ.b. jafn mikil á Skagaströnd en samt svipur hjá sjón í samanburði við vinnslu botnfiskafla á Skagaströnd á því tímabili sem um ræðir (Mynd 6.23, Mynd 6.21 og Mynd 6.18). Afleidd störf voru í sjávarútvegi eins og hjá Trésmiðju og skipasmíðastöð Guðmundar Lárussonar hf. sem hafði 12-15 manns í vinnu árið 1984 og framleiddi einnig vörur úr plasti. Þess má geta nýtt plastfyrirtæki var stofnað á Skagaströnd þetta ár ("Fréttir frá Skagaströnd," 1985, bls. 316-317). En líkt og á Blönduósi er landvinnsla nú úr sögunni á Skagaströnd og lauk að mestu árið 2005 eða nánast á sama tíma og á Blönduósi. Árið 2004 keypti FISK á Sauðárkróki Skagstrending (Lúðvík Vilhelmsson, 2001, bls. 1).

Sjávarútvegurinn á Skagaströnd hafði áður farið í gegnum fáeinir byltur. Þar var öllum starfsmönnum frystihússins Hólaness, 50 manns, sagt upp vegna sölu á togaranum Arnari til Skagstrending (Gylfi Kristjánsson, 1992b, bls. 4). Á vinnslutölum frá Fiskifélagi Íslands (sjá viðauka) sést að Skagstrendingar unnu úr 13% minna af hráefni árið 1992 en árið 1991. Reyndar bættu þeir síðan við sig framleiðslu á milli árána 1992 og 1993 en síðan dró hægt og bítandi úr framleiðslunni frá því sem mest var, úr tæplega 14.000 tonn árið 1988 í um 7.000 tonn árið 1996 (sjá m.a. í viðauka). Samdrátturinn byrjaði hjá þeim á milli árána 1988 og 1989, um 2.000 tonn. Þann 1. janúar 1997 var Hólanes sameinað Skagstrendingi (rt, 1996, bls. 34). Eftir það voru tæplega 200 ársverk hjá Skagstrendingi en þeim fækkaði síðan hratt og voru

rúmlega 100 þegar FISK keypti félagið 2004 (Mynd 6.22). Flutningsjöfnuðurinn í A-Hún var hagstæðastur 1987 á fyrri hluta tímabilsins en versnaði síðan skart og náði botni árið 1995 en hefur lagast síðan, fyrst hægt en hraðar frá 2004 eins og áður sagði.



**Mynd 6.22: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum á Skagaströnd**

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.


Þegar horft er til talna Blönduósbæjar og Höfðahrepps (eldra heiti á sveitarfélagi sem Skagaströnd tilheyrði) yfir ársverk sem Byggðastofnun tók saman á sínum tíma (tölur ekki birtar hér) sést að verslun er mjög stór í þeim fyrri og fiskvinnsla í þeim seinni. Báðar atvinnugreinarnar ná sínu hámarki í ársverkum, í kringum 120 hvor um sig, á árunum 1987-1989. Síðan fækkaði nokkuð hratt og ef þeim er fylgt eftir fram til ársins 2005, eins langt og þær náðu, þá voru í kringum 60 ársverk eða um helmingurinn af því sem þau voru á toppárunum. Fiskveiðar voru einnig stór atvinnugrein í Höfðahreppi, um 100 ársverk árið 1993 en um 40 árið 2005.

Hins vegar skal á það bent að fiskiskipum hefur fjölgað á Skagaströnd frá 2010 og kann sú þróun að tengjast strandveiðum líkt og bent var á um þróunina á Blönduósi.

Ljóst má vera, af þróun ársverka hjá Kaupfélaginu (Mynd 6.20), að það þrengdi að rekstri þess á níunda áratugnum. Það sést m.a. á frétt þar sem sagði frá uppsögnum í byrjun mars 1989 þegar 17 manns var sagt upp hjá Kaupfélagi Húnvetninga vegna hagræðingar (MÓ., 1989). Þá var Vélsmiðja Húnvetninga líka í vandræðum um líkt leyti en hún bað t.d. um framlengingu á greiðslustöðvun 1992 (bjb, 1996, bls. 2). Um aldamótin var KH aftur í vandræðum og var þá gripið til nauðasamninga við lánadrottna en einnig var rekstur KH og Sölufélags Austur-Húnvetninga skilinn að (Lúðvík Vilhelmsson, 2001) en í kjölfarið hélst fjöldi ársverka nærri óbreyttur fyrst um sinn (Mynd 6.20). Þess utan dró úr vinnslu skeldýra (rækja) á Blönduósi árin 1995-2004. Sé horft til flutningsjafnaðar A-Hún 1986-2021 þá var hann neikvæður framan af og tók ekki að þróast til hins betra fyrr en eftir árið 2004.

Á þessu sést að A-Hún barðist við hnignun í atvinnulífinu á seinni hluta 20. aldar og fram til ársins 2005. Stórir vinnustaðir eins og kaupfélögin og sauma- og prjónaiðnaður gáfu fyrst eftir á níunda áratugnum og síðan sjávarútvegur og vélsmiðjur af öðrum sökum í upphafi þess tíunda. Þetta náði síðan algjöru lágmarki


með endalokum fiskvinnslunnar og lokun kaupfélaganna á fyrstu árum nýrrar aldar. En þá er eins og nýtt upphaf verði til og fram vaxa ný tækifæri á nýjum grunni. Þegar einar dyr lokast, opnast aðrar.



**Mynd 6.23: Fiskvinnsla og fjöldi báta á Skagaströnd**

Gögn Hagstofu Íslands. Tölur yfir landvinnslu voru fengnar í töflu sem Hagstofan kallar „afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum“.

Í umfjölluninni hefur komið fram að fiskiskipum hafi fjölgað bæði á Blönduósi og á Skagaströnd. Þá hefur Vilgó náð að vaxa hægt og bítandi. Rekstur sjúkrahússins á Blönduósi hefur skapað ákveðinn stöðugleika á vinnumarkaði A-Hún.



**Mynd 6.24: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í A-Hún 1986-2021.**

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er allt Norðurland vestra.

Þá hafa tvö stór verkefni komið frá Ríkinu til A-Hún. Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga hefur verið starfrækt á Skagaströnd síðan 2007 (*Ásskýrsla 2007, Vinnumálastofnun, 2008, bls. 5*) og störfuðu þar 27

manns árið 2020 (rzg, 2020). Þann 1. janúar 2023 var 21 starfsmaður hjá Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga í 19,67 stöðugildum, þar af var eitt stöðugildi á fjármálasviði (Jensína Lýðsdóttir, tölvupóstur 25.01.2023). Þá hefur Innheimtumiðstöð sekta verið starfrækt hjá Sýslumanninum á Blönduósi síðan 2006 (rzg, 2005). Árið 2022 voru 10 starfsmenn í 100% starfi vegna Innheimtumiðstöðvar sekta en aðrir 8 í hefðbundnum störfum sýslumannsembættis (Erna Björg Jónmundsdóttir, tölvupóstur 21.12.2022). Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga var með 13,5 stöðugildi, þar af tengdust 2,5 stöðugildi hefðbundnum verkefnum Vinnuálastofnunar og svo sá ein manneskja um þrif og voru því 17 stöðugildi í allt (Þórdís Helga Benediksdóttir, tölvupóstur, 20.12.2022).

Á miðju árinu 2018 var tekin fyrsta skóflustungan að nýju gagnaveri á Blönduósi. Tæpu ári síðar var það formlega opnað í um 4.000 fermetra húsnæði. (Mbl, 2019)

## 6.7 MEIRA AF ATVINNULÍFI SVÆÐANNA

---

Í þessum kafla verður reynt að varpa ljósi á það hvort atvinnulíf hafi verið fjölbreytt á þessum stöðum og hvort breyting hafi orðið á s.l. áratugi. Þar sem erfitt er að nálgast tölur yfir slíkt var gripið til sérlega óhefðbundinnar aðferðar. Farið var í gamlar símaskrár og listuð upp öll fyrirtæki, félagasamtök og allir iðnaðarmenn sem þar var að finna. Reikna má með að allir sem buðu fram þjónustu af einhverju tagi hafi verið með síma og þar með skráðir í símaskrá. Þessi aðferð nær því til fjölda fyrirtækja og atvinnugreina þeirra en ekki hversu stór þau voru. Við höfum nú þegar dregið fram stærstu fyrirtækin en nú fáum við tilfinningu fyrir fjölda þeirra og fjölbreytni þar sem fyrirtækin voru flokkuð gróflega í atvinnugreinar og iðnaðarmenn eftir iðngreinum. Félagasamtök sem voru með skráð símanúmer voru talin með fyrirtækjum vegna þess að þau standa fyrir ákveðna þjónustu eða afþreyingu. Minnst verður þess að jafnvel þó símanúmer hafi verið flokkuð eftir þéttbýliskjörnum í símaskránni voru nálægar sveitir teknar með og náði því ágætlega til dreifbýlisins í kring og má því segja að þessi leið nái með viðunandi hætti til þeirra svæða sem hér eru til umfjöllunar. Höfundur hefur áður komið að því að beita þessari aðferð en það var þegar gerð var tilraun til að telja sparisjóði vítt og breitt um landið á ólíkum tíma (Vífill Karlsson & Einar Þorvaldur Eyjólfsson, 2014).

Stuðst verður upplýsingar úr símaskráum fjögurra ára; 1985, 1993, 2005 og 2022. Þessi fjögur ár eru brotin upp í tvö tímabil: 1985 og 1993 annars vegar og 2005 og 2022 hins vegar. Árið 2005 var notað fyrir seinna tímabilið en ekki t.d. 2012 vegna þess að erfiðlega gekk að fá símaskrá frá þeim tíma. Það ætti ekki að vera stórt vandamál þar sem samburðurinn á milli svæða er mikilvægari en milli ára og alltaf eru notuð sömu árin á hverju svæði.


### 6.7.1 MEIRA AF ATVINNULÍFI DALANNA

---


Fjöldi iðnaðarmanna þessi tvö ár stóð nærri því í stað á milli tímabilanna í Dölum, fór úr 28 samanlagt 1985 og 1993 í 30 samanlagt 2005 og 2022 en þar sem íbúum hafði fækkað á milli þessara tímabila (um 33,5%) hafði iðnaðarmönnum í reynd fjölgað á hvern íbúa (Mynd 6.25). Þess utan er miklu fleiri iðngreinar að finna í Dölunum í dag eða nærri tvöfalt fleiri þar sem iðngreinar töldust sex árin 1985 og 1993 en 11 árin 2005 og 2022. Það bendir til fjölbeyttara atvinnulífs og færara vinnuafls á staðnum. Því má segja að þróunin hafi verið heppileg í Dölunum hvað þetta snerti. Á milli tímabilanna fækkaði rafvirkjum um fjóra og bifvélavirkjum um þrjá. Trésmiðum fjölgaði um tvo og einn húsgagnasmiður bættist við. Kokkar, vélvirki, vélsmiðir, bakarar, málari, pípari og rafeindavirki bættust við á milli tímabilanna en kjötiðnaðarmenn og bílasmiður hurfu af sjónarsviðinu.



Að jafnaði (samanlagður fjöldi deilt með tveimur) voru sex rafvirkjar árin 1985 og 1993, þrír trésmiðir og 2,5 bifvélavirkjar. Á seinna tímabilinu voru fjórir trésmiðir að jafnaði og voru þeir flestir meðal iðngreina, síðan þrír rafvirkjar og mun færri voru í öðrum iðngreinum.



Mynd 6.25: Iðnaðarmannaflóra í Búðardal árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022. Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem gefnar voru út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.



Mynd 6.26: Fyrirtækjaflóra í Búðardal árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022. Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem gefnar voru út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.




Tilsvarendi greining fyrir fyrirtækin leiddi í ljós með óbyggjandi hætti að atvinnulíf Dalanna hefur aukist að fjölbreytni milli tímabilanna þar sem 163 aðila í rekstri var að finna skráða með símanúmer í 95 atvinnugreinum á seinna tímabilinu í samanburði við 115 aðila í 65 atvinnugreinum á því fyrra (Mynd 6.26). Hér fylgir atvinnugreinaflokkunin þeirri flokkun sem aðstandendur kölluðu fyrirtækin en ekki hefðbundinni ÍSAT atvinnugreinaflokkun. Flokkun aðstandenda var látin halda sér því hún var talin vera meira lýsandi. Tekið skal fram að þetta er ekki fullkomin flokkun því við fáum t.d. nokkur félagsheimili sem eru auðvitað öll í rekstri sveitarfélagsins en það endurspeglar kannski frekar fjölbreytni þjónustunnar en fjölda þeirra sem veita hana. Þá voru félagasamtök með eins og áður sagði. Aðalatriðið er samt það að sömu aðferð var beitt á öll árin og alla landshluta og samanburðurinn segir því ákveðna sögu.

Þegar orðaskýin eru rýnd sést að vægi afþreyingar, flutninga og gistingar jókst á milli tímabila (Mynd 6.26). Það munar samt mest um fjölgun aðila í rekstri og þjónustu (42%) og atvinnugreinum (47%), einkum ef tekið er tillit til þess að íbúum fækkaði á milli tímabilanna eins og áður sagði.

### 6.7.2 MEIRA AF ATVINNULÍFI V-HÚN

Í V-Hún var engin sérstök breyting á fjölda iðnaðarmanna og fjölda iðngreina (Mynd 6.27) en þar sem íbúum fækkaði úr um 1.500 í 1.250 á milli tímabila (Mynd 6.1), eða u.þ.b. 17%, hefur iðnaðarmönnum fjölgað á hvern íbúa sem er góð þróun í svo fámennu samfélagi sem V-Hún. Hins vegar var þróunin í Dölunum miklu betri hvað þetta snerti. Fjöldi iðngreina í V-Hún var líka nokkurn veginn sú sama á milli tímabila.




Mynd 6.27: Iðnaðarmannaflóra á Hvammstanga árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022. Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem voru gefnar út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.

Þegar rýnt var nánar í tölurnar kom í ljós að lítil breyting var í fjölda iðngreina á milli tímabila. Trésmiðirnir voru flestir á seinna tímabilinu eða um 12 að jafnaði, rafvirkjar 5-6 að jafnaði og síðan komu málari, vélvirki og múrari. Það var helst að vélstjórum fækkaði en fólk með þá menntun var horfið úr skránum á seinna tímabilinu. Trésmiðum og pípurum fjölgaði en rafvirkjum, málurum og vélvirkjum fækkaði. Fjórar iðngreinar höfðu alveg horfið á seinna tímabilinu en þrjár nýjar komu inn. Þær sem hurfu voru vélstjóri, gullsmiður, kokkur og prentari. Þær sem komu nýjar inn á seinna tímabilinu voru vélsmiður, brúarsmiður

og kjötiðnaðarmaður. Hlutfallslegt staðalfrávik bendir til að úrval iðngreina hafi heldur dregist saman á milli tímabilanna tveggja.

Sambærileg greining var gerð á aðilum í rekstri og í ljós kom að fyrirtækjum hafði fjölgað mikið og atvinnugreinum líka. Fyrirtækjunum fjölgaði úr 148 í 222, eða 50%, og atvinnugreinum úr 82 í 111 og því um 35% (Mynd 6.27). Það er örlítið meiri hlutfallsleg fjölgun fyrirtækja en í Dölunum en ekki eins mikil fjölgun atvinnugreina. Þar sem fækkun íbúa var meiri í Dölunum er þetta betri útkoma hjá Dölunum að þessu leyti.



**Mynd 6.28:** Fyrirtækjaflóra í V-Hún árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022.

Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem voru gefnar út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.


Þegar orðaský V-Hún yfir þjónustuaðila var skoðað (Mynd 6.28) kom í ljós að vægi ferðabjónustu jókst á milli tímabila en einnig ýmis önnur þjónusta. Sérstaklega munar þó um breytingu hvað afþreyingu varðar. Við Sáum aukningu í afþreyingu í Dölunum líka á milli tímabila en hér er breytingin mun meiri. Breytingin á afþreyingu hér er líkari því sem sést í A-Hún í næsta kafla.

### 6.7.3 MEIRA AF ATVINNULÍFI A-HÚN

Í A-Hún fækkaði iðnaðarmönnum verulega á milli tímabila, úr 125 í 93, eða um 32 eða 16 að jafnaði (Mynd 6.29). Í A-Hún fækkaði trésmiðum á milli tímabila um 15, bifvéla virkjum um átta og múrurum um sjö. Svona mikil breyting var ekki til staðar á hinum svæðunum tveimur. Hins vegar fækkaði iðngreinum ekki verulega þar sem þær fóru úr 18 í 16. Íbúum fækkaði í A-Hún á milli þessara tímabila um 23,3% á meðan iðnaðarmönnum fækkaði um 25,6%. Það er nú nærri sama tala þó svo að það halli heldur á fjölda iðnaðarmanna í þessum hlutfallslega samanburði en ekki á hinum tveimur stöðunum. Þar má segja að iðnaðarmönnum hafi fjölgað en í besta falli var tala þeirra óbreytt á milli tímabila í A-Hún.

Hins vegar má segja að meiri jöfnuður hafi verið á milli iðngreina á seinna tímabilinu og að þannig hafi „færni“ vinnumarkaðarins aukist þegar horft er til iðngreina í A-Hún. En það gerði hún vissulega líka í

Dölunum en versnaði heldur í V-Hún<sup>6</sup>. Á fyrra tímabilinu voru 38,5% allra iðnaðarmanna trésmiðir, eða 48 af 125. Á því seinna voru þeir 35,4% allra, eða 33 af 93. Af þessum sökum voru því fleiri með ýmsa aðra iðnmenntun í A-Hún á seinna tímabilinu en því fyrra og því var þróunin heppileg þegar horft var til þessa atriðis.



Mynd 6.29: Iðnaðarmannaflóra í A-Hún árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022. Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem voru gefnar út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.

Þegar sambærileg rýni var gerð á aðilum í ýmiskonar þjónustu og fyrirtækjarekstri birtist allt önnur mynd en yfir fjölda iðnaðarmanna (Mynd 6.30). Þar kom fram veruleg fjölgun hvort sem litið var til fjölda iðnaðarmanna eða fjölda atvinnugreina. Fyrirtækin fóru úr 279 á fyrra tímabilinu í 412 (eða 48%) og fjöldi atvinnugreina úr 107 í 162 (eða 51%). En þá má kannski ætla að atvinnuuppbygging A-Hún sé að breytast yfir í minna iðnaðardrifið samfélag þar sem iðnaðarmönnum fjölgaði ekki.


Frekari rýni á orðaskýinu bendir til að þjónusta tengd afþreyingu og ferðamönnum hafi orðið meira áberandi. Orðin gisting, veitingar, ferðaþjónusta og jafnvel flutningar voru miklu meira áberandi á seinna tímabilinu en því fyrra. Afþreying tengist líka ferðaþjónustu að nokkru leyti. Orðið verslun er svipur hjá sjón á seinna tímabilinu í samanburði við það fyrra. Þá vekur reyndar athygli að orðið fiskvinnsla er nánast horfin en orðið fiskveiðar er meira áberandi. Það rímar við umfjöllunina hér fyrr þar sem tölur Hagstofunnar yfir framleiðslumagn fiskvinnslu dróst saman bæði á Blönduósi og Skagaströnd meðan fjöldi fiskiskipa jókst (Mynd 6.21 og Mynd 6.23).

Ef þessar upplýsingar eru dregnar saman og umreiknaðar yfir í fjölda iðnaðarmanna og fyrirtækja á hverja 1.000 íbúa fyrir öll landsvæðin samtímis í einni töflu kemur í ljós að iðnaðarmenn voru fæstir í Dölunum á fyrra tímabilinu en voru nærri jafn margir því sem var bæði í V-Hún og A-Hún á því seinna (Tafla 6.4). Jákvæðustu breytingarnar var því að finna í Dölunum en A-Hún gaf eftir að þessu leyti. Svipuð mynd dróst upp þegar iðnaðarmenn voru flokkaðar í iðngreinar þar sem Dalirnir komu verst út á fyrra tímabilinu en voru reyndar í bestri stöðu á því seinna (Tafla 6.5). Dalir sóttu því mest í sig veðrið á milli tímabila af þessum þremur landsvæðum. Að einhverju leyti teiknast þessi mynd upp vegna þess að íbúafækkunin var mest í

<sup>6</sup> Útreikningar á hlutfallslegu staðalfráviki bentu einnig til þess.



Dölunum á milli tímabila en hún hefur að minnsta kosti ekki grafið undan atvinnulífinu á staðnum og fjölbreytni þess. Það verður að teljast mjög gott þar sem að svona mikil íbúafækkun gæti hafa haft mikil samdráttaráhrif af þessu tagi í för með sér vegna stærðarhagkvæmni í rekstri margra fyrirtækja. Sambærileg niðurstaða fæst fyrir Dalina þegar horft er til fjölda fyrirtækja og atvinnugreina á hverja 1.000 íbúa.



Mynd 6.30: Fyrirtækjaflóra í A-Hún árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022.

Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem voru gefnar út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.

Tafla 6.4: Fjöldi iðnaðarmanna og fyrirtækja í Dölum, V-Hún og A-Hún á hverja 1000 íbúa.

Tölur Pósts og síma ásamt ja.is

Landshluti	Iðnaðarmenn			Fyrirtæki		
	1985&1993	2005&2022	Breyting	1985&1993	2005&2022	Breyting
Dalir	13,5	21,8	8,3	55,6	118,5	62,9
V-Hún	19,4	22,8	3,3	48,7	88,7	39,9
A-Hún	24,3	23,6	-0,7	54,2	104,4	50,1

Tafla 6.5: Fjöldi iðn- og atvinnugreina í Dölum, V-Hún og A-Hún á hverja 1000 íbúa.


Tölur Pósts og síma ásamt ja.is

Landshluti	Iðngreinar			Atvinnugreinar		
	1985&1993	2005&2022	Breyting	1985&1993	2005&2022	Breyting
Dalir	5,8	16,0	10,2	62,8	138,1	75,3
V-Hún	9,9	11,2	1,3	54,0	88,7	34,6
A-Hún	7,0	8,1	1,1	41,6	82,1	40,5

Ekki verður séð af þessum samanburði að atvinnulíf í V-Hún hafi verið neitt fjölbreyttara en í Dölunum eða A-Hún nema síður sé. Það er helst að fjöldi iðn- og atvinnugreina á hverja þúsund íbúa sé meiri í V-Hún en

A-Hún en ekki í Dölunum. Sé horft til fjölda fyrirtækja og iðnaðarmanna eru þau fæst í V-Hún en fjöldi iðnaðarmanna er mjög svipaður og annars staðar á seinna tímabilinu.

Fróðlegt getur verið að brjóta A-Hún upp á milli Blönduóss og Skagastrandar. Þegar það var gert kom í ljós að iðnaðarmönnum fækkaði mikið á milli tímabila á Blönduósi. Íbúum fækkaði á Blönduósi um 21% á milli árána (Mynd 6.4) en iðnaðarmönnum um 31%. Mest munaði um fækkun trésmiða, bifvélavirkja, múrara og rafvirkja. Einnig fækkaði pípurum, vélvirkjum og rennismiðum. Hins vegar fjölgaði málurum, bökurum og vélsmiðum lítið eitt.



Mynd 6.31: Iðnaðarmannaflóra á Blönduósi árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022. Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem voru gefnar út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.


Fjöldi iðngreina var sá sami á báðum tímabilum, þó svo sumar þeirra hafi horfið hafa nýjar komið inn. Hlutfallslegt staðalfrávik bendir til að úrval iðnaðarmanna hafi aukist á milli tímabila. Það lýsir sér í því að hlutfallslega fleiri iðnaðarmenn tilheyrðu fámennari iðngreinum á seinna tímabilinu og það voru hlutfallslega færri í fjölmennustu iðngreinunum.

Yfirlit yfir aðila í rekstri á Blönduósi og nágrenni sýndi að þeim fjölgaði um 52% á milli tímabila og atvinnugreinum um 46% (Mynd 6.32). Vægi afþreyingar jókst á milli tímabila, einnig gistingar og veitinga en það dró úr vægi verslunar.

Á Skagaströnd fækkaði iðnaðarmönnum um 10% á meðan íbúum fækkaði um 26% á milli tímabilanna. Iðngreinum fækkaði hins vegar um þrjár sem er mikið því þær voru aðeins 10 fyrir. Vélstjórum fækkaði aðeins en iðngreinarnar skipasmíður, bifvélavirki, málari, vélsmiður, múrari og rafeindvirki hurfu alveg. Iðngreinarnar kokkur, hárskeri og klæðskeri komu hins vegar nýjar inn á milli tímabilanna. Rafvirkjum, trésmiðum og vélvirkjum fjölgaði á milli tímabilanna. Af þessu er því augljóst að úrval iðnaðarmanna dróst saman á Skagaströnd á milli tímabilanna.







Mynd 6.34: Fyrirtækjaflóra á Skagaströnd árin 1985 og 1993 borin saman við 2005 og 2022. Byggt á gögnum Símaskráa fyrir árin 1985, 1993 og 2005 sem voru gefnar út af Pósti og síma og ja.is fyrir árið 2022.

#### 6.7.4 RÍKISSTÖRF

Byggðastofnun hefur fylgst með fjölda ríkisstarfa á landinu öllu frá árinu 2014 og birtir tölur árlega. Þar sem þau koma við sögu í greiningu skýrslunnar var ákveðið að birta samantekt á ríkisstörfum í þeim þremur landshlutum sem rannsóknin beinist að.

Tafla 6.6: Ríkisstörf í Dölum, V-Hún og A-Hún árin 2021 og 2014. Tölur Byggðastofnunar

Landshluti	Öll ríkisstörf			Ríkisstörf kvenna		
	2021	2014	Breyting	2021	2014	Breyting
Dalir	44	48	-4	26	26	0
V-Hún	69	64	5	46	40	6
A-Hún	130	123	7	88	84	4

Tafla 6.7: Ríkisstörf sem hlutfall af fjölda íbúa í Dölum, V-Hún og A-Hún árin 2021 og 2014. Tölur Byggðastofnunar

Landshluti	Fjöldi íbúa		Öll ríkisstörf sem hlutfall af fjölda íbúa	
	2021	2014	2021	2014
Dalir	665	673	7%	7%
V-Hún	1.226	1.173	6%	5%
A-Hún	1.885	1.886	7%	7%

Í ljós kom að ríkisstörfin voru flest í A-Hún (Tafla 6.6) eins og búast mátti við þar sem það er fjölmennasta samfélagið (Tafla 6.7). Í V-Hún voru 66% ríkisstarfa skipuð konum árið 2021 en hlutfallið var mjög svipað

í A-Hún og um 60% í Dölunum. Þegar leiðrétt hafði verið í samræmi við íbúafjölda kom í ljós að störfín voru fæst í V-Hún en jafn mörg í Dölum og A-Hún (Tafla 6.7).

Ákveðið var að reikna út hversu mikið vægi ríkisstörf hefðu meðal karla og kvenna í þessum landshlutum árin 2014 og 2021. Það var gert með því að deila fjölda karla og kvenna á vinnumarkaðsaldri upp í fjölda starfandi karla og kvenna hjá ríkinu á þessum svæðum. Í ljós kom að meðal kvenna var hlutur Dalanna og A-Hún svipaður bæði árin en lítið eitt lægri í V-Hún (Tafla 6.8). Hlutur karla var hins vegar svipaður í V-Hún og A-Hún og breyttist ekki á milli kannana. Hlutur karla í Dölunum var hins vegar töluvert hærri en í Húnvatnssýslunum báðum.

**Tafla 6.8: Hlutur kvenna og karla í ríkisstörfum íbúa í Dölum, V-Hún og A-Hún árin 2021 og 2014.**  
Tölur Bygðastofnunar

Landshluti	Konur		Karlar	
	2021	2014	2021	2014
Dalir	14%	13%	10%	11%
V-Hún	12%	11%	6%	7%
A-Hún	15%	14%	7%	6%

Skýring: Reiknað sem fjöldi starfandi kvenna (karla) deilt með fjölda kvenna (karla) á vinnumarkaðsaldri (18-67 ára).

Á þessu sést að V-Hún er á engan hátt með fleiri ríkisstörf en samanburðarsvæðin, jafnvel þó svo að Fæðingarorlofssjóður hafi verið fluttur þangað árið 2007 eins og fjallað hefur verið um og komið verður að aftur síðar. Í A-Hún voru flutt verkefni á vegum ríkisins á svipuðum tíma, eins og áður sagði, sem færðu þeim líka fleiri störf (þó leiðrétt sé fyrir höfðatölu) og áhugaverð fyrir menntaðar konur að því er virðist. Þetta verður því varla nýtt sem ein af skýringunum fyrir góðri útkomu í V-Hún og mikilli ánægju fólks með aðstæður þar, sérstaklega kvenna, þó svo Dalirnir hafi ekki fengið neitt sambærilegt til sín nýlega.

### 6.7.5 VINNUMARKAÐUR

#### 6.7.5.1 Atvinnutekjur

Hefjum þessa umfjöllun á vinnumarkaðnum með því að gefa gróft landfræðilegt yfirlit yfir meðal atvinnutekjur og heildartekjur síðasta fimm ára tímabilið fyrir Covid-faraldurinn, eða árin 2015-2019. Höldum Covid utan við þetta þar sem það var mjög óvenjulegt kreppuástand og best að taka nokkur ár í eðlilegra árferði.

Meðal atvinnutekjur Vesturlands voru í lægri kantinum árin 2015-2019 en þær voru hvergi lægri en á Norðurlandi vestra (Tafla 6.9). Jöfnuðurinn var hins vegar hvergi meiri (lægsta staðalfráviknið) en á Norðurlandi vestra og næst mestur var hann á Vesturlandi.

Sama mynd dróst upp þegar heildartekjur voru skoðaðar fyrir Norðurland vestra sem voru lægstar en Vesturland var að þessu sinni með næst hæstu tekjurnar (Tafla 6.10). Ójöfnuðurinn var hvergi meiri en á Vesturlandi (staðalfráviknið) en jöfnuðurinn mestur á Norðurlandi vestra.



**Tafla 6.9: Meðal atvinnutekjur eftir landshlutum árin 2015-2019.**  
Tölur Hagstofu Íslands. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2021 í þúsundum króna á ári.

Landshluti	Meðaltal			Staðalfrávik		
	Meðaltal	Hámark	Lágmark	Meðaltal	Hámark	Lágmark
Austurland	4.788	6.051	3.606	4.569	6.434	3.040
Höfuðborgarsvæðið	5.540	6.627	4.578	6.151	10.031	4.946
Norðurland eystra	4.269	5.499	2.616	4.337	5.746	3.083
Norðurland vestra	3.708	5.222	2.698	3.758	5.848	2.538
Suðurland	4.250	5.218	3.034	4.588	16.591	3.104
Suðurnes	4.735	5.430	3.973	4.322	5.354	3.581
Vestfirðir	4.496	5.740	2.365	4.391	6.010	3.133
Vesturland	4.262	5.879	2.222	4.192	6.158	2.390
<b>Allir landshlutar</b>	<b>4.422</b>	<b>6.627</b>	<b>2.222</b>	<b>4.515</b>	<b>16.591</b>	<b>2.390</b>

Hér byggja meðaltöl og staðalfrávik landshluta á meðaltölum sveitarfélaga viðkomandi landshluta og ber að túlkast þannig.

**Tafla 6.10: Meðal heildartekjur eftir landshlutum árin 2015-2019.**  
Tölur Hagstofu Íslands. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2021 í þúsundum króna á ári.

Landshluti	Meðaltal			Staðalfrávik		
	Meðaltal	Hámark	Lágmark	Meðaltal	Hámark	Lágmark
Austurland	6.260	7.558	4.590	4.647	6.899	2.704
Höfuðborgarsvæðið	7.723	9.447	6.384	10.295	28.001	5.608
Norðurland eystra	6.187	11.296	4.485	6.172	89.617	2.325
Norðurland vestra	5.478	7.084	3.908	3.850	6.382	2.471
Suðurland	6.277	8.504	4.823	7.149	48.371	3.089
Suðurnes	6.439	7.468	5.363	6.607	17.209	3.139
Vestfirðir	6.325	8.374	5.172	5.119	16.405	2.302
Vesturland	6.756	17.191	4.337	10.845	106.936	2.684
<b>Allir landshlutar</b>	<b>6.410</b>	<b>17.191</b>	<b>3.908</b>	<b>7.044</b>	<b>106.936</b>	<b>2.302</b>

Nú verða sveitarfélögin skoðuð en einblínt á atvinnutekjur sérstaklega þar sem þær gefa gleggri mynd af því hvernig fólk er metið á vinnumarkaði og endurspegla kannski enn frekar velgengni atvinnulífsins á stöðunum. Þau verða metin innbyrðis en líka m.t.t. allra annarra sveitarfélaga á landinu. Eðli talnanna var þannig að ekki var hægt að taka A-Hún sem eina tölu og það því brotið upp eftir sveitarfélögum.

**Tafla 6.11: Meðal atvinnutekjur eftir sveitarfélögum árin 2015-2019.**

Tölur Hagstofu Íslands. Tölur eru á verðlagi ársins 2021 í þúsundum króna á ári. Raðtölur eru frá 1 til 69 þar sem hæsta gildið fær 1 og lægsta 69.

Sveitarfélög	Svæði	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal, röð	Staðalfrávik, röð
Dalabyggð	Dalir	3.041	3.364	61	55
Húnaþing vestra	V-Hún	3.072	3.145	60	62
Blönduósbær	A-Hún	3.590	3.496	47	47
Húnavatnshreppur	A-Hún	2.724	2.595	65	69
Skagabyggð	A-Hún	2.582	2.658	68	68
Sveitarfélagið Skagaströnd	A-Hún	4.432	4.726	17	12
<b>Öll sveitarfélög</b>		<b>3.924</b>	<b>4.004</b>		

Samanburðurinn gefur til kynna að atvinnutekjurnar hafi verið hæstar í Sveitarfélaginu Skagaströnd og svo í Blönduósbæ og því má segja að A-Hún beri höfuð og herðar yfir bæði V-Hún og Dalabyggð (Tafla 6.11). Atvinnutekjur í Dölum og V-Hún voru mjög áþekkar en hins vegar var launamunurinn innan sveitarfélagsins (misskiptingin) meiri í Dölunum en V-Hún. Á landsvísu voru Dalabyggð og Húnaþing vestra meðal þeirra 10 sveitarfélaga þar sem atvinnutekjurnar voru hvað lægstar en Húnaþing vestra var í hópi þeirra 10 sveitarfélaga þar sem launamunurinn innan sveitarfélagsins var hvað minnstur. Athygli vekur hvað munurinn er líka mikill á milli fjögurra sveitarfélaga A-Hún. Sveitarfélagið Skagaströnd var í 17. sæti af 69 þegar sveitarfélög voru flokkuð eftir atvinnutekjum en Blönduósbær féll í 47. sæti, Húnavatnshreppur í 65. sæti og Skagabyggð í 68. sæti. Hins vegar lenti Sveitarfélagið Skagaströnd í 12. sæti þegar sveitarfélögin voru flokkuð eftir launamun innan sveitarfélaga og Skagabyggð í 68. sæti. Það er því óhætt að fullyrða að launamunurinn innan A-Hún var mestur á árunum 2015-2019, borinn saman við Dali og V-Hún og minnstur hjá því síðastnefnda.

Að lokum var dregin upp gróf mynd af launamuni kynja á þessum svæðum. Eingöngu voru borin saman meðaltöl en ekki gerð tilraun til að taka tillit til menntunar og annarra áhrifaþátta/bakgrunnsbreyta. Hér var eingöngu skoðað hvort karlar væru með hærri laun en konur og þá hversu mikið.

**Tafla 6.12: Meðal atvinnutekjur kvenna eftir sveitarfélögum árin 2015-2019.**

Tölur Hagstofu Íslands. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2021 í þúsundum króna á ári. Raðtölur eru frá 1 til 69 þar sem hæsta gildið fær 1 og lægsta 69. Að þessu sinni var stuðst við skilyrt úrtak þannig að meðaltalið reiknaðist bara á þá sem skiluðu inn framtali en ekki alla íbúa eins og í fyrri útreikningum.

Sveitarfélög	Svæði	A: Meðal kvenna	B: Brúttó launamunur kynja	C: Röð B á landsvísu	D: Staðalfrávik A, röð á landsvísu	E: Röð A á landsvísu
Dalabyggð	Dalir	4.156	19,3%	54	60	60
Húnaþing vestra	V-Hún	4.159	12,7%	59	48	59
Blönduósbær	A-Hún	4.727	27,7%	47	43	22
Húnavatnshreppur	A-Hún	3.956	-10,7%	67	56	64
Skagabyggð	A-Hún	3.908	-16,3%	69	21	65
Sveitarfélagið Skagaströnd	A-Hún	4.745	62,7%	9	23	21
<b>Öll sveitarfélög</b>		4.619				

Í ljós kom að brúttó launamunur kynja var lægstur í Húnavatnshreppi, -10,7%, og hæstur í Sveitarfélaginu Skagaströnd, 62,7% (Tafla 6.12). Þegar dregið var saman í svæði þá var hann minnstur í V-Hún, 12,7%, þá 19,3% í Dölum og eitthvað hærri í A-Hún þar sem lang fjölmennustu svæðin, Blönduósbær og Sveitarfélagið Skagaströnd, eru miklu hærri en Dalabyggð. V-Hún var meðal þeirra 10 sveitarfélaga þar sem brúttó launamunur kynja var minnstur en minnstur var hann í Skagabyggð. Sveitarfélagið Skagaströnd var í hópi þeirra 10 sveitarfélaga þar sem brúttó launamunur var mestur. Athygli vekur að launamunur kvenna innbyrðis var hins vegar hæstur í báðum þessum sveitarfélögum (Skagabyggð og Svf. Skagaströnd) þegar þessi sex voru borin saman. Minnstur var hann í Dalabyggð og nokkuð lágur í Húnaþingi vestra. Laun kvenna í þessum sveitarfélögum voru hins vegar hæst í Sveitarfélaginu Skagaströnd og Blönduósi og þar með í A-Hún en mun lægri bæði í Húnaþingi vestra og Dalabyggð.

Að lokum var gerð tilraun til að brjóta þennan launamun upp eftir bakgrunnsbreytum með sama hætti og gert var í nýlegri rannsókn höfundar um innflytjendur (Vífill Karlsson, 2022b, bls. 54). Í ljós kom að enginn marktækur launamunur kom fram á milli kynja í Dölum og V-Hún en hann var til staðar í A-Hún þar sem laun mældust marktækt hærri hjá körlum upp á 32%. Taka skal þessum niðurstöðum með fyrirvara þar sem athuganir hefðu mátt vera fleiri. Þær voru eingöngu 225 fyrir A-Hún, 210 fyrir V-Hún og 131 í Dölunum.

Í þessu var samt að finna kunnugleg stef, eins og að fólk í landbúnaði væri með lægri laun, dreifbýli lægri en þéttbýli, sérfræðingar og stjórnendur með hærri laun en aðrir, þeir sem starfa í sjávarútvegi hærri en þeir sem starfa í öðrum greinum og faglærðir höfðu hærri laun en ófaglærðir.

### 6.7.5.2 Atvinnuleysi

Atvinnuleysi er hvítleiður vandi og hellist gjarnan yfir þegar kreppir að. Áveðið var að skoða skráð atvinnuleysi í þeim landshlutum sem hér hafa verið til skoðunar, brotið upp eftir kynjum þar sem sú vídd virðist vera áhugaverð miðað við það sem kom fram varðandi atvinnutekjur hér á undan. Atvinnuleysi á landinu öllu (Ísland) var síðan haft til samanburðar (Tafla 6.13).

**Tafla 6.13: Meðal atvinnuleysi eftir landshlutum árin 2000-2021.**  
Tölur Vinnuálastofnunar. Skráð atvinnuleysi að jafnaði mánaðarlega á viðkomandi tímabilum.

Landshluti	Karlar				Konur			
	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021
Dalir	3,7%	1,3%	1,7%	1,5%	3,3%	1,3%	3,4%	2,3%
V-Hún	6,0%	1,4%	2,7%	1,8%	4,6%	1,7%	2,9%	2,5%
A-Hún	2,7%	1,3%	3,7%	1,9%	3,6%	1,5%	2,9%	2,1%
<b>Ísland</b>	5,4%	1,8%	4,4%	2,3%	6,0%	2,3%	4,4%	3,0%

Atvinnuleysi tveggja krepputímabila voru skoðuð (2020-2021 og 2009-2012), á einu hagvaxtartímabili (2015-2019) og svo yfir langan tíma (2000-2021). Í öllum tilvikum var atvinnuleysi lægra í Dölum, V-Hún og A-Hún en á landinu öllu, nema á tímabilinu 2020-2021 í V-Hún. Atvinnuleysi mældist yfirleitt mest í V-Hún af þessum svæðum hjá báðum kynjum.

Á fyrra krepputímabilinu stóðu konur jafnfætis körlum en verr á því seinna (Tafla 6.13). Í V-Hún var nokkurt jafnvægi á milli kynjanna á fyrra krepputímabilinu þó svo konur hafi mælst með 0,2 prósentustigum hærra atvinnuleysi en karlar. Konur komu mun betur út á því tímabili í A-Hún en mun verr í Dölum. Á seinna krepputímabilinu voru hlutfallslega fleiri konur atvinnulausar í A-Hún en karlar stóðu frekar höllum fæti gagnvart konum í Dölum að þessu leyti. Þá sluppu konur mun betur að þessu leyti í V-Hún en karlar á þessu tímabili. Heilt yfir virðast konur því standa mikið betur í V-Hún en karlar hvað atvinnuleysi á krepputímabilum varðar en tekið skal fram að V-Hún fór verst út úr atvinnuleysinu á seinna krepputímabilinu í samanburði við bæði Dali og A-Hún. Á hagvaxtarskeiðinu var atvinnuleysi kvenna annað hvort það sama og karla (í Dölum) eða lítið eitt hærra en karla (V-Hún og A-Hún). Erfitt er að leggja mikið út af því þar sem svona lágt atvinnuleysi telst til svokallaðs náttúrulegs atvinnuleysis (fólk að leita að vinnu o.þ.h.). Til lengri tíma litið (2000-2021) þá hallaði mest á konur gagnvart körlum hvað atvinnuleysi varðar í Dölum og V-Hún en síst í A-Hún. Það má því segja að vinnumarkaðurinn hafi tekið mestum framförum í V-Hún gagnvart konum þegar atvinnuleysi þeirra gagnvart körlum á nýliðnum árum (einkum kreppuárum) er borið saman við allt tímabilið.

Þegar A-Hún var brotið upp eftir sveitarfélögum kom í ljós að atvinnuleysi var lang mest hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd nema árin 2009-2012 þar sem það var hæst hjá körlum í Blönduósbæ og árin 2020-2021 í Skagabyggð. Atvinnuleysi í Sveitarfélaginu Skagaströnd var yfirleitt meira hjá konum en körlum. Það gæti tengst störfum við fiskvinnslu, sem eru oft kvennastörf, en atvinnuleysi hefur stundum og sums staðar verið árstíðabundið í þeirri atvinnugrein vegna hráefnisskorts.

Á Blönduósi var atvinnuleysi karla alltaf meira en kvenna og vinnumarkaðurinn þar því konum hvergi hagstæðari en á Blönduósi þegar samanburðurinn er framkvæmdur með þessum hætti. Á Skagaströnd var

atvinnuleysi kvenna alltaf hærra en karla nema árin 2020-2021. Í Skagabyggð og Húnavatnshreppi var atvinnuleysi karla bara hærra en kvenna árin 2009-2012. Á þessu sést að í samanburði við karla hefur vinnumarkaðurinn yfirleitt verið óhagfelldari konum í öllum sveitarfélögum A-Hún nema Blönduósi.

**Tafla 6.14: Meðal atvinnuleysi eftir sveitarfélögum A-Hún árin 2000-2021.**  
Tölur Vinnumálastofnunar. Skráð atvinnuleysi að jafnaði mánaðarlega á viðkomandi tímabilum.

Landshluti	Karlar				Konur			
	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021
Blönduósbær	2,3%	1,6%	6,3%	2,6%	1,1%	1,3%	4,1%	1,9%
Húnavatnshreppur	1,0%	0,4%	1,9%	0,9%	2,0%	1,2%	1,5%	1,1%
Skagabyggð	0,0%	0,6%	2,8%	1,1%	6,4%	0,6%	1,4%	1,7%
Sveitarf. Skagaströnd	7,4%	2,7%	3,6%	3,0%	5,0%	3,0%	4,8%	3,6%

Önnur leið til að skoða hvort atvinnuleysi er íþyngjandi sem slíkt er að skoða sveiflurnar í því frá mánuði til mánaðar. Ef sveiflurnar eru miklar (hátt staðalfrávik) er það talið almennt merki um óvissu á vinnumarkaði og óheppilegt þar sem útgjöld almennings eru frekar stöðug og því gott ef tekjur hans eru líka fyrirsjáanlegar (Tafla 6.15). Almennt má segja að staðalfrávikin hefur verið lægst í Dölunum þegar horft er til alls tímabilsins hæst í A-Hún (Tafla 6.15). Sveiflurnar í A-Hún voru aðallega í Sveitarfélaginu Skagaströnd (einkum á seinni hluta tímabilsins) og í Skagabyggð (Tafla 6.16).

**Tafla 6.15: Staðalfrávik atvinnuleysis eftir landshlutum árin 2000-2021.**  
Tölur Vinnumálastofnunar. Skráð atvinnuleysi að jafnaði mánaðarlega á viðkomandi tímabilum.

Landshluti	Karlar				Konur			
	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021
Dalir	1,6%	1,1%	1,0%	1,3%	1,0%	0,8%	1,1%	1,7%
V-Hún	2,3%	0,8%	1,9%	1,9%	1,6%	1,0%	1,3%	1,6%
A-Hún	3,2%	1,5%	2,8%	2,2%	3,6%	1,5%	2,6%	2,4%
<b>Ísland</b>	4,6%	0,6%	1,6%	2,9%	4,1%	0,9%	1,2%	2,4%

Þegar landið allt er skoðað þá er það almennt þannig að atvinnuleysi karla hefur verið sveiflukenndara en kvenna að einu tímabili undanskyldu, 2015-2019. Það sama gilti fyrir V-Hún. Þessu var hins vegar öfugt farið í Dölunum fyrir tímabilin 2000-2001 og 2009-2012. Í A-Hún hallaði heldur á konur yfir allt tímabilið og svo það allra nýjasta.

**Tafla 6.16: Staðalfrávik atvinnuleysis eftir sveitarfélögum A-Hún árin 2000-2021.**  
Tölur Vinnumálastofnunar. Skráð atvinnuleysi að jafnaði mánaðarlega á viðkomandi tímabilum.

Landshluti	Karlar				Konur			
	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021	2020-2021	2015-2019	2009-2012	2000-2021
Blönduósbær	0,7%	1,1%	3,3%	2,5%	1,1%	0,8%	2,5%	1,8%
Húnavatnshreppur	0,8%	0,6%	1,1%	0,9%	1,5%	1,1%	1,1%	1,1%
Skagabyggð	0,0%	1,4%	2,0%	1,8%	5,2%	1,5%	2,5%	3,4%
Sveitarf. Skagaströnd	2,7%	1,6%	2,2%	2,4%	2,2%	1,3%	2,2%	2,0%

Það mátti hins vegar aðallega rekja til litlu sveitarfélaganna tveggja, Skagabyggðar og Húnavatnshrepps (Tafla 6.16). Í Blönduósbæ var staðalfrávik kvenna alltaf lægra, nema árin 2020-2021, og á Skagaströnd alltaf nema 2009-2012 þegar það var sama og karla.


Þegar horft er til atvinnuleysis má því segja að atvinnuleysi kvenna sé heldur meira í V-Hún en í A-Hún og Dölunum en þegar skoðuð er staða kvenna gagnvart körlum að þessu leyti þá hefur hún lagast í V-Hún. Atvinnuleysi hefur hvergi verið eins mikið að jafnaði og í Sveitarfélaginu Skagaströnd og hærra meðal kvenna en karla. Atvinnuleysi kvenna hefur nánast hvergi verið eins lítið og í Blönduósbæ, Skagabyggð og Húnavatnshreppi (Tafla 6.13 og Tafla 6.14).

## 6.8 SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Dalirnir telja eitt sveitarfélag. **Dalabyggð** varð fyrst til við sameiningu sex sveitarfélaga árið 1994. Síðan bættist Skógarstrandarhreppur við 1998 og síðast Saurbæjarhreppur 2006. Landsvæðið V-Hún telur einnig aðeins eitt sveitarfélag. **Húnaþing vestra** varð til 1998 þegar sjö hreppar sameinuðust. Síðan sameinaðist Bæjarhreppur á ströndum Húnaþingi árið 2012. Í A-Hún eru fjögur sveitarfélög; Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnavatnshreppur og Skagabyggð. Engihlíðarhreppur sameinaðist **Blönduósbæ** árið 2001. Þá breytti Höfðahreppur nafni sínu yfir í **Sveitarfélagið Skagaströnd** árið 2007. **Húnavatnshreppur** varð fyrst til í sameiningu fjögurra sveitarfélaga árið 2004; Bólstaðarhlíðarhreppur, Sveinsstaðarhreppur, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur. Árið 2006 sameinaðist Áshreppur svo Húnavatnshreppi. **Skagabyggð** varð síðan til við sameiningu Vindhælishrepps og Skagahrepps árið 2001. Á þessu sést að öll hafa þessi landsvæði reynslu af sameiningu. Húnavatnshreppur og Blönduósbær samþykktu síðan sameiningu á rannsóknarárinu 2022. A-Hún er því að breytast í þrjú sveitarfélög. Nafn nýja sveitarfélagsins er Húnabyggð.


## 6.9 FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA

Fjárhagsstaða sveitarfélaganna getur varpað ljósi á það svigrúm sem þau hafa til að veita þá þjónustu sem sveitarfélögin eiga eða kjósa að veita íbúunum. Góð þjónusta getur síðan haft áhrif á velferð og ánægju íbúanna. Í þessum stutta kafla verða birtar upplýsingar yfir lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga á þeim svæðum sem til skoðunar eru í þessari rannsókn. Fyrst verður skoðað hversu hátt hlutfall skatttekjur eru af heildartekjum sveitarfélaganna. Síðan verður launakostnaður sveitarfélaga skoðaður sem hlutfall af tekjum, þá veltufé frá rekstri, fjárfestingar, skuldir A-hluta og skuldir A og B hluta.



**Mynd 6.35: Nokkrar lykiltölur úr rekstri Dalabyggðar árin 2015-2019 og 2021.**  
Byggt á gögnum úr Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir viðkomandi ár.


Í Dölunum virðist þó nokkur árangur hafa náðst þegar árið 2021 er borið saman við fimm ár á undan Covid-kreppuárinu en það sést m.a. á því að skuldirnar lækkuðu um sjö prósentustig ef horft er til A-hluta en þrjú prósentustig þegar horft er til A og B hluta. Veltufé frá rekstri jókst einnig úr 6% í 13% á milli þessara tímabila. Samt jukust launaútgjöld sveitarfélagsins úr 52% af heildartekjum árin 2015-2019 í 57% árið 2021.



**Mynd 6.36: Nokkrar lykiltölur úr rekstri Húnaþingi vestra árin 2015-2019 og 2021.**

Byggt á gögnum úr Árbók Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir viðkomandi ár.

Í V-Hún jukust skuldir töluvert þegar árið 2021 var borið saman við tímabilið 2015-2019. Launin jukust hlutfallslega þarna á milli og veltufé frá rekstri helmingaðist. Þá dró töluvert úr fjárfestingum sveitarfélagsins. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur því versnað í þessum samanburði.



**Mynd 6.37: Nokkrar lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga í A-Hún árin 2015-2019 og 2021.**

Byggt á gögnum úr Árbók Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir viðkomandi ár.

Í A-Hún þróaðist fjárhagsstaða sveitarfélaganna með svipuðum hætti og í V-Hún þannig að skuldir jukust, veltufé frá rekstri varð óhagfelldara, launakostnaður sveitarfélagsins jókst og fjárfestingar drógust saman.


Þegar svæðin voru borin saman kom í ljós að staða sveitarfélaga var verst í A-Hún, þá í V-Hún en best var hún í Dölunum einkum ef horft er til veltufjár frá rekstri og skulda bæði í A og B hluta.

## 7 NIÐURSTÖÐUR

### 7.1 LÝSANDI GREINING

#### 7.1.1 GREINING Á LOKUÐUM SPURNINGUM

Í könnuninni sem stuðst er við voru þátttakendur beðnir um að meta 40 þætti sem kallaðir hafa verið búsetuskilyrði. Það var gert á tvo vegu. Í fyrsta lagi áttu þátttakendur að meta stöðu þeirra þar sem þeir búa og síðan mikilvægi eins og lýst hefur verið í kaflanum um aðferðir. Svör þátttakenda fyrir V-Hún voru síðan tekin saman myndrænt (Mynd 7.1).




Mynd 7.1: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða fyrir íbúa V-Hún 2020.  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.

Á lóðrétta ás myndarinnar er að finna einkunn fyrir stöðu viðkomandi þátta. Á lárétta ásnum er einkunn fyrir mikilvægi þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu. Á myndinni er því augljóst að af öllum 40 búsetuskilyrðunum stóðu náttúra og friðsæld best (staðan) í V-Hún árið 2020 en verst stóðu leiguíbúðir og vegakerfi. Rafmagn og öryggi voru talin mikilvægustu búsetuskilyrðin en leiguíbúðir, háskóli og íbúðir til kaupa lentu lægst á þeim kvarða<sup>7</sup>.

<sup>7</sup> Leiguíbúðir og íbúðir til kaupa koma svona út vegna þess að fólk sem svarar er örugglega lang flest í húsnæði þegar það tekur könnunina. Þess vegna kemur þetta svona einkennilega lítið mikilvægt út í könnuninni.

V-Hún var síðan borin saman við Dalina (Mynd 7.2). V-Hún er í forgrunni myndarinnar og þess vegna eru allir þættir sem lenda fyrir ofan lárétta ás myndarinnar betri í V-Hún en Dölunum, að mati þátttakenda. Þá sést t.d. að flest búsetuskilyrði eru talin betri í V-Hún en Dölunum. Eingöngu loftgæði, friðsæld, leiguíbúðir, náttúra og rafmagn eru betri í Dölunum. Að sama skapi eru þeir þættir sem lentu hægra megin við lóðrétta ásinn mikilvægari íbúum V-Hún en íbúum Dalanna. Þeir sem lentu vinstra megin eru því mikilvægari Dalamönnum en vestur Húnvetningum. Samkvæmt þessu eru fleiri þættir mikilvægari Dalamönnum en V-Húnvetningum.



**Mynd 7.2: Samanburður á V-Hún og Dölum 2016/2017 og 2020.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna.


Fjórír fjórðungar eru á myndinni. Í þessum samanburði er verst fyrir Dalamenn að lenda í efri fjórðungnum til vinstri því þar eru þættirnir taldir verri í Dölum en í V-Hún og mikilvægari fyrir Dalamenn en V-Húnvetninga. Því miður fyrir Dalamenn, lentu flestir þættir þar eða 30 af 45. Lang verstu útreiðina fá þættirnir vöruverð og vöruúrval. Allir þættir tengdir vinnumarkaði eru líka í þeim fjórðungi (laun, atvinnuöryggi, atvinnuúrval og atvinnurekstur). Einnig þættir tengdir vegamálum (örugg umferð, vegakerfi og umferð). Því má segja að í samanburði við V-Hún þá er vöru- og þjónustumarkaður veikasti hlekkurinn í Dölunum. Vinnumarkaðurinn og innviðir eru líka veikleikar.

Það er hins vegar vont fyrir V-Hún að lenda í hægra fjórðungi niðri. Þar eru hins vegar engir þættir og því má segja að samanborið við Dalina hefur V-Hún enga alvarlega veikleika.

Í fjórðungnum hægra megin uppi er að finna þætti sem eru sérstaklega sterkir í V-Hún gagnvart Dölunum. Það er vegna þess að þar eru þættir sem taldir eru hvort tveggja betri í V-Hún en í Dölunum og mikilvægari



Íbúum þar en í íbúum í Dölunum. Þarna er að finna þætti sem tengjast framhaldsskólum og háskólum ásamt menningu og þjónustu við útlendinga og fólk í fjárhagsvanda.



Mynd 7.3: Samanburður á V-Hún og A-Hún 2016/2017 og 2020.  
Tölur Íbúakönnunar landshlutanna.

Þegar V-Hún var borið saman við A-Hún (Mynd 7.3) kom í ljós að styrkleikar V-Hún gagnvart A-Hún fólust sérstaklega í heilsugæslu, menningu og þjónustu við innflytjendur (í fjórðungi hægra megin uppi). Svo koma þættir eins og möguleikar til eigin atvinnureksturs, afþreyingar og þjónustu við fólk í fjárhagsvanda. Menning var líka styrkleiki V-Hún gagnvart Dölunum (Mynd 7.2) og svo þjónusta við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda.


Veikleikar A-Hún gagnvart V-Hún voru sérstaklega vöruverð, vöruúrval og atvinnuúrval (í fjórðungi vinstra megin uppi). Það er ekkert verulega frábrugðið því sem kom fram gagnvart Dölunum nema hvað að munurinn á vöruverði og vöruúrvali er meiri á milli V-Hún og Dalanna en V-Hún og A-Hún. Athygli vekur hvað atvinnuúrval kemur illa út í þessum samanburði á A-Hún gagnvart V-Hún þar sem A-Hún er miklu stærra samfélag en V-Hún og Blönduós auk þess töluvert gegnumstreymissamfélag (ferðaþjónusta) og ætti því að bera meira vöruúrval.

Veikleiki V-Hún gagnvart A-Hún fólst aðallega í vegakerfinu. Í þeim fjórðungi var líka almennt öryggi að finna sem og friðsæld, aðgengi að fjölbreyttri náttúru og umhverfismál almennt en munurinn er hins vegar hverfandi lítill.

### 7.1.1.1 Staða kvenna


Ákveðin gögn bentu til að skoða bæri stöðu kvenna í Dölunum, V-Hún og A-Hún. Í ljós kom að velferð þeirra væri mikil í V-Hún. Þegar skoðað var hvernig þátttakendur mátu hamingju sína kom í ljós að V-Hún var

fyrir neðan meðaltalið (ómarktækt) en konurnar voru hamingjusamari en karlar og skáru sig hins vegar hvergi eins mikið úr og þar (Vifill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 30). Sama má segja um viðhorf til sveitarfélagsins, sem spurt var um í einni spurningu í íbúakönnuninni, þó svo munurinn væri ekki alveg eins mikill, en V-Hún lenti ofarlega þar eða í sjötta sæti af 25 (Vifill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 31).



**Mynd 7.4: Samanburður á svörum kvenna og karla í V-Hún 2020.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna.


Þess utan voru konur ánægðari en karlar með flest þeirra búsetuskilyrða af þeim 40 sem spurt var um í íbúakönnuninni (Mynd 7.4: Flestir punktar fyrir ofan láréttu línuna). Slíkan mun á milli kynja var ekki að finna í Dölum og A-Hún (Mynd 7.5 og Mynd 7.6) og í raun hvergi annars staðar á landinu þegar það var brotið upp eins og í úrvinnslu íbúakönnunarinnar 2020 (Vifill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 33-72). Konur í V-Hún voru ánægðari en karlar með flesta þætti en sá munur var mestur hvað varðar háskóla, afþreyingu, menningu, almenningssamgöngur, framhaldsskóla, möguleika til íþróttar og tómstundaiðkunar, atvinnuúrval, vörðuval, mannlíf, þjónustu við innflytjendur og umhverfismál. Almennt má segja að þessi kynjamunur í V-Hún hafi verið á þann veg að konurnar hafi haft tilhneigingu til að draga upp meðaltal svæðisins en að karlarnir hafi dregið það niður. Því má segja að afstaða karlanna hafi verið nokkuð áþekkt á milli svæðanna en konurnar í V-Hún voru hins vegar miklu ánægðari en konurnar á samanburðarsvæðunum. Samskonar greining var gerð fyrir árið 2016 og niðurstaðan var líka sú að konur í V-Hún voru ánægðari en karlar með fleiri búsetuskilyrði (Mynd 7.7). Niðurstaðan fyrir hin svæðin tvö árið 2016 var sambærileg niðurstöðu þeirra 2020 (Mynd 7.8 og Mynd 7.9).




**Mynd 7.5: Samanburður á svörum kvenna og karla í A-Hún 2020.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna.

Ef við horfum til vinnumarkaðarins (laun, atvinnuöryggi, atvinnuúrval og atvinnurekstur) kemur í ljós að konur í V-Hún eru ánægðari með laun sín en karlar, bæði árin. Þessu er alveg öfugt farið í Dölunum og A-Hún. Það sama á við um alla hina þættina þrjá nema kannski helst atvinnuúrval þar sem meira jafnræði var á milli kynjanna þegar kemur að því. Því má segja að konur standi ekki höllum fæti gagnvart körlum á vinnumarkaði í V-Hún nema síður sé. Það sama verður ekki sagt um hin tvö svæðin og rímar það nokkuð við umfjöllunina hér fyrr um atvinnutekjur og atvinnuleysi.


Þá var athyglisverður munurinn á milli karla og kvenna í V-Hún hvað menningu og afþreyingu varðar en konurnar voru miklu ánægðari með hana en karlarnir árið 2020 (Mynd 7.4). Þessu var alveg öfugt farið í A-Hún (Mynd 7.5) og í Dölunum (Mynd 7.6) þó svo munurinn á milli Dalanna og V-Hún hafi verið minni að þessu leyti en V-Hún og A-Hún. Þessi munur var líka til staðar í V-Hún árið 2016 (Mynd 7.7). Þegar svör beggja kynja voru tekin saman var þessi munur all nokkur V-Hún í vil (Mynd 7.2 og Mynd 7.3). Þetta sést næstum jafn vel á tengdum þáttum eins og hvað varðar tónlistarskóla, bókasöfn og íþróttir, en þó síður þegar munur kvenna og karla er skoðaður. Heildarsamanburður beggja kynja og beggja kannanna (Mynd 7.2 og Mynd 7.3), bendir til forskots V-Hún á hin svæðin bæði, hvað þessa þrjá þætti snertir.




**Mynd 7.6: Samanburður á svörum kvenna og karla í Döllum 2020.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna.



**Mynd 7.7: Samanburður á svörum kvenna og karla í V-Hún 2016.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna.



**Mynd 7.8: Samanburður á svörum kvenna og karla í A-Hún 2016.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna.



**Mynd 7.9: Samanburður á svörum kvenna og karla í Dölum 2016.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna.

Þessi sterka útkoma fyrir konur í V-Hún varð til þess að ákveðið var að skoða eftirfarandi tvær spurningar íbúakönnunarinnar sem ekki voru unnar í skýrslu yfir síðustu íbúakönnun:

*Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum á næstu tveimur árum? Hér er átt við flutninga frá sveitarfélaginu en ekki innan þess.*

Þátttakendur gátu valið á milli 1) mjög ólíklegt 2) ólíklegt 3) líklegt og 4) mjög líklegt. Við úrvinnslu fengu svörin tölugildi þau sem standa framan við valmöguleikana.

*Telur þú almennt séð það vera gott eða slæmt að búa þar sem þú býrð?*

Að þessu sinni gátu þátttakendurnir valið á milli 1) mjög slæmt 2) frekar slæmt 3) hvorki slæmt né gott 4) frekar gott 5) mjög gott. Tölfræðileg úrvinnsla fór þannig fram að tölugildi hvers þátttakanda var það sama og stendur í sviga við svarið.

Þrennt var reiknað fyrir niðurstöðurnar: 1) Sætisröð meðaltals allra þátttakanda í hverjum landshluta fyrir sig, 2) hversu mikið hærri eða lægri hlutfallsleg afstaða kvenna var miðað við karla á grundvelli meðaltalsins og 3) staðalfrávik svara kvenna m.t.t. spurninganna (Tafla 7.1).

Á sætisröð yfir ánægju með búsetu sést að V-Hún lenti í 11. sæti af 24 sem var mun hærra en í A-Hún og Dölunum en þau lentu í 19. og 24. sæti. Athyglisvert er að sjá þessi sæti vera nokkuð áþekkt þeim sem komu út úr heildareinkunn íbúakönnunarinnar 2020 (Vifill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 118). Hins vegar lentu landshlutarnir þrír á svipuðum stað hvað varðar sjálfsmetnar líkur á að flytja á næstu tveimur árum; sætin 18, 19 og 22. Þegar munurinn á afstöðu kvenna og karla innan landshlutanna var reiknaður (hlutfallslega) kom í ljós kunnuglegt stef. Í V-Hún voru konur almennt ánægðari með að búa þar en karlar og þær töldu sig ólíklegri til að flytja á næstu tveimur árum en karlarnir. Í A-Hún voru konurnar líka ólíklegri til að flytja en þær voru ekki eins ánægðar og karlar með að búa í A-Hún. Í Dölunum voru konurnar mikið óánægðari en karlar með að búa þar og þær voru líklegri til að íhuga brottflutning. Athygli vekur að með þessu raðar V-Hún sér í hóp þriggja annarra landsvæða þar sem þetta samband er á milli kynjanna í þessum tveimur spurningum (að vera bæði ánægðari en karlar með búsetu sína og að vera ólíklegri en karlar til að flytja brott). Þau landsvæði eru höfuðborgarsvæðið, Akureyri og Borgarbyggð.

Framkvæmdar voru sérstakar aðhvarfsgreiningar fyrir konur í Dölunum, V-Hún og A-Hún gagnvart þættinum „Gott að búa þar sem ég bý“ og kannað hvort ánægja með búsetu væri ólík milli kvenna eftir aldri, uppruna (íslenskur vs. erlendur), búsetu í þéttbýli eða dreifbýli, hvort þær bjuggu alveg einar eða hefðu búið lengi í sveitarfélaginu<sup>8</sup>. Skoðum fyrst niðurstöðurnar fyrir V-Hún. Konur sem bjuggu í þéttbýli voru marktækt ánægðari en þær sem bjuggu í sveit. Einnig voru þær sem hlotið höfðu meiri menntun almennt ánægðari með að búa þar. Aldur hafði líka marktæk áhrif en þar voru áhrifin tvískipt; yngri konur í aldurshópnum 18-56 ára voru ánægðari en þær eldri. Ánægja kvenna jókst hins vegar með hverju árinu frá 57 ára aldri þannig að eldri konur voru ánægðari en þær yngri í aldurshópnum 57 ára og eldri. Þá voru þær sem höfðu búið lengur í sveitarfélaginu ánægðari en hinar sem höfðu búið skemur. Enginn marktækur

<sup>8</sup> Með öðrum orðum má segja að kannað var hvort fylgni væri á milli ánægju kvenna með búsetu og aldurs þeirra, uppruna, hvort þær bjuggu í sveit (eða þéttbýli), hvort þær bjuggu einar og hvort þær höfðu búið lengi í sveitarfélaginu. Eftirfarandi jafna var prófuð:  $B = A + I + D + E + L + M + C$ , þar sem prófað er hvort martæk fylgni sé á milli ánægju kvenna með búsetu,  $B$ , og aldurs,  $A$ , (í öðru veldi líka), hvort þær eru úr röðum innflytjenda,  $I$ , búa í dreifbýli,  $D$ , einar,  $E$ , lengi í sama sveitarfélagi,  $L$ , hvort þær hafa gengið menntavegin,  $M$  og hvort Covid-kreppan hafi breytt einhverju þar um,  $C$ . Síðan var sama líkan prófað á hamingju kvenna,  $H$ , en við það var aldur ekki í öðru veldi.

munur var á konum eftir uppruna þeirra eða hvort þær bjuggu einar sem er mjög gott því innflytjendum er sérstaklega hætt við einangrun. Það gæti bent til þess að félagsauður sé mikill í þessu samfélagi.

**Tafla 7.1: Ánægja kvenna með búsetu sína og líkurnar á að þær flytji.**  
Gögn Íbúakönnunar landshlutanna 2020.

Landsvæði	A: Ánægja með búsetu, allir, <b>röð</b>	B: Flytja, allir, <b>röð</b>	C: Ánægja með búsetu, <b>kynja-</b> <b>munur</b>	D: Flytja, <b>kynja-</b> <b>munur</b>	E: Ánægja með búsetu, konur, <b>staðal-</b> <b>frávik</b>	F: Flytja, konur, <b>staðal-</b> <b>frávik</b>
A-Húnavatnssýsla	<b>19</b>	<b>19</b>	<b>-0,3%</b>	<b>-3,0%</b>	0,7180	0,8926
Akranes og Hvalfjörður	7	1	-0,1%	0,8%	0,6364	0,7709
Árnessýsla	8	5	-0,2%	2,1%	0,6962	0,8371
Borgarfjarðarsvæði	18	14	1,0%	-2,5%	0,7405	0,8259
Dalir	<b>24</b>	<b>22</b>	<b>-3,7%</b>	<b>1,6%</b>	0,7914	0,9026
Grindavíkurbær	5	3	-1,1%	7,2%	0,6934	0,8071
Skaftafellssýslur	20	7	-0,6%	2,0%	0,7710	0,7976
N-Vestfirðir	2	13	0,0%	2,0%	0,6860	0,8799
Rangárvallasýsla	10	10	-1,7%	-1,8%	0,8787	0,8382
Reykjanesbær	25	23	1,3%	0,2%	0,7345	1,0182
Akureyri	1	2	0,7%	-1,0%	0,5952	0,6778
Skagafjarðarsýsla	13	11	-1,4%	3,1%	0,6315	0,8330
Snæfellsnes	15	20	0,8%	1,5%	0,7473	0,9523
Strandir og Reykhólar	23	21	-1,0%	3,4%	0,7951	0,9767
S-Vestfirðir	22	25	0,4%	0,2%	0,8231	0,9542
Eyjafjörður	3	4	0,2%	0,9%	0,7228	0,7713
Sveitarfélagið Vogar	6	8	-0,4%	1,2%	0,7125	0,8933
Vestmannaeyjabær	4	6	0,5%	0,8%	0,7429	0,8582
V-Húnavatnssýsla	<b>11</b>	<b>18</b>	<b>0,7%</b>	<b>-2,0%</b>	0,7159	0,9027
Fjarðabyggð og Suðurfirðir	21	17	-0,6%	1,1%	0,7496	0,8553
Hérað og N-Múlasýsla	12	12	-0,6%	2,3%	0,6113	0,8585
Höfuðborgarsvæðið	17	24	1,2%	-3,5%	0,6671	0,9905
Þingeyjarsýsla	16	16	0,8%	1,9%	0,7247	0,8971
Suðurnesjabær	9	9	-0,3%	2,3%	0,6635	0,8868
Allt gagnasafnið	<i>14</i>	<i>15</i>	<i>0,1%</i>	<i>0,6%</i>	<i>0,7132</i>	<i>0,8770</i>

A og B eru sætisraðir meðaltals allra á viðkomandi svæði. C og D er hlutfallslegur kynjamunur á ánægju með búsetuna og möguleikann á að flytja. Meðaltal kvenna er dregið frá meðaltali allra á svæðinu, deilt með meðaltali allra á svæðinu. E og F eru staðalfrávik yfir svör kvenna.

Í A-Hún virtist fylgnin á milli áður nefndra þátta og ánægju með búsetu miklu óljósari en í V-Hún. Sterkust var fylgnin á milli þess hvort konurnar höfðu búið lengur eða skemur í viðkomandi sveitarfélögum. Þær sem höfðu búið lengur voru miklu ánægðari en hinar. Veikari og varla marktæk var fylgnin gagnvart menntun kvennanna en að þessu sinni snérist fylgnin við þannig að þær sem höfðu fleiri námsár að baki voru óánægðari með búsetu sína. Aldur hafði einnig tilsvarendi áhrif og í V-Hún en fylgnin var veikari og varla marktæk. Þá örlaði fyrir marktækni þess að konur af erlendu bergi væru ánægðari en innfæddar í A-Hún.

Í Dölunum voru öll sambönd lang veikust að þessu leyti. Það var helst að fylgni aldurs hefði áhrif (ómarktæk) en þó frekar á þann veg að konur á miðjum aldri væru ánægðastar og bæði þær yngri og eldri væru óánægðari. Einnig að þær sem hefðu styttri skólagöngu væru ánægðari en þær sem hefðu hana lengri.

Margt bendir því til að vinnumarkaðurinn í V-Hún sé nútímalegri en á hinum tveimur svæðunum og líkari því sem sést í stærri samfélögum. Hann virðist styðja vel við þarfir menntaðra kvenna.

Þegar líkanið (konur eingöngu) var keyrt samtímis fyrir alla landshluta (allt safnið bæði árin) kom í ljós að engin fylgni var á milli aldurs og ánægju með búsetu. Þess utan var heldur engin fylgni gagnvart því hvort fólk bjó eitt eða með öðrum og svo var engin marktæk breyting á milli árána 2016/2017 og 2020. Hins vegar var neikvæð fylgni á milli ánægju með búsetu og þess hvort konan var innflytjandi og bjó í dreifbýli. Þá voru menntaðri konur ánægðari með búsetu sína og eins ef þær höfðu búið lengi í sama sveitarfélagi.

Til hliðsjónar var þetta líkan keyrt á svörum þátttakenda við spurningum um hamingju og eftirfarandi kom í ljós. Í V-Hún voru menntaðri konur og þær sem höfðu búið lengur í sveitarfélaginu og í þéttbýli hamingjusamari en aðrar konur: í A-Hún voru menntaðri konur sem búið höfðu lengi í sveitarfélaginu og bjuggu með maka eða börnum hamingjusamari en aðrar konur. Í Dölunum voru eldri konur hamingjusamari en þær yngri en önnur fylgni mældist ekki marktæk þar. Notast var við gögn fyrir árin 2016 og 2020 í öllum keyrslum. Þegar allt gagnasafnið var keyrt þá var marktæk fylgni á milli allra fyrrnefndra þátta og hamingju kvenna. Eldri konur voru hamingjusamari en þær yngri, þær sem bjuggu einar voru óhamingjusamari en þær sem bjuggu með annarri manneskju, konur í dreifbýli voru óhamingjusamari en konur í þéttbýli, innfæddar konur hamingjusamari en konur úr röðum innflytjenda, menntakonur hamingjusamari en þær sem ekki höfðu gengið menntaveginum, þær sem höfðu búið lengi í sama sveitarfélagi voru frekar hamingjusamar en þær sem búið höfðu þar skemur og að síðustu hafði „hamingjustigið“ lækkað um 16% á milli árána 2016/2017 og 2020 að öllu öðru óbreyttu.

Samkvæmt því sem komið hefur fram í þessum kafla má ljóst þykja að staða kvenna er óvenju sterk í V-Hún. Þar vega þættir á vinnumarkaði og menningarleg búsetuskilyrði þyngst á metunum. Staða karla í V-Hún er svipuð eða lítið eitt sterkari en karla í A-Hún og Dölunum. Staða kvenna í V-Hún virðist því vera miklu sterkari í svona samanburði en staða karla.

### 7.1.2 GREINING Á OPINNI SPURNINGU

Greiningin á opnu spurningunni gengur út á að gera hana staðlaða þannig að það náist almenn skilaboð frá henni en jafnframt er reynt að vitna í einstaka umsagnir svo dýpt náist í almenn skilaboð spurningarinnar. Þá verður einnig stuðst við niðurstöður úr lokuðu spurningunum hér að framan. Til upprifjunar þá er opna spurningin frekara viðbragð við þessari hér: *Á heildina lítið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð í?* Rifjum einnig upp að þessi greining byggir á svörum við spurningunni bæði frá 2016 og 2020.

Fyrst verður sagt frá greiningu á spurningunni þar sem tilraun var gerð til að skoða hvort það væru einhverjir hópar umfram aðra sem væru jákvæðir eða neikvæðir í garð sveitarfélagsins. Á myndrænni framsetningu spurningarinnar sást að konur í Dölunum voru lítið eitt neikvæðari í garð sveitarfélagsins en karlar. Í V-Hún voru konurnar hins vegar lítið eitt jákvæðari en karlar í garð sveitarfélagsins og unga fólk lítið eitt neikvæðara en þeir sem eldri voru. Í A-Hún virtist enginn hópur skera sig úr er varðar afstöðu í garð sveitarfélagsins.

Aðhvarfsgreiningin gaf ekki til kynna að viðhorf til eigin sveitarfélags í Dölunum væri ólíkt eftir kynjum eins og myndin virtist gera (Tafla 7.2). Hins vegar var viðhorfið marktækt eftir aldri en þó ekki línulega. Fram að 60 ára aldri eru eldri íbúar almennt ánægðari með sveitarfélagið en þeir yngri og ánægðastir eru



þeir sem eru orðnir sextugir. Eftir það eykst óánægjan með hverju árinu. Niðurstöðurnar benda líka til þess að fólk í dreifbýlinu sé almennt óánægðara með sveitarfélagið en þeir sem búa í þéttbýlinu. Marktæknin þar er ekki mjög mikil en stenst 10% marktektarkröfu (yfirleitt er farið fram á 5% marktektarkröfu). Niðurstöðurnar benda einnig til að viðhorf til Dalabyggðar hafi versnað á milli kannana. Aðrir þættir höfðu ekki marktæk áhrif í Dölunum.

**Tafla 7.2: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á viðhorfi íbúanna til eigin sveitarfélags.**

Greining á gögnum Íbúakönnunar landshlutanna 2016, 2017 og 2020.

Breytur	Dalir	V-Hún	A-Hún
Kyn	-0.0690 (-0.27)	-0.2968 (-1.62)	-0.3208 (-1.79)*
Aldur	0.0967 (2.04)**	0.0194 (2.80)**	0.0128 (1.80)*
Aldur í öðru veldi	-0.0008 (-1.85)*		
Uppruni	-0.5747 (-0.66)	-0.2363 (-0.42)	-0.4467 (-0.84)
Býr einn	0.3721 (0.98)	-0.0200 (-0.07)	0.1894 (0.71)
Börn á heimili	-0.1573 (-0.51)	0.5965 (2.60)**	-0.2318 (-1.01)
Dreifbýli	-0.4391 (-1.75)*	-0.6339 (-3.41)***	-0.0308 (-0.16)
Menntunarstig	-0.0087 (-0.13)	0.0916 (1.57)	0.0451 (0.85)
Ár 2020	-0.8413 (-3.32)***	0.2307 (1.26)	0.0595 (0.33)
Athuganir	224	440	426
Pseudo R <sup>2</sup>	0.0294	0.0232	0.0116
Ath.: Gott að hafa Pseudo R <sup>2</sup> háan.			

Í V-Hún gildi það almennt að eldri íbúar voru ánægðari með sveitarfélagið en þeir sem yngri eru. Þess utan voru þeir þátttakendur sem höfðu börn (eitt eða fleiri) á heimilum sínum miklu ánægðari með sveitarfélagið en aðrir íbúar. Þá er dreifbýlið óánægðara með sveitarfélagið en þéttbýlið. Viðhorf til sveitarfélagsins breyttist ekki á milli kannana. Þegar líkanið var fyrst metið kom fram marktækur munur á milli kynja en hann hvarf eftir að menntunarstigi þátttakenda var bætt við og því hvort börn væru á heimili þátttakenda. Það er því ljóst að sveitarfélagið fær þakkir fyrir þjónustu eða umgjörð sem snýr að börnum í V-Hún.


Í A-Hún skáru einstaka hópar sig úr hvað varðar viðhorf til sveitarfélagsins. Karlar voru þó lítið eitt óánægðari en konur með sveitarfélagið almennt og yngri íbúar frekar en þeir eldri. Að öðru leyti var enginn marktækur munur.

Íbúar í dreifbýli V-Hún voru marktækt óánægðari með sitt sveitarfélag en íbúar í þéttbýli V-Hún. Hins vegar voru íbúar í dreifbýli V-Hún marktækt ánægðari með sitt sveitarfélag en íbúar bæði í dreifbýli A-Hún og í dreifbýli Dalanna (niðurstöður ekki sýndar hér). Þegar ánægja íbúa þessara þriggja dreifbýlissvæða með sitt sveitarfélag var borin saman við ánægju íbúa allra annarra dreifbýlissvæða á landinu kom í ljós að íbúar í V-Hún voru marktækt ánægðari. Íbúar í Dölunum voru marktækt óánægðari og viðhorf íbúa í A-Hún var á pari við annað dreifbýli hvað varðar ánægju með sitt sveitarfélag (þær niðurstöður ekki heldur sýndar hér). Það verður því ekki annað sagt um V-Hún en að svæðið kemur vel út úr öllum samanburði hvort sem lítið er til þéttbýlis eða dreifbýlis – þéttbýlið kemur samt miklu betur út en dreifbýlið í þessum samanburði.

### 7.1.3 A-HÚN

Af þessum þremur svæðum fékk A-Hún flestar athugasemdir í opnu spurningunni en það er líka fjölmennasta svæðið. Þegar leiðrétt hafði verið fyrir fjölda íbúa kom í ljós að hlutfallslega fæstir tjáðu sig um kosti A-Hún (10,9%, Tafla 5.1). A-Hún var hins vegar nær V-Hún að þessu leyti þegar horft var til gallanna eða 7,3% á meðan 12,4% Dalamanna tjáðu sig um galla eigin samfélags. Hins vegar virtust íbúar

A-Hún vera meira sammála um galla samfélagsins (1,4 í þátttakendur á hvert orð yfir gallana). Þess skal getið og lögð áhersla á að jákvæðu umsagnirnar í A-Hún voru fleiri en þær neikvæðu, eða 155 á móti 104.



**Mynd 7.10: Orðaský A-Hún um ástæður óánægju með sveitarfélagið settar fram í opinni spurningu, 5 orða flokkun.**  
Gögn Íbúakönnunar landshlutanna. 104 þátttakendur tjáðu sig.

Fimm orð voru fyrst notuð til að flokka athugasemdir þátttakenda yfir óánægju (galla) eins og lýst hefur verið í kaflanum um aðferðir. Orðið stjórnsýsla var þá mest áberandi hjá A-Hún og svo komu atvinnumálin þar á eftir (Mynd 7.10). Atvinnumálin komu á óvart þar sem fréttir af framkvæmdum og nýstofnuðum fyrirtækjum á þessu svæði hafa verið tíðastar í samanburði við hin tvö svæðin og jafnvel borið saman við fjölda annarra atvinnusvæða á landsbyggðinni. Hins vegar kom fram í lokuðu spurningunum að íbúar A-Hún eru mun óánægðari með atvinnuöryggi og laun en íbúar V-Hún. Þeir þættir eru þeim mikilvægir en þetta á þó sérstaklega við um fjölbreytni eða úrval atvinnu. Þetta rímar við niðurstöðu lokuðu spurningarinnar (Mynd 7.3).

Í fjölorðagreiningunni urðu orðin atvinnumál, flokkadrættir, sameining, framtaksleysi, skólar og stjórnsýsla mest áberandi (Mynd 7.11). Þetta kallast verulega á við fimmorðagreininguna þar sem orðin stjórnsýsla og atvinnumál voru mest áberandi þar sem undir hugtakið stjórnsýsla falla orðin sameining, framtaksleysi, skólar, stjórnsýsla og flokkadrættir (að hluta). Með þessum hætti koma meiri skýringar á óánægjunni sem snýr að stjórnsýslunni. Hún á rætur sínar að rekja til skólamála og einhverskonar vanmáttartilfinningar gagnvart stjórnsýslunni, sem sumir telja að geti lagast með sameiningum því orðið fámenni er þarna áberandi líka. Þá eru menn væntanlega að hugsa til stærðarhagkvæmni í rekstri sveitarfélaga. Aðrir geta ekki sett fingur á vandamálið og telja til atriði sem kalla má framtaksleysi. Ljóst er á þessu að fólk kallar eftir meiri slagkrafti í stjórnsýslunni en þó eru aðilar sem nefna flokkadrætti og stundum tengdist það stjórnsýslunni eða sveitarstjórn.









Mynd 7.13: Orðaský Dala fyrir ástæðum óánægju með sveitarfélagið settar fram í opinni spurningu, 5 orða flokkun.

Fimmorðagreiningin sýndi að athugasemdir er tengdust stjórnsýslu voru lang fyrirferðamestar (Mynd 7.13). Þjónusta og innviðir komu síðan í annað og þriðja sætið. Athygli vekur hvað atvinnumál ber sjaldan á góma í þessari greiningu og að orð yfir huglæga þætti eru lítið áberandi. Fáar athugasemdir falla undir annað, sem segir nokkuð mikið til um það hvað þessi fimm orð ná vel utan um athugasemdir þátttakenda.

Fjölórðagreiningin benti til að gallarnir beindust mikið að sveitarstjórninni og stjórnsýslunni. Orðin sveitarstjórn, atvinnumál, framtaksleysi, stjórnsýslan, afþreying, þjónustan og skólar voru mest áberandi þarna (Mynd 7.14). Orð eins og framtaksleysi, dugleysi, vanmáttur og metnaðarleysi voru látin falla þegar sveitarstjórn og stjórnsýsluna bar á góma. Jafnvel orðin seinagangur, áhugaleysi, aðgerðarleysi og skilningsleysi komu fram þó minna áberandi væru. Allar þessar athugasemdir bera vott um vantraust í garð þeirra sem leiða sveitarfélagið og/eða stjórnsýslunnar. Þetta virðist vera stórt mál ef marka má þessa greiningu á opnu spurningunni. Á hinn bóginn gæti þetta mögulega endurspeglað of mikla tilætlunarsemi og/eða óraunhæfar kröfur til sveitarfélagsins og þeirra sem að rekstri þess standa. Vandí byggða eins og Dalanna mikill og ekki á allra færi og kannski fárra að takast á við hann.

Þjónustan var síðan nefnd nokkuð oft í almennri athugasemd. Skólar, skólaakstur, afþreying, íþróttastarf, íþróttahús, hafnarmál, sorpmál, þjónusta við börn og unglinga, þjónusta við fatlaða, götur og götulýsing eru allt orð sem komu þarna mismikið fyrir og tengjast þjónustu sveitarfélagsins. Vegir, dvalarheimili, ljósleiðari og framhaldsskóli voru síðan talin til galla en eru á ábyrgð ríkisins.

Þá varð vart við orðin stöðnun, neikvæðar horfur til framtíðar og hnignun. Dalir eru fámennnt samfélag sem byggir á landbúnaði og mikilli sauðfjárrækt og gæti það mótað þessa afstöðu. Fámenni var líka talið til galla Dalanna. Dalirnir eru fámennasta samfélagið í þessum samanburði og stærðarhagkvæmni er í rekstri á ýmislegri þjónustu, t.a.m. á vegum sveitarfélagsins, og fámennið eitt kann því að vera ein mikilvægasta rótin að óánægju íbúanna í garð sveitarfélagsins og e.t.v. annarrar þjónustu. Þess utan hefur íbúum fækkað hlutfallslega mest í Dölunum borið saman við V-Hún og A-Hún, sérstaklega á tímabilinu 1982-2022 og hefur það því þrengt meira að möguleikum á þjónustu í Dölunum en í V-Hún og A-Hún.

Óánægja í garð þjónustunnar, hvað varðar vöruúrval og vöruverð, rímar við samanburð við V-Hún (Mynd 7.2). Þar kemur vegakerfið líka verr út, en þó ekki eins mikið. Grunnskóli og leikskóli koma ekki mikið verr út í þessum samanburði en eins og áður sagði kom V-Hún ekkert sérstaklega vel út á landsvísu hvað það













Greining á lokuðu spurningunum fyrir V-Hún gagnvart A-Hún og Dölunum leiddi í ljós eftirfarandi: þeir þættir sem V-Hún hefur hlutfallslega yfirburði í gagnvart Dölunum eru framhaldsskólar, háskólar, menning, þjónusta við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda. Gagnvart A-Hún voru það þættirnir heilsugæsla, menning, þjónusta við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda, möguleikar til að ráðast í eigin atvinnurekstur, afþreying. Þessir tveir samanburðir eiga **menningu, þjónustu við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda** sameiginlega. **Afþreying** er þarna nærri líka.

### 7.1.6 SAMANTEKT

Tímabært er að draga saman niðurstöðurnar og gefa einhverja yfirsýn. Nú verður byrjað á að stilla upp aðalatriðunum úr þessum kafla í tveimur töflum til þess að gera þennan samanburð sýnilegri á einni blaðsíðu (Tafla 7.3 og Tafla 7.4).

Allir nefndu stjórnarsýsluna og á vissan hátt er spurningin leiðandi í þá átt. Ef litið er framhjá henni þá eru atvinnumálin mest áberandi í A-Hún en þjónustan í Dölunum og V-Hún. Athyglisvert er að sjá hvað V-Hún kemur vel út hvað atvinnumálin snertir samanborið við alla landshluta (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 36, 37 og 38) en síst hvað laun varðar en þar deilir V-Hún neðstu sætunum með A-Hún og Dölunum. Sama má segja um þjónustuna (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 33, 57, 70 og 71), að vöruverði helst undanskyldu.

Tafla 7.3: Samantekt yfir veikleika svæðanna.

	A-Hún	Dalir	V-Hún
<b>Lokaðar spurningar</b>	Vörumarkaður, vinnumarkaður	Vörumarkaður, vinnumarkaður.	Vegakerfið
<b>Fimm orða greining</b>	Stjórnarsýsla, atvinnumál	Stjórnarsýsla, þjónusta	Þjónusta, stjórnarsýsla
<b>Fjölórða greining</b>	Atvinnumál, flokkadrættir, sameining, framtaksleysi, skólar og stjórnarsýslan	Sveitarstjórn, atvinnumál, framtaksleysi, stjórnarsýslan, afþreying, þjónustan, skólar og vegakerfi	Dreifbýlið, flokkadrættir, þjónustan, vegakerfið, samfélagið, húsnæði

Hvað þjónustuna varðar þá hefði mátt skoða miklu fleiri og sértækari þætti en þessa (afþreyingu, menningu, vöruúrval og vöruverð) og sumir þeirra hefðu komið illa út en aðrir betur, eins og heilsugæsla.

Ef draga má einhvern lærdóm af samanburði á göllum eða óánægjuröddum þessara svæða þá er hann helst sá að óánægjuraddirnar eru hlutfallslega miklu færri í V-Hún en á hinum tveimur svæðunum. Þær snúa miklu frekar að þjónustu á svæðinu en stjórnarsýslunni, eins og raunin er á hinum tveimur svæðunum. Lokuðu spurningarnar renndu stoðum undir það með því að draga fram vörumarkaðinn sem veikleika í samanburði við V-Hún en líka vinnumarkaðinn (Tafla 7.3).

Þegar svæðin þrjú voru borin saman í lokuðu spurningunum og einblínt á styrkleika þá hafði V-Hún menningu og þjónustu við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda umfram hin tvö svæðin (Tafla 7.4). Þá kom V-Hún með skýrum hætti fram sem verulega mannvænt samfélag í þessum samanburði með orðum eins og samfélagið, fólkið, mannlífið, samheldni, vellíðan, fjölskyldan og jafnvel samstaða og umhyggja. Á hinum eru fæst þessara orða eins áberandi og í V-Hún og í reynd sjást mörg þessara orða alls ekki. Þá mætti segja að ánægja með þjónustu við innflytjendur sé vísbending af sama meiði. Reyndar komu bæði A- og V-Hún best út hvað þennan þátt varðar í samanburði við alla aðra landshluta en V-Hún er mun hærri en A-Hún. Dalir eru hins vegar lægstir þarna. Það eru því kannski styrkleikar svæðanna sem fólk ætti að einblína á í stað veikleikanna ef forsvarsmenn þeirra vilja sækja fram. Sumir þessara veikleika verða ekki umflúnir.

Þessi samfélög verða trúlega áfram fámenn um hríð og þar með verður þjónustan alltaf takmarkaðri en víða annars staðar og vinnumarkaðurinn einnig í hefðbundnum skilningi. Hins vegar mætti draga úr þessum veikleikum með áframhaldandi ljósleiðaravæðingu í landinu, þjálfun þeirra sem veita þjónustu af ýmsu tagi og hvatningu til að bjóða störf án staðsetningar. Þó verður ekki litið framhjá því að hvorki vinnu- né vörumarkaður komu fram sem veikleiki hjá V-Hún en gerðu það hjá A-Hún og Dölunum. Á það má líta sem styrkleika í V-Hún. Bæði A-Hún og Dalir gætu horft til þess sem vel er gert hjá V-Hún og reynt að feta í fótspor þeirra.

Tafla 7.4: Samantekt yfir styrkleika svæðanna.

	A-Hún	Dalir	V-Hún
<b>Lokaðar spurningar</b>	Rafmagn, örugg umferð, umferð, íbúðir	Friðsæld, loftgæði, leiguíbúðir	Gagnvart Dölunum: Framhaldsskólar, háskólar, <b>menning, þjónusta við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda.</b> Gagnvart A-Hún: Heilsugæsla, <b>menning, þjónusta við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda,</b> möguleikar til að ráðast í eigin atvinnurekstur, afþreying.
<b>Fimm orða greining</b>	Var ekki beitt	Var ekki beitt	Var ekki beitt
<b>Fjölórða greining</b>	Samfélagið, friðsæld og náttúra.	Samfélagið, vellíðan, fólkið, ræturnar, skólar, dreifbýlið og friðsæld.	Samfélagið, vellíðan, fólkið, <b>mannlífið, samheldni, þjónustan, umhverfið</b> og friðsæld.

Þegar einblínt er á stöðu kvenna í V-Hún blasir við áhugaverður vinkill þrátt fyrir að samfélagið sé fámennt og byggir á landbúnaði. Konur voru sérstaklega ánægðar með vinnumarkaðinn og þjónustuna á staðnum í samanburði við hin tvö svæðin. Auk þess voru þær á þennan hátt ánægðari með þá menningu og afþreyingu sem er í boði. Einnig benti aðhvarfsgreining til að ungar menntaðar konur þrífust vel í V-Hún en miklu síður í Dölunum og A-Hún. Frekari rýni á kynjahalla og aldurstré í V-Hún kallast á við það. Þetta bendir til þess að fámenn samfélög geti náð góðum árangri en eldri rannsókn benti til að staða ófaglærðra karla væri betri á landsbyggðinni en ófaglærðra kvenna (Vífill Karlsson, 2012). Einnig að faglært fólk ætti meiri möguleika á starfsframa og góðum launum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni eins og vill verða í stærri borgum borið saman við fámennari samfélög (Overman & Xu, 2022).

Ekki verður hægt að skjóta sér framhjá veikleika í stjórnsýslu sem birtist á báðum samanburðarsvæðum V-Hún. Huga verður að úrbótum í þeim efnum vegna þess að í því gæti legið sóknarfæri fyrir A-Hún og Dali. Ein leið til úrbóta gæti verið frekari sameiningar sveitarfélaga en öll svæðin hafa farið í gegnum sameiningar. Dalir og A-Hún leita hófanna með frekari sameiningar á meðan að í V-Hún virðist ríkja meiri sátt með sveitarfélagið í núverandi mynd. Kanna þyrfti mun fleiri færar leiðir til úrbóta.

## 7.2 RÝNIFUNDIR

---

Í þessum kafla verða upplýsingar sem komu fram á rýnifundunum dregnar fram. Hér verður lögð áhersla á að draga fram mun á samfélögunum sem geta útskýrt hvers vegna V-Hún hefur almennt skarað fram úr hinum tveimur.

Í kaflanum koma fram tilgátur sem síðan verða mátaðar við önnur gögn í þeim tilgangi að styðja þær eða hrekja.

Hér er endursögn á umræðum rýnihópafundanna eða lýsing á framvindu þeirra. Hún er unnin þannig að allur texti er endursögn höfunda á því sem fólkið sagði. Sumt byggir aðeins á umsögn eins þátttakanda en tekið er sérstaklega fram ef einhver andmælti eða ef margir tóku undir það sem sagt var. Þarna er unnið út frá hinu fornkveðna: „þögn er sama og samþykki“. Eftir endursögnina var textinn sendur þátttakendum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir og andmæla birtingu að hluta til eða að öllu leyti. Öll bein innskot höfunda í textann voru höfð í hornklofa. Beinar tilvitnanir í fundarmenn eru í gæsalöppum.

### 7.2.1 DALIRNIR

Rýnifundur var haldinn í Dölunum 5. apríl 2022, nánar tiltekið í Vínlandsetrinu í Búðardal. Til fundarins mættu níu manns, fimm konur og fjórir karlar. Fundurinn hófst kl. 17:00 og lauk kl. 20:30. Tekið var matarhlé kl. 19:00.

#### 7.2.1.1 Kostir Dalanna

Eftir að öll viðstödd höfðu kynnt sig og heimafólk sagt frá búsetu sinni í Dölum, þ.e. hvar og hversu lengi, spurði fundarstjóri út í kosti samfélagsins. Þar voru helst nefnd fegurð, rólegheit, kyrrð og ró, frelsi, afslappað samfélag, nálægð við náttúruna, mikið af ósnortinni náttúru, gott mannlíf, frjótt samfélag, samkennd (auðvelt að kalla saman fólk). Þá er samfélagið á vissan hátt ekki í of föstum skorðum. „Samfélagið er eins og tómur strigi og það er okkar að draga upp mynd“. Dalirnir eru líka miðsvæðis (stutt í bæinn). Hver íbúi er líka svo velkominn. Það er ekkert mál að „droppa í kaffi“ og fólk upplifir sterkt eins og það sé heima hjá sér. Þetta var reyndar mun almennara og algengara fyrir um 20 árum og sárt að horfa á eftir því. Þá voru saumaklúbbarnir sterkir og metnaðurinn mikill í veitingum. Kannski er samfélagsmiðlum um að kenna eða fólksfækkuninni að minna er um slíkt. Fólk hittist meira á samfélagsmiðlum nú orðið. Fámennið er reyndar bæði kostur og galli. Í Dölunum er maður samt miklu meiri hluti af samfélaginu þar sem fólk heilsast á götu og á mannamótum. Á höfuðborgarsvæðinu er maður svo mikið meira einmana en í Dölunum. Á höfuðborgarsvæðinu verður fólk bara hissa eða tortryggið ef maður býður góðan daginn, t.d. á götu úti. Hér stoppa ökumenn á miðjum vegi og taka spjallið við aðra vegfarendur. Mannlífið er „nærandi og notalegt hérna“. Fólk getur svo sem líka verið durtslegt og óvingjarnlegt hér en flestir sýna oftast umhyggju og vinarþel. Þetta fannst fundarmönnum um Dalina jafnvel þegar þeir báru saman, að þessu leyti, aðra staði á landinu þar sem þeir höfðu búið og jafnvel erlendis.

„Einfaldleikinn er góður“. Það eru algjör forréttindi að vera með börn í skóla í Dölunum. Stöðugleiki í starfsmannahópnum, stuttar boðleiðir og því auðvelt að fá svör og viðbrögð við fyrirspurnum til skólans. „Það er kjarabót að búa á svona stað“. Það er svo margt sem er ekki tímafrekt og margt er ódýrara. Allar vegalengdir eru stuttar, t.d. í íþróttir og skóla, sérstaklega í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Þess vegna felst tækifæri í því að íþróttaaðastaðan komi í Búðardal. Síðan mætti samþætta skólatíma og íþróttaiðkun fyrir börn úr dreifbýli. [Ekki var búið að samþykkja uppbygginguna í Búðardal þegar fundurinn var haldinn].

Einnig kom fram að heilbrigðisþjónustan væri mjög góð og að Klofningsvegur væri nú orðinn hluti af Vestfjarðahringnum og að það fæli í sér tækifæri og von um að hann yrði bættur. Mikil ánægja kom fram með öflugar nettengingar í dreifbýli Dalanna.

### 7.2.1.2 Gallar Dalanna

Helstu gallar sem tilgreindir voru á rýnifundinum varðandi Dalina voru að þar væri full mikið fámenni, lítil afþreying, lítið atvinnuúrval eða einhæft atvinnulíf og lítil þjónusta. Á árunum rétt fyrir aldamót var bakarí, þrjár vídeóleigur, þrjú bílaverkstæði, tvær sjoppur/bensínstöðvar, Ásubúð og önnur matvöruverslun, kjötpokaverksmiðja, mokkasamur, pósthús, banki, sýslumaðurinn og lögreglan, trésmíðaverkstæði, mjólkurstöð, afurðastöð og sláturhús. Stytttri ferðatími og verslun á netinu hefur dregið úr þjónustu á staðnum. Þá var Kjörbúðinni breytt í Krambúð 2019 og við það hækkaði vöruverð. Fyrir þá breytingu kom fólk af Ströndum, Skógarströnd, úr Reykhólasveit og jafnvel af Vestfjörðum til að versla því vöruverðið var lægra í Búðardal. Núna er þetta svipur hjá sjón auk þess sem Dalamenn fara miklu meira annað til að versla og einna helst í Bónus í Borgarnesi og á höfuðborgarsvæðið. Og ef farið er lengra aftur, þegar kaupfélagið var og hét, fékkst allt þar sem fólk þurfti. Tekið var fram að Dalamenn gætu verið neikvæðir, en láti samt allt ganga. Þeir virðist t.d. ekki þora að hrífast með framtaki, eins og nýbyggingum og að leyfa sér að trúá að þær leiði til góðs, eins og t.d. fólksfjölgunar, jafnvel þó allt seljist sem byggt er. Einn tók t.d. fram að húsnæðisskortur hefti starfsemi tiltekins fyrirtækis. Svo virðist t.d. vera of algengt að fólk búist við að MS verði lokað, jafnvel þó svo að engar slíkar hugmyndir hafi verið viðraðar af hálfu fyrirtækisins. Á rýnifundinum var oftast spurt hversu langt væri í að þetta og hitt yrði lagt niður og ekki laust við að fólkið færi í vörn þegar umræðan beindist að atvinnumálum. Reifað var á fundinum að framleiðsla MS hafi verið þróuð og ýmislegt byggt upp þar en að starfsfólki MS í Búðardal hafi þó fækkað, aðallega vegna þess að erfitt hafi verið að fá starfsfólk í staðinn fyrir það sem hafi hætt. Og að húsnæðisskortur sé um að kenna. Í þessu samhengi kom fram að MS hafi leitað hófanna hjá sveitarfélaginu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis en ekki fengið undirtektir. Þó virðast ekki alveg allar upplýsingar á fundinum benda til þess að húsnæðisskortur hamli fjölgun starfsmanna hjá MS. Einnig kom fram að húsnæði sé t.d. ekki nógu hentugt fyrir einstaklinga, of mikið sé um stór einbýlishús. Á fundinum kom einnig fram sú skoðun að heimamenn væru ekki nógu hugaðir eða djarfir í framkvæmdum, t.d. í að byggja sér nýtt hús/íbúð.

Ekki voru allir fundarmenn sammála um að Dalamenn væru neikvæðir [eða skorti frumkvæði og framkvæmdagleði]. Frekar að þeir upplifðu vanmáttarkennd. Að þeir réðu ekki yfir úrræðum til að kljást við nauðsynlegar úrbætur eða hefðu einfaldlega ekkert umboð til að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

Þá kom fram að vegakerfi Dalanna og farsímasamband séu óviðunandi í dreifbýlinu, ekki er þar þriggja fasa rafmagn og að núverandi vegklæðningar séu að verða ónýtar. Þessir ágallar kæmu í veg fyrir að mögulegt væri að ráðast í ýmsar viðskiptahugmyndir þar. Í þessu samhengi finnst íbúunum sárt að sjá mikið fjármagn fara úr opinberum sjóðum í vegagerð í Ólafsdal sem þjónar hvorki búsetu né nýsköpun þeirra sem búa í Dölunum og það hefur magnað óánægju þeirra. Þeim líður eins og stórum fjármunum sé eytt í gæluverkefni utanbæjarmanna á meðan nauðsynlegir innviðir séu ekki boðlegir. Hins vegar eru menn ánægðir með öflugar nettengingar í dreifbýli og eru þakklátir fyrir þær.

Á fundinum kom fram að frumkvæði skorti meðal heimamanna. Fólk gerði sér grein fyrir að framkvæmda væri þörf en héldi samt að sér höndum. Að sveitarfélagið ætti að gera hlutina – „ekki ég“. Kannski mætti vera minna af því að mati fundarmanna. Að það hafi myndast gjá á milli íbúa og sveitarfélags þannig að íbúarnir hafi hætt að líta á sveitarfélagið sem hluta af „sér“. Hins vegar var á það bent að enn væri ungmennafélagsandinn til staðar, þó að fjarað hefði aðeins undan honum síðustu árin og að enn mætti virkja „fjöldann“ til átaksverkefna.

Kvartað var undan ónógri viðveru sumra embættismanna sveitarfélagsins og að það kæmi niður á ýmsu, t.d. þjónustu. Bent var á að kannski væru starfsmenn of fáir og álag of mikið á þeim. Talað var um skipulagsleysi innan sveitarfélagsins, að þar væri aurinn sparaður og krónunni kastað. Þá væri ekki gott að skortur væri á byggingalóðum. En kannski væri rót vandamálsins að rekja til fámennis Dalanna eða að sveitarfélagið væri ekki nógu duglegt að selja frá sér illa nýttar eignir. Sveitarfélagið ætti fjölda eigna sem væru „arfur“ sameininganna, t.d. félagsheimili, og andstaða væri við sölu vegna tilfinningalegra tengsla íbúanna við þær byggingar. Samgöngurnar eru orðnar það góðar að hægt er að fækka einingum og sækja miðlægt. Menn hafa líka haldið dauðahaldi í „gömlu“ ungmennafélögin af sömu ástæðu en það hafi viðhaldið félagslegum flokkadráttum eins og fjallað verður um síðar. Að samfélagið eyði of miklu púðri í að halda í það gamla og gamlar minningar í stað þess að skapa nýjar.

Þá kom fram að það væri of mikil togstreita á milli þéttbýlisins og dreifbýlisins, sérstaklega í kringum kosningar. Það skortir á heildarstefnu fyrir samfélagið, eða hefur skort, að mati eins fundarmanns, en það virðist vera að koma og var þá vísað til íþróttaaðstöðunnar á Laugum. Engin íþróttastaða er þar sem börnin eru flest og heldur enginn akstur fyrir þau þangað sem aðstaðan er. Fram kom að mörg ungmennafélög, sóknir, skólar og félagsheimili gætu verið rótin að því að viðhalda sundrunu [eða draga úr einingu og samtakamætti] að þessu leyti en sérstaklega skólarnir. [Löng saga virðist vera fyrir flokkadráttum í samfélaginu eftir ungmennafélagamörkum ef marka má umræðuna á fundinum. Ungmennafélög gömlu hreppanna voru rekin löngu eftir sameiningu sveitarfélaganna. Þarna hefði verið mikill og óheppilegur rígur. Þá dróst sameining skólanna.] Þetta viðhélt mörgum veikum einingum og sundurlyndum sem enginn slagkraftur var í gagnvart öðrum landsvæðum. Íþróttafélagið Undri varð til við sameiningu ungmennafélaganna – „í eitt sameiginlegt félag fyrir öll börn sem vilja stunda íþróttir“. Ennþá eru landfræðilegir flokkadrættir þó þeir séu að mást út, hægt og bítandi. Sameiningu sveitarfélagsins er ekki lokið. „Sameiningin verður kannski aldrei fyrr en við sameinumst einhverjum öðrum því þá eigum við sameiginlegan óvin“. Flokkadrættirnir kristallast í málinu um Laugar í Sælingsdal (sölu sveitarfélagsins á Laugum). „Sveitin“ (sérstaklega næst Laugum) virðist vilja halda í núverandi hlutverk Lauga en þéttbýlið (og jafnvel hluti dreifbýlisins) vill að þeir verði seldir og núverandi hlutverk Lauga verði flutt í Búðardal. Á Laugum hefur viðhaldi húseigna ekki verið sinnt í um 20 ár, það hafi þó verið betra þegar sumarþúðirnar voru reknar þar en þegar Laugar voru í höndum sveitarfélagsins. Þó virtust fundarmenn alveg gera sér grein fyrir því að þéttbýlið og dreifbýlið eru háð hvort öðru og njóta nálægðar við hvort annað. Nú virðist vera að nást lending í málið um uppbyggingu íþróttaaðstöðu í Búðardal, sem mun leysa aðstöðuna á Laugum af hólmi. Þó var bent á að vinna hefði mátt hugmyndina lengra og tengja íþrótt- og sundlaugaraðstöðuna annarri starfsemi, eins og t.d. tjaldsvæðinu.

Á fundinum kom fram að of mikið væri horft til „hverra manna“ menn væru þegar þeir væru í atvinnuleit í Dölunum. Fram kom að dæmi væru um einstaklinga sem hefðu, að ósekju, þurft að líða fyrir það á vinnumarkaði að tengjast „gallagripum“ fjölskylduböndum. [Það er önnur vísbending fyrir flokkadráttum og nokkuð ólík þeirri fyrri.]

Fram kom að ljósleiðara vantaði í Búðardal og að maki eins viðmælenda gæti ekki flutt á staðinn og stundað þar fjarvinnu.

### **7.2.1.3 Samanburður á Dölunum, V-Hún og A-Hún**

Á rýnifundi Dalanna kom fram að samfélagið í V-Hún hefði tekið meðvitaða ákvörðun um að ráðast í markaðssetningu og að skapa þannig jákvæðara samfélag og það hafi heppnast hjá þeim. Þeir drifu líka í að fara í þessi erfiðu mál, t.d. sameiningu skóla, en það er að einhverju leyti eftir í Dölunum. [Þarna er trúlega átt við að dregist hafi að sameina skóla í Dölunum eftir sameiningu, ekki sé búið að sameina ungmennafélög og lengi hafi verið óvissa um staðsetningu íþróttahúss svo dæmi séu tekin]. Viðmælendur voru reyndar

hissa á því hvað Dalir komu neikvætt út úr könnuninni. „Kannski erum við of kröfuhörð þannig að við dæmum hart það sem miður fer“ varð einum að orði. Þá kom fram að mögulegt væri að tímasetning könnunarinnar hafi verið óheppileg þar sem hún var á svipuðum tíma og breytingarnar voru gerðar á Kjörbúðinni. „Mikil ólga var í samfélaginu út af því,“ eins og fyrr var sagt.

Dalamenn kvörtuðu mikið undan þjónustu verslunar. Þeir minntust mikillar breytingar sem varð í kringum 2019 á versluninni bæði hvað þjónustu varðar, vöruúrval og verðlag. Þá breyttist Kjörbúðin í Krambúðina. Fram kom að breytingin hefði verið svo mikil til hins verra að „mikil ólga hefði verið í samfélaginu út af því“. [Þetta getur þó ekki verið einhlít skýring, því Dalirnir hafa fyrr komið svona illa út úr könnuninni en þetta passar að því leyti að vöruúrval og vöruverð komu verst út úr könnuninni í Dölunum 2020 (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 70, 71 og 84) og engir þættir versnuðu eins mikið á milli kannana (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021, bls. 70 og 71).] Einn viðmælandinn benti á að það væri erfitt að vera gegnumakstursbær. Fólk (utanaðkomandi) keyrir í gegnum samfélagið en ekki til þess. Fólk neyðist til þess eða er dregið þangað en enginn neyðist til að fara um Hvammstanga (af því hann er til samanburðar hér). Á það var líka bent að annar ókostur gæti verið að þjónustan er meira sniðin að ferðamönnum en heimamönnum. Þetta passar við A-Hún og Borgarbyggð en Borgarbyggð var líka nefnd í rýnihópnum sem samfélag sem kemur „óskiljanlega“ illa út úr könnuninni að þessu leyti. Þá var komið inn á hversu slæm samfellan í opnunartíma ýmissa þjónustuaðila í Búðardal væri þannig að þeir sem koma úr sveitinni geti ekki klárað sín erindi nema að verja löngum tímum dagsins þar. Sorphirðan, sýslumaðurinn, pósthúsið, ÁTVR og sveitarfélagið voru nefnd sem dæmi í þessu sambandi.

Þátttakendur höfðu jákvæða mynd af atvinnulífi á Blönduósi og í Húnavatnssýslum þar sem virtist vera sambýli margra smárra fyrirtækja með vaxtarmöguleika og byggði sú afstaða á margskonar umfjöllun þaðan. Fundarmenn telja þá greinilega djarfa og til í að taka áhættu til að koma einhverju af stað. Dalamönnum fannst að þeir sjálfir væru of varkárir til að prófa ýmsa atvinnustarfsemi. Menn settu á sig bæði belti og axlabönd áður en þeir stofnuðu fyrirtæki.

#### **7.2.1.4 Stolt Dalamanna**

Fundarstjóri spurði næst hverju fundarmenn væru stoltir af sem Dalamenn. Mjög margt kom upp í huga þeirra. Erpsstaðir, Eiríksstaðir, Nýp og Drangar, Ólafsdalur, Vínlandssetur, Rebba (lítil dýragarður, Hólar), laxárnar/laxveiðarnar, hestamannafélagið. Rebba er gleðisprenghja og greinilega einstök að mati fundarmanna. Aflahæsta höfn landsins á grásleppu var Skarðsstöð. Ef þetta er hugsað sem einhverskonar atriði til að selja samfélagið út á við þá getum við sagt að Dalirnir séu barnvænt samfélag. Það er góður sunnudagsbíltúrastaður. Þeir eru líka stoltir af ýmsum listamönnum: Ásmundur Sveinsson, tónlistarfólkið Elmar Gilbertsson og Hanna Dóra Sturludóttir, Helgi Þorgils, Steinn Steinarr, Jóhannes úr Kötlum (jólaveinarnir), Stefán frá Hvítadal og fleiri. Að lokum skal á það minnst að einn af yngri fundarmönnum sagðist vera í vandræðum með að finna eitthvað til að „selja“ svæðið.

#### **7.2.1.5 Tækifæri fyrir Dalabyggð til framtíðar**

Þegar fundarstjóri bar fram spurningu um hvar tækifæri væru helst fyrir Dalabyggð til framtíðar var fjarvinna fyrst nefnd. Kannski að reyna að ná hluta af starfsemi einhvers eða einhverra fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu. Laða að lítil og meðalstór fyrirtæki. Hækkandi húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu þrýstir fyrirtækjum þaðan og það ættum við að nýta okkur. Lokka fyrirtæki til Dalanna og markaðssetja þá sem kjör staðsetningu. Náttúran er sérstök og mætti byggja á henni, einkum m.t.t. ferðaþjónustunnar. Þarna þyrfti samt að styrkja innviði, t.d. vegina [og nettengingar í Búðardal og þrífösun rafmagns í dreifbýli]. Á meðan hefur ferðaþjónusta Dalanna þurft að einbeita sér að fólki á smærri farartækjum (e. small scale tourism). Þá mætti skoða frekari möguleika í hestaferðum, hjólréiðaferðum og öðrum slíkum sem styðjast við að nýta núverandi stíga, slóða og reiðleiðir; svona „aktíf“ ferðamennska. Íslandspóstur ætlar t.d. að

hanna hlaupaleiðir í Dölunum. Hvað með fjallahjólakeppnir eða hönnun þríþrautar? Ferðapjónustan í Dölunum gæti unnið meira saman jafnvel þó samstarfið sé gott í dag. Það er stutt til Reykjavíkur og það er tækifæri. Íslenskir ferðamenn eru kannski tækifæri. Það var mjög mikið að gera sumarið 2020 þegar íslenskir ferðamenn voru eingöngu á ferð. Selirnir voru aðdráttarafl á meðan þeir voru í Búdardal. Mikil ferðapjónusta gæti fært of mikið álag á náttúruna og grafið undan „kyrrð og ró“. [Þetta er jafnvægislist].

Þá væri gott ef það yrði vöxtur og nýsköpun á grundvelli núverandi undirstoða [(e. endogenous growth)]; ferðamennskan, víkingar, landbúnaður, ostagerð (sbr. Erpsstaðir og MS), fjölbreytt atvinnulíf, nýsköpun, fjölbreyttari matvælaframleiðsla, okkar Friðheimar, heitt vatn, samvinna (í anda Sambands íslenskra samvinnufélaga), gera meira úr matarkistunni Breiðafirði – við erum þar. Samvinnan mætti vera á milli stjórnslu, fyrirtækja og einstaklinga [(e. triple helix)]. Mikilvægt er að landbúnaður hopi samt ekki fyrir ferðapjónustu. Það þyrfti að styrkja hann. Hefðbundinn landbúnaður er sennilega á undanhaldi en það væri kannski mikilvægt að nýta ræktarlandið. Það mætti reyna að nýta stærðarhagkvæmni til að bæta afkomu hans. Það er nú hugur í bændum og félagsskapur utan um bændur í Dölunum hefur verið sterkur. En fækkun í landbúnaði er ógn því þar ríkir lögmálið um krítískan massa, eins og t.d. í smölun. Og þróun jarðaverðs er ógn við landbúnaðinn. Það er erfitt að kaupa jörð með búskap í huga. Stefnuleysi og framtíðarsýn stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins veikir greinina. Reglugerðarverkið „drepur niður nýsköpun í landbúnaði“. Fjölbreytni í landbúnaði er mjög mikilvæg. „Við getum ekki öll verið með kýr og kindur“. Garðyrkjan gæti verið tækifæri. Mögulega sem aukabúgrein. Skógræktin gæti líka verið meiri í Dölunum. Þar eru tækifæri eins og t.d. m.t.t. kolefniskvóta.

„Hálfbúar“ geta falið í sér tækifæri og fært með sér jákvæða hluti með því að tengja þá betur samfélaginu og virkja þá. Góð dæmi eru um það á Hofsósi og þar í kring. Þetta er reyndar áskorun því þetta getur verið lokaður hópur. Komið hefur fyrir að þeir loki að sér, t.d. varðandi aðgengi að jörðunum. Það má segja að nánast „öll Skógarströndin“ sé lokað en það er þó ekki algilt. Þó nokkur dæmi eru um virka hálfbúa sem sést t.d. á hversu fjölmenn þorrablótin eru. Sókn hálfbúa eftir jörðum getur spennt upp jarðaverðið.

## 7.2.2 V-HÚN

Rýnifundur var haldinn í V-Hún 17. maí 2022 í fjarnámsstofunni á Hvammstanga. Til fundarins mættu níu manns, fimm konur og fjórir karlar. Fundurinn hófst kl. 17:00 og lauk kl. 20:30. Tekið var matarhlé kl. 19:00.

### 7.2.2.1 Kostir V-Hún

Að loknum kynningum viðstaddra, þar sem m.a. kom fram hversu lengi fólk hafði búið á svæðinu, spurði hópstjóri hvað þátttakendur kynnu best að meta í V-Hún. Fram kom að sumir höfðu búið alla tíð í V-Hún en aðrir höfðu hleypt heimdraganum eða áttu rætur annars staðar. Sumir höfðu búið í borg en aðrir á öðrum stöðum um landið og líka í sveitum. Einn kunnir vel að meta það hversu vel fólkíð í samfélaginu þekktist, „og jafnvel þó allir viti allt um alla,“ og um leið var hlegið dátt. Þar væri auðvelt að leita sér aðstoðar, mikil samheldni og fólk væri hjálplegt. Þá er samfélagið rólegt en samt nóg að gera. Góð tengsl. Hér kann maður á hlutina. Annar sagðist kunna vel við að búa í smábæ eða fámennu samfélagi. Þetta væri góð staðsetning og stutt frá ef fólk vildi sækja menningu eða annað. Hér er líka góð þjónusta og við höfum allt til alls. Allir geta talað saman. Þá er auðvelt að hafa áhrif og auðvelt að koma hlutum í framkvæmd. Það er spennandi en getur líka verið þreytandi. En þetta er gott samfélag og gott mannlíf hér. Hér er heldur engin hætta á hamförum. Þó situr rafmagnsleysið 2019 aðeins í fólki. Stærsti kosturinn er að maður hefur miklu meiri tíma fyrir sjálfan sig því allir snúningar taka minni tíma en í ýmsum öðrum samfélögum. Hvammstangi er hæfilega stór og hæfilega lítill. Bara einn fjallvegur í bæinn. Félagslífið er gott hér en það er engin pressa að taka þátt en fullt að gera ef maður vill. Börnin eru mjög frjáls og það þarf engar áhyggjur að hafa af þeim. Hér fara börnin sjálf í og úr skólanum. Maður hefur mikið að segja í svona samfélagi. Hér „droppar“ fólk inn og þannig er allt miklu meira „líf“ en annars staðar. Fullt af vinum. Eigum það til að droppa inn til vina á



náttfötunum á fallegu sumarkvöldi í spjall. „Mætti annarri vinkonu á leiðinni heim úr heimsókn, báðar á náttfötunum, önnur á vespu og hin á reiðhjólí“. Það eru fimm mínútur í fjallið og fimm í fjöru. „Geggjað“.

Hér er fólk líka framsækið. Allir tilbúnir að taka þátt, t.d. í sveitarstjórnarmálum. Svo kemur unga fólkíð aftur. Það er gott að búa líka annars staðar og koma aftur því þá flytur maður eitthvað með sér.

Allir fundarmenn nefndu að það væri gríðarlega mikið um að vera í samfélaginu. Hér er leikfélag og kórar - og þó það séu bæði popp og rokkkór og karlakór þá hafa þeir verið fleiri, t.d. kvennakór. Einn sagði að það væri kannski fljótlega að spyrja hvað sé ekki til staðar. Þá er Lionsklúbbur, fimm kvenfélög, Húnaklúbbur fyrir krakkana og hestamannafélag. Húnaklúbburinn hverfist um útivist og umhverfisvitund og líkist skátunum. Í hestamannafélaginu er sérstakt krakka- og unglingastarf, t.d. hestafimleikar. Þá er íþróttastarfið öflugt þar sem finna má körfubolta, fótbolta, sund, blak, frjálsar íþróttir, raffíþróttir, sérstakt pílukastfélag og boccia hjá eldri borgurum. Einnig eru Afró brasilískar trommur einu sinni í viku, jóga, kirkjustarf og jiu-jitsu. Ábyrgðin á félagslífinu dreifist ágætlega á milli einstaklinga og því minni hætta á að þeir brenni upp. Fólk hefur marga hatta í þessu samfélagi en það þarf auðvitað að kunna að segja nei.

Þegar skemmtanir bar á góma var Eldur í Húnaþingi fyrst nefnd. Sú skemmtun byrjaði sem listahátíð fyrir 30 ára og yngri en er nú fyrir alla. Það eru fimm þorablót; um það bil eitt á hvert ungmennafélag. Haldin var páskagleði í staðinn vegna Covid. Sumardagurinn fyrsti er haldinn sérstaklega hátíðlega. Sumardísinn kemur og veturinn kveður. Þá er skrúðganga barna sem klæða sig ýmsum búningum, krakkarnir æfa lög vegna dagsins og leggja sig fram. Þau koma m.a. við á sjúkrahúsinu og syngja fyrir vistmenn. Þetta er aðalhlátíðin að vori og kemur svolítið í stað sjómanna dagsins. Hún er einkaframtak en gengur manna á milli. 17. júní er líka haldinn hátíðlegur. Þá er söngvarakeppni haldin meðal fullorðinna með mikilli þátttöku íbúanna. Ábyrgðin gengur á milli manna. Sérstakt menningarfélag (5 ára gamalt) heldur svolítið utan um þetta. Tekið var fram að skólinn kemst yfirleitt í úrslit í Skólahreysti sem verður að teljast óvenju góður árangur. („Grettir sterki var héðan,“ var bætt við til gamans).

Það er mikil gróska í V-Hún. Hefur þó gengið svolítið í bylgjum. Krafturinn jókst t.d. þegar unga fólkinu fjölgaði í kjölfar flutnings Fæðingarorlofssjóðs 2007, sem fylgdu störf fyrir ungt menntað fólk. Með yngra fólkinu kemur aukinn kraftur. Svo var tónlistarskólinn mjög góður undir stjórn Elínborgar en hún var þar lengi. [Þarna er enn eitt dæmið um stöðugleika og velgengi í V-Hún]. Tónlistarskólinn hefur verið starfræktur í 50 ár. Svo er hægt að velja úr ótrúlegum fjölda hljóðfæra. Nemendur geta leigt hljóðfæri hjá skólanum ef þeir eiga þau ekki. Nemendur við skólann hafa verið rúmlega 70 á meðan það eru 146 í grunnskólanum [á árinu 2021].

Mikið samstarf er í íþróttum á Norðurlandi vestra og það eykur möguleikana á margan hátt. [Það eykur t.d. möguleikana á úrvali þeirra greina sem eru í boði]. Af þeim sökum aukast líka möguleikarnir á að börnin endist í íþróttum [en ekki síður að íþróttæfingum verði haldið úti]. Æfingagjöld hafa verið lág (ca. 15.000 kr. á önn fyrir barnið). Sveitarfélagið styður vel við íþróttastarfið. Tvö íþróttafélög eru í samfélaginu. Börnin kynnast af öllu svæðinu. Íþróttastaðan gæti reyndar verið betri. Auðvitað lenda sumar greinar í lægð en þær eflast oft aftur seinna. Foreldrarnir eru mjög duglegir að drífa þetta áfram. Það er fólk á svæðinu sem er duglegt að sækja styrki. Mjög heppin að hafa Samtök sveitarfélaga hér. Mikill stuðningur í þeim með þrjá starfsmenn. Sveitarfélagið styður fjárhagslega við ýmislegt en ekki við starfsmenn með beinum hætti. Sveitarfélagið hefur passað að auglýsa eftir fólki til að standa fyrir viðburðum (17. júní og Vorhátíð). Hér eru réttir, stóðréttir og réttarböll og samfélagið lifnar mikið þá. Fólk kemur langt að til að taka þátt. [Öllum tekið opnum örmum]. Tekið var dæmi þegar Göngum til góðs kom í V-Hún og fór um sveitarfélagið. Baukarnir þeirra voru bara teknir út í rétt og látnir ganga þar á milli manna. „Við erum líkir Skagfirðingum með söng og gleði“.

### 7.2.2.2 Sveitarfélagið (ánægja og óánægja)

Fundarstjóri spurði næst hvað fólk væri ánægt og óánægt með í fari sveitarfélagsins. Yfirleitt er auðvelt að eiga við sveitarfélagið ef óskað er eftir liðveislu þess. Það er bara armslengd frá okkur. Það hefur staðið ágætlega fjárhagslega en hefur reyndar verið að byggja við skólann og því safnað skuldum. Það voru kannski ekki allir ánægðir með sveitarfélagið vegna niðurskurðar í ýmsum styrkveitingum en yfirleitt er ánægja og kjörnir fulltrúar eru samstíga (fannst nú reyndar kannski sumum nóg um). Samt hafa verið listakosningar. Þá fór umræðan út í starfsmannaveltu. Tveir síðustu sveitarstjórar hafa reyndar staldrað stutt við en feðgar voru lengi sveitarstjórar. Fyrst Þórður Skúlason árin 1973-1990 og síðan Skúli Þórðarson eins og áður sagði. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannamálum hjá helstu stofnunum sveitarfélagsins en svolítill hreyfing upp á síðkastið. Mest velta hjá leikskólanum og var bent á að það væri víða annars staðar mikil hreyfing á starfsfólki leikskóla.

Fátt annað fékkst upp úr heimamönnum varðandi atriði sem fólk var ánægt og óánægt með í tengslum við sveitarfélagið því nú rataði umræðan út í dreifnámið.

### 7.2.2.3 Dreifnámið

Framhaldsskólinn er dreifnám [á vegum Fjölbrotaskólans á Sauðárkróki]. Hægt er að taka þar tvö ár af þremur í framhaldsskóla. Margir af ungum íbúum samfélagsins hafa verið í dreifnáminu. Dreifnámið gefur þeim tækifæri á að fá tilfinninguna fyrir því hvernig það er að vera fullorðinn í samfélaginu. [Sumum líkar það vel og setjast að]. Þetta getur verið tvíeggjað sverð því fólk þroskast við að hleypa heimdraganum. Dreifnámsnemendur hafa líka sett upp skemmtanir sem hafa verið opnar fyrir alla bæjarbúa. Þá eru dæmi um að sumir fari í burtu til að fara í framhaldsnám en snúi aftur og taki dreifnámið frá Hvammstanga (oft eru hestar ástæðan). „Það yrði allt vitlaust ef dreifnámið legðist af“. [Af einhverjum ástæðum er óvenju mikil ánægja með framhaldsskólastigið og háskólastigið í V-Hún samkvæmt íbúakönnunum].

### 7.2.2.4 Atvinnumál

Því næst var farið að ræða atvinnumál. Það eru 17 eða 18 stöðugildi (kannski frekar 14 eða 15) hjá Fæðingarorlofssjóði eða hjá Vinnumálastofnun allri á Hvammstanga. Störfin hjá Selasetrinu eru kannski 5 eða 6 (Samstarf Hóla, Hafró og Náttúrustofu). Svo eru alltaf nemendur hjá Selasetrinu (2-3 einstaklingar). Brúðuleikhúsið Handbendi sem stendur fyrir alþjóðlegri brúðulistahátíð á Hvammstanga. Allt morandi í iðnaðarmönnum sem hafa nóg að gera. Nú vantar reyndar múrara. Atvinnulífið hefur breyst líka síðustu árin. Það er miklu meiri fjölbreytni í atvinnulífinu og fólk hefur nóg að gera. Það eru miklar framkvæmdir og ekki síður í sveitunum, t.d. róbótafjós en líka margt annað. Umsvifin í sveitunum hafa stóraukist á 15 árum sem birtist m.a. í nýliðun þó það sé erfitt núna í sauðfjárrækt og hætta á fækkun þar. Fyrir nokkrum árum þurfti ekki skólabíl út á Vatnsnes en núna þarf „stóra“ rútu. Flóttamenn komu frá Sýrlandi fyrir þremur árum. Hefur gengið vel þó svo það séu áskoranir vegna þessa. Móttakan hér á Sýrlendingum hefur verið tekin sem dæmi um hvernig standa má að móttöku flóttamanna. [Á tölum yfir hlutfall innflytjenda sést að V-Hún varð aftur hæst á meðal þessara þriggja landsvæða eftir að þetta verkefni fór í gang. Svo eru hér innflytjendur af öðrum uppruna sem koma vegna eftirspurnar eftir vinnuafli]. Útlendingar koma svolítið til að vinna í sláturhúsi á haustin. Svo er það fiskvinnslan og ferðaþjónustan sem laðar líka innflytjendur að. Hestamennskan hefur laðað suma innflytjendur að V-Hún, einkum Norðurlandabúa og Þjóðverja. Átta starfsmenn hafa verið hjá ullarverksmiðjunni Kidka og fer fjölgandi. Fjórir þeirra eru innflytjendur. Kidka hefur auglýst eftir starfsfólki en ekki fengið. Fundarmönnum finnst að Sýrlendingarnir hafi komist betur inn í samfélagið en t.d. Pólverjarnir, sem hafa ekki blandast eins vel. Sýrlendingarnir höfðu reyndar stuðningsfjölskyldur. [Tungumálið er hindrun]. Íslenskukennsla fyrir innflytjendur er alls ekki nógu góð. Þá er lágmarksfjöldi í íslenskunámskeið ennþá of hár. Neyðin kenndi Sýrlendingunum að spinna og þeir hafa lært íslenskuna vel og kunna jafnvel svolítið í pólsku vegna samskipta við þann hóp. Það þarf

að hjálpa innflytjendum að komast inn í samfélagið. Ábyrgðin er samt líka okkar því við grípum oft til enskunnar þegar við tölum við innflytjendur.

#### 7.2.2.5 Einkenni svæðisins

Fundarstjóri spurði hvort það væri til ein setning eða orð sem einkenndi þetta landsvæði eins og það hefur verið lengi. Því var svarað með orðinu „samstaða“. Við stöndum saman þegar á þarf að halda, t.d. þegar tekið var á móti Sýrlendingunum. Hér er drifkraftur, fjölbreytni, líf og fjör. Hér gildir að bretta upp ermar og taka til hendinni ef fólk vill fá tiltekna þjónustu eða gæði á staðinn. Víða annars staðar á „kaupfélagið“ [eða „einhver annar“] að gera það. Hér er samkennd og samhjálp.

#### 7.2.2.6 Hvað mynduð þið ráðleggja öðrum svæðum að gera ef þið væruð í aðstöðu til þess?

Koma sér upp sameiginlegu verkefni og tekin voru dæmi um uppsetningu á söngleiknum „Hárinu“ á Hvammstanga. [Sameining er önnur leið]. Rétt eftir sameiningu sveitarfélaganna voru menn ekki eins sammála hér og nú er. Fyrir sameininguna voru oft krísufundir, en þeim fækkaði eftir sameininguna. Sama má segja um eininguna í samfélaginu. Hún var minni fyrir sameininguna en batnaði á eftir. Styrkur til frístundaaksturs frá sveitarfélaginu sem og vinnuskólaakstur og tveir ljósastaurar á hvern bæ voru dæmi um aðgerðir sem farið var í eftir sameininguna. Sameining sveitarfélaga og skólanna var mikilvægasta skref sem tekið hefur verið í þessu samfélagi síðustu árin. Þátttakendur sögðust telja kröfuna um sameiningu skólanna hafa komið frá börnunum og voru skólarnir á Húnavöllum, Borðeyri og Laugarbakka teknir sem dæmi um það. A-Húnavetningar horfa öfundaraugum hingað því þeir eiga þetta eftir. Félagslega virknin var samt tölverð fyrir sameininguna en á svæðinu voru t.d. þrjú leikfélög.

Nokkrum fundarmönnum hugnast samt ekki að sameinast Dölunum eða sveitarfélögum af Ströndunum. Það er að vísu samstarf núna við sum þeirra sveitarfélaga. Ástæðan var talin lítil samleið þegar horft er til samgangna á milli þeirra. Samt var samgangurinn nokkur við Hólmavík, hér áður fyrr, í gegnum íþróttir barna.

En þó ber að hafa í huga að stærra upptökusvæði íþróttafélaga færir sumum vinafáum krökkum vini. [Samkenndin eykst á milli svæða]. Húnavetningar styðja t.d. Tindastól í körfunni og einum fundarmanni fannst það merkilegt. [Kannski er það dæmi um hvað samstarf í íþróttum hefur fært samfélögin mikið saman á Norðurlandi vestra]. Við eigum einn leikmann í liðinu. Mikið var talað um leiki Tindastóls og verkefni sem langferðabílar á svæðinu hafa fengið vegna þeirra. Það er stutt á Blönduós ef miðað er við ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu, eða milli þéttbýlis og dreifbýlis innan núverandi sveitarfélags. Stungið var upp á að hafa samræmt skóladagatal fyrir Norðurland vestra (sérstaklega vetrarfrí) svo samfélögin smyrjist betur saman. Þá nýtast viðburðirnir. Ein ung móðir taldi sig alltaf vera að sækja meira og meira bæði á Blönduós og Sauðárkrók. [Hljómaði eins og V-Hún hefði getað hugsað sér að sameina allt Norðurland vestra en það var alls ekki sagt og e.t.v. ekki meint].

Einum fundarmanni þótti lágt á Skagstrendingum risið m.v. það sem áður var og að þeir drægju sig út úr A-Hún samfélaginu t.d. með því að senda ekki krakkana sína í dreifnámið á Blönduósi. Telja sameininguna vera að þvælast fyrir A-Hún. Skagstrendingar eru t.d. ekki í KSÍ og því eru öll börn skráð í Ungmennafélagið Kormák. Í huga Skagstrendinga er samstarf „hræðilegt,“ varð einum að orði. Það er líttill rígur í V-Hún. Við getum unnið með öllum. Allir á svæðinu þáðu samstarf í íþróttum og bygginga- og skipulagsmálum nema Skagstrendingar. [Svo er rótgróinn rígur á milli A-Hún og Skagfirðinga]. „Við efumst um að Tindastólsleikir verði sýndir á Blönduósi eins og á Hvammstanga,“ og svo var hlegið hátt. [En það var nú samt gert og það kom fram á þeim rýnifundi]. Sumir telja sig þekkja fólk á Blönduósi sem öfundar V-Hún af því hversu mikið er í gangi á Hvammstanga. Við höfum alltaf verið með hálfullt glas á Hvammstanga meðan að það er

hálfþómt á Blönduósi. Meira frumkvæði í V-Hún. Eða gamli hrepparígurinn. Þeir geta aldrei unnt hvor öðrum neins A-Hún og Skagfirðingar. Skrifstofa SSNV endaði á Hvammstanga bara út af þessu. Þá er mögulegri óeiningu á milli sjávarbyggða og landbúnaðarsvæða um að kenna. Blönduós er líkari Hvammstanga en samt ólíkur. Ákveðin andstaða er í V-Hún við sameiningu við restina á Norðurlandi vestra þrátt fyrir ummæli um hið gagnstæða fyrr. Völdu t.d. að vera hluti af heilbrigðisstofnun Vesturlands frekar en Norðurlands vestra m.a. vegna þess hvað samstarfið innan Norðurlands vestra hefur tekið á, taldi einn fundarmaður. Svo skiptist það alveg við sýslumörkin gömlu [á milli Vestur- og Austur-Húnavatnssýslanna] hvert menn sækja þjónustu.

Það sem ekki er hér sækjum við suður. Hér er reyndar hátt þjónustustig í kaupfélaginu. Það er mikil þjónusta við bændur en líka íbúa á Hvammstanga. Það keyrir áburð í sveitina og pantar raftæki að ósk íbúanna. Eina matvöruverslunin á landinu sem selur bassastrengi (rétt hjá namminu). Þetta er gamalt fyrirtæki sem er sterkt efnahagslega þó svo það hafi gengið illa á tímabili. Kaupfélagið stóð tæpt þegar kaupfélögin flest urðu gjaldþrota, en hélt út. Eiga núna mestan hluta af vörulagernum og skulda annars lítið. Einn fundarmanna vissi af gestum úr Garðinum sem komu á Hvammstanga og þeir áttu ekki orð yfir því sem fékkst í kaupfélaginu. Opið alla virka daga (9-18) og laugardaga. Opið er á sunnudögum yfir sumarið.

[Á þessari umræðu allri má ætla að fundarmenn hafi viljað ráðleggja fólki að huga að samstöðu samfélagsins og viljanum til samvinnu.]

#### 7.2.2.7 Gallar V-Hún

Næst var spurt hvað mætti betur fara í V-Hún. Íþróttaaðstaðan þyrfti að vera betri. Það er malarvöllur [fótbolta] hér. Hefðum þurft að forgangsraða í þágu íþróttaaðstöðu. Heilbrigðara samfélag er alltaf betra samfélag. Það hefði líka mátt taka meira til við lóðir fyrirtækjanna. Halda samfélaginu snyrtilegu. Hugsa meira um umhverfið á þann hátt líka. Í þessu er erfitt að vera lítið samfélag [því að ekki er auðvelt að segja vini sínum eða kunningja að hann þurfi að vera snyrtilegri]. Það þarf að hugsa meira um ásýnd staðarins. Svo mætti atvinnulífið vera fjölbreyttara. En samt vantar fyrirtækin starfsfólk. Það er samt fjölbreytt miðað við víða annars staðar [á sambærilegum stöðum]. Hér er engin „dóminerandi“ vinnustaður [og það er kostur]. Síðan mætti nýting félagsheimilanna vera fjölbreyttari og þau nýtast fleirum. Það eru þrjú eða fjögur félagsheimili sem er of mikið en það er arfur frá sameiningunni. Þungar eignir í viðhaldi. Í þessu samhengi kom líka fram að sveitarfélagið ætti fasteign sem það keypti af ríkinu fyrir lítið en yrði þungur baggi í rekstri þess. [Svona eignir geta dregið úr möguleikum sveitarfélagsins til að hlúa að öðrum mikilvægum þáttum samfélagsins]. Svo þarf að laga Vatnsnesveginn. Aðrir gallar voru ekki nefndir.

#### 7.2.2.8 Hrepparígurinn

Hrepparígurinn var til staðar og jókst fyrst eftir sameiningu en mikið hefur fjarað undan honum. Börnin „útrýmdu“ honum og fullorðna fólkið fylgdi fljótt á eftir.

#### 7.2.2.9 Samanburður á svæðum

Einn fundarmaður hafði hitt Dalamann á fundi nýlega og hann hafði sagt: „Við kæmum oft til ykkar ef gera ætti eitthvað skemmtilegt“. Hann hafði einnig eftir honum að allir væru svo fúllir í Dölunum að ef einum gengi vel þá væru tíu manns til að taka það niður. Að þar geti fólk ekki samglaðst öðrum. Þetta er mjög lítið hér í V-Hún. Ef fólk er gagnrýnt fyrir að gera einhverja hluti vel þá veldur það óyndi. Svo er annar megin munur á þessum svæðum. Öll megin atvinnustarfsemi Dalanna er á höndum einhverra utanaðkomandi aðila. Þó að verð og vöruúrval hafi lagast við að missa eignarhald verslunarinnar [úr höndum aðila búsettra í Dölunum] var upplifun Dalamanna hin gagnstæða. Það að ráða ekki yfir helstu björgum samfélagsins er mjög vont. Við í V-Hún finnum það svolítið gagnvart Staðarskála og við stoppum minna þar eftir að eignarhaldið breyttist. Dalamenn vantar sitt. Við í V-Hún eigum t.d. ekki allt sláturhúsið og það fer í

taugarnar á mörgum hér. Það varð þjónustuskerðing þegar þetta breyttist (og tekið var dæmi af slátrun stórgripa). Tveir af virkustu einstaklingum Dalabyggðar koma frá V-Hún var sagt í gamni – og þeir eru mjög virkir [þó víða væri leitað]. En Dalirnir eru heillandi. Kannski er ekki gott að þetta sé gegnumakstursstaður. Á tímabili varð mikil uppbygging í Dölunum, upp úr 1980. Þeir hefðu ekki byggst svona upp ef allir hefðu verið mjög óánægðir. Hér áður fyrr voru Dalamenn sterkir í öllum íþróttakeppnum. Dalamenn hafa verið okkur fjarlægir þangað til vegurinn yfir Laxárdalsheiði lagaðist. Eftir það koma sumir þaðan og versla hjá okkur. Þjónustan er miklu lakari í Dölunum en hjá okkur að heilsugæslunni undanskilinni.

Íbúar A-Hún eiga líka svolítið erfitt með að samgleðjast hver öðrum. Þeir hafa líka misst eignarhaldið frá sér. Þar er að vísu Vilgó. Gagnaverið er þarna en það hefur kannski ekki skilað þeim neinum störfum að ráði [og eignarhaldið er ekki í A-Hún]. Fundarmenn mundu ekki eftir neinu sérstöku átaki fyrir V-Hún sem gekk út á það að efla jákvæðni á staðnum og ímynd samfélagsins út á við, eins og komið hafði fram á rýnifundinum í Dölum. Myndband var gert fyrir „visit-svæðið“. Það er nú líka erfitt að taka við fleiri íbúum því það eru engar íbúðir. Fasteignamatið hefur hækkað mikið í V-Hún. Húsnæðisverðið er hærra hér [á Hvammstanga] en á Blönduósi og munurinn er enn meiri gagnvart Skagaströnd. Hér hefur verið byggt til að selja en það næst samt ekki alveg upp í byggingakostnað en það munar ekki miklu núna.

#### 7.2.2.10 Ein setning til að draga fundinn saman eða eitthvað nýtt

Fundarstjóri bað fundarmenn að draga fundinn saman í eina setningu en einnig máttu þeir koma með eitthvað nýtt. Sjálfstæði var fyrsta orðið sem sagt var. Að vera sjálfum sér nógur og ánægður með það sem maður hefur. Samgleðjast. Fólk á auðvelt með það hér. Við erum kannski bara svona sjálfumglöð og ánægð með okkur og svo var hlegið. „Það þarf greinilega einhvern utanaðkomandi til að segja okkur hvað það er slæmt hérna“. Það er bara miklu betra fyrir heilsuna að vera sáttur við sitt og líða vel í sínu eigin skinni og í sínu samfélagi. Það er alltaf einhver til í að klappa þér á bakið, alveg sama hvað er í gangi og hver það er. Björgunarsveitin er öflug hér, kannski vegna nálægðar við Holtavörðuhéiðina. Hjálpssemi er því kannski inngróin í kúlturinn hérna frá fornu fari. Kannski mótar umhverfið eðli okkar. Þetta er hörkuduglegt samfélag og kraftmikið. En þrátt fyrir þessa kosti er alltaf gott að fara annað og skoða hvernig hægt er að bæta það. Þurfum ekki að finna upp hjólið.

„Fáum við svona borða – besta sveitarfélagið?“

*[„Eitthvað annað var viðkvæði andstæðinga álvers-framkvæmdanna á Austurlandi í uppafi 21. aldarinnar en fátt varð um svör þegar gengið var á þá. Nú er það kannski fundið hér í V-Hún: Það er hægt að gera meira í byggðamálum, með því að vinna með hugarfarið, en að hrúga upp álverum.“]*

#### 7.2.3 A-HÚN

Rýnifundur var haldinn í A-Hún 18. maí 2022 í Norðursal íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi. Til fundarins mættu sjö manns, tvær konur og fimm karlar. Fundurinn hófst kl. 17:00 og lauk 20:30. Tekið var matarhlé kl. 19:00.

Fundarmenn höfðu búið mis lengi á staðnum. Sumir voru þaðan, aðrir annars staðar frá og einhverjir erlendis frá. Óvenju margir fundarmenn höfðu flust frá staðnum í kringum tvítugt en komu aftur til baka 12-15 árum seinna og þá með börn.

##### 7.2.3.1 Kostir í A-Hún

Eftir formlega kynningu voru fundarmenn beðnir um að segja hvað þeir kynnu best að meta við samfélagið þar sem þeir búa. Skagaströnd er opið og gott samfélag sem er til í allt. Smæðin getur verið góð. Fjölskyldan er á staðnum og það er styrkur. Ræturnar skipta líka máli. Fólk þekkist svo vel. Samfélagið er allt gott og

þægilegt að kynnast fólki hérna. Svo er gott að hafa útsýni frá heimilinu. Þetta er barnvænt samfélag og allir þekkja alla og því týnast krakkar ekki svo auðveldlega. Svo getur þetta verið vandamál þegar á framhaldsskólastigið er komið þar sem börnin þurfa að fara að heiman. Dreifnámið er full takmarkað til þess að það nýtist öllum. Náðin við samfélagið er góð. Hér er maður eitthvað meira en bara dropi í hafid. Hér er stutt í náttúruna því ég er náttúrubarn. Þekki alla á staðnum. Svo er stutt í allt samanborið við höfuðborgarsvæðið [sagði einstaklingur sem býr í sveitinni fyrir utan Blönduós]. Hef rosalega mikið að gera hérna [segir einstaklingur sem rak fyrirtæki í Reykjavík og flutti það norður].

[Þar sem þátttakendur höfðu flestir flutt burt upp úr unglingsárunum en komið aftur til baka var spurt hvort fólk í A-Hún komi aftur eftir að hafa hleypt heimdraganum]. Fyrir Skagaströnd þá eru það alltof fáir því miður. Ef innviðirnir styrkjast og ef það er öflugt mannlíf þá kemur fólkið aftur. Það er t.d. að koma ný verslunarmiðstöð hér [á Blönduósi]. Fyrir 25 árum var enginn að fara í landbúnað. Sá áhugi virðist hafa aukist [og eitthvað er um að fólk flytji aftur þess vegna]. Flestir þátttakendur biðu bara eftir að geta flutt burtu og sumir ætluðu aldrei að koma aftur. Það er bara svo mikið vesen að vera með börn á höfuðborgarsvæðinu og miklu betra í A-Hún. Svo eru foreldrarir [þ.e. amma og afi barnanna] í A-Hún. Ný sundlaug og íþróttamiðstöð á Blönduósi skipti sköpum fyrir einn fundarmann og hafði mikið að segja til þess að hann flutti til baka. Það var allt í lagi að vinna í Reykjavík, enda vann ég eins og skepna, sagði annar, en mér drepleiddist utan þess. Þurfti að komast í sveitina. Enn annar flutti til baka því viðkomandi var einstætt foreldri á þeim tíma og út af stressi á höfuðborgarsvæðinu og svo var allt baklandið í A-Hún. Fjórdi þátttakandinn taldi lífið verða miklu einfaldara í A-Hún. Einn bíll. Vissulega hafa krakkar á höfuðborgarsvæðinu aðgang að miklu meira. Er maður að takmarka möguleika barnanna með þessu? Á móti fer minni tími í samgöngur og það eru lífsgæði. Einn þurfti að byggja til að geta flutt og var það talin geðveiki. Ákvað að flytja fyrst og fór svo að leita eftir vinnu. Makinn var að vísu kominn með vinnu. Það kostar miklu minna að lifa hérna fyrir utan matvöruna. Einn þátttakandinn, með engar rætur á staðnum, flutti vegna maka. Ólst upp í borg. Það voru viðbrigði og eru stundum ennþá erfið fyrir mig. Margir vilja samt koma aftur út af náttúrunni og nálægð við dýrin.

### 7.2.3.2 Atvinnumál

Næst spurði fundarstjóri hvort það væri nýliðun í landbúnaði í A-Hún. Það eru nýir íbúar en landbúnaðurinn er ekki að veita þeim atvinnu. Ferðaþjónustan styður við landbúnaðinn. Veiðitekjur hlunnindajarða [af laxveiði] grafa undan hefðbundnum landbúnaði á svæðinu og valda því að fólk býr síður á jörðunum. Það eru margir utanaðkomandi eigendur að jörðum sem eru síðan í eyði. Það myndi enginn kaupa þessar jarðir til þess að hefja búskap. Það keppir enginn við þessa þróun. Mætti alveg gera kröfu um ræktun á bújörðum eins og í öðrum löndum. En það er líka erfitt að vera í landbúnaði og engin afkoma [svo það þarf eitthvað meira til].

Á Skagaströnd hefur fjarað undan atvinnulífinu eftir 1990 vegna þess að stóra útgerðarfyrirtækið hóf breytingar sem enduðu á sölu þess. Hefur aðeins verið að ná vopnum sínum í smábátaútgerð. Ferðaþjónusta vex hægt. Vantar atvinnumöguleika á Skagaströnd.

Vilkó hefur verið vaxtarsproti á Blönduósi. Veltan hefur tvöfaldast og farið frá 5 starfsmönnum upp í 12. Þar hafa verið þróaðar nýjar vörulínur og tækni við framleiðsluna. Það hefur verið mikil tæknivæðing frá upphafi. Svo var Ísskel flutt frá Hvammstanga á sínum tíma, fyrir u.þ.b. 20 árum, en það er fyrirtæki sem framleiðir kælipoka. Byggja á flugfiskinum [ferskar afurðir sjávarútvegs fluttar með flugvél á markaði erlendis]. Gætu verið 5-7 starfsmenn þar. Gagnaverið veitti mönnum störf á byggingartímanum. Það hefur byggt 8.000 fermetra af húsum í dag. Fyrirtækið kaupir þjónustu hér en það starfa mjög fáir af svæðinu hjá þeim. Þeir gætu nýtt fleiri iðnaðarmenn af svæðinu til rekstrarins. Þetta gætu verið 11 manns sem starfa þarna í heildina en kannski fjórir af svæðinu. Búið er að færa þetta í tal við eigendur og þeir virðast vera að

vakna til vitundar um mikilvægi jákvæðra staðbundinna áhrifa og samfélagslegrar ábyrgðar en hafa kannski ekki gefið þeim gaum vegna vaxtarverkja.

Umræðan um fyrsta gagnaverið kveikti samt í Blönduósingum um að hægt væri að gera eitthvað á staðnum. Við vorum í handbremsunni og höfðum verið lengi. Bærinn fór að skipuleggja lóðir. Svo kom núverandi gagnaver og hugurinn var ennþá til staðar hjá íbúum. Búið er að byggja nokkur íbúðarhús síðan. Jafnvel þó að strax hafi komið upp umræðan um að þeir myndu kannski ekki ráða marga héðan. SSNV er nú að skoða möguleikana á að nýta glatvarma frá gagnaverinu. Það er drifkraftur í fólki núna. Fasteignamatíð hjálpaði líka og jók framkvæmdaviljann hjá fólki.

Hér vantar flott stórt hótél. Ferðaþjónustan er lítil hérna. Byggja á litlum aðilum. Með hóteli myndi verða meiri afleidd starfsemi. [Það er í algjöru samræmi við niðurstöður eldri rannsóknar höfundar um að sveitarfélög sem nái ferðamönnum í gistingu séu líklegri til að hafa framlegð af þeim, jafnvel neikvæða (Vífill Karlsson, Hjalti Jóhannsson, & Jón Óskar Pétursson, 2017).] Getum ekki tekið við stórum viðburðum vegna þess að það vantar gistingu. Ekki er auðvelt að byggja á núverandi gistimöguleikum, eins og t.d. að samnýta veiðihúsin. Oft strandar á fjármagni til framkvæmda. Hér áður fyrr var hægt að fara til kaupfélagsins í leit að fjármagni en núna eru engir slíkir fjársterkir aðilar. Það þyrfti að laða að einhverja peningamenn til að byggja hótél. Það er svona hótél á Laugarbakka sem var opnað fyrir 5-6 árum síðan.

### 7.2.3.3 Félagslífið

Næst voru fundarmenn spurðir um félagslífið í A-Hún. „Það byggist á okkur sjálfum“. Ekki alveg „brjáláð“ félagslíf en það er töluvert líf í kringum íþróttir barnanna. Félagslífinu hefur farið hér verulega aftur. Leikfélögin eru engin. Það er einn kór í sveitinni. Fjarar undan kvenfélögunum. Lions og slíkir klúbbar eru óvirkir. Ef þú ert ekki í hestamennsku, kór eða björgunarsveit þá er fátt í gangi. Á Hólmavík sýnir leikfélagið tvisvar á ári. Það er meira um að vera á Hvammstanga. Kvenfélögin eru sjö eða átta og fylgir fjöldinn svolítið gömlu hreppunum. Félagsmönnum fækkar en þau sinna því sem þarf. Veitingaþjónustur sinna nú kaffiveitingum í auknum mæli [sem áður voru verkefni kvenfélaganna]. Samstarf er á milli íþróttafélaga. „Ég þyrfti að kalla áfram Tindastóll í gærkveldi“. „Hvenær byrjar leikurinn? Leikurinn sýndur úti í félagshemili“. Minna er um samstarf á milli kvenfélaganna. Þau eru staðbundnari. Ungmennafélögin hverfast orðið eingöngu um íþróttirnar í dag. Er einhver leið til baka? Þessi félagastarfsemi er kannski orðin barn síns tíma. Þorablótin eru hins vegar vel sótt. Þau eru þrjú eða fjögur á ári. Sjómannadagurinn á Skagaströnd og 17. júní á Blönduósi. Þeir ásamt Húnavöku eru stóru viðburðirnir á svæðinu. Sveitarfélögin standa fyrir þessu. Menningarlega erum við samt ekki á niðurléið. Ég sakna samt Norðurbakkans þar sem hægt var að koma og fá sér einn kaldan og hlusta á lifandi tónlist. En við þurfum þá að mæta. Kannski finnst okkur vera dauft yfir menningunni núna þar sem stutt er frá Covid en svo rís þetta aftur. Dæmi eru um að hlutir hafi ekki farið í gang aftur eftir Covid, t.d. kirkjukórinn, og gengið erfiðlega að ná fólki saman þó gerðar hafi verið margar tilraunir.

Við erum því kannski á tímamótum hvað menningu varðar. En við erum vel sett hvað menningarhús varðar og innviði alla. Svo sækir fólk líka mikið á höfuðborgarsvæðið í stað þess að taka það sem fer fram hverju sinni. Listamenn stoppa alveg á svæðinu en mætingin er kannski léleg af því að fólk er þá nýbúið að vera í menningarveislu á höfuðborgarsvæðinu. Mæting á kórsöngstónleika og aðra viðburði sem koma að er mjög léleg. Sögulega var mætingin alltaf lélegust á Sauðarkróki, t.d. ef við fórum um með leikrit eða kóra. Betri á minni stöðum og jafnvel í Reykjavík. Svo gæti það verið eðli viðburða. Pétur Jóhann kom fyrir skemmstu og var vel sóttur. Eyþór Ingi. Við erum kannski farin að sækja annars konar viðburði. Svo þarf að kaupa miða á netinu og það er ekki öllum tamt. En það fara allir á jólatónleika einhvers staðar. Svo fara vinnustaðir saman eitthvað í burtu. Fólk af svæðinu sækir líka viðburði til Akureyrar.

Fólk kvartar undan því að hafa ekki alls konar afþreyingu eins og veitingahús og pöbba en er svo ekki nógu duglegt að sækja það þegar það fer af stað. Það myndi halda áfram að sækja slíka hluti til höfuðborgarsvæðisins eða Akureyrar þó staðan breyttist heima. Við verðum líka að sætta okkur við það að við erum fámenn. Það þarf umferð til að halda úti svona starfsemi. Erfitt er að fá lærðan kokk og það er dýrt að fara út að borða. Svo vantar þessa hádegismenningu hér en hún virðist vera að byggjast upp. Fólk fer meira út að borða í hádeginu. Svo virðist líka vera meira í lagi að borga 20-30.000 kr. á veitingahúsi á höfuðborgarsvæðinu en talið alltof mikið heima fyrir. Þessu hugarfari þarf að breyta. Það er samt með veitingahúsareksturinn eins og bændurna. Ef þeir færu í excel-skjalið [og gerðu rekstraráætlun] myndu þeir aldrei fara út í þetta.

Við þurfum líka að gera hlutina sjálf en ekki bíða eftir öðrum. Þurfum að líta í eigin barm. Dauði leikfélaganna var okkur að kenna. Svo getum við verið með tveggja tíma revíu á þorrablóti en ekki drifið áfram leikfélag. Endurnýjun á mannskap getur líka verið ein ástæðan. Það er samt miklu auðveldara að byrja á einhverju nýju hér en á höfuðborgarsvæðinu, t.d. vegna kröfu um fagmennsku og sveitarfélögin eru tilbúin að styðja við slíkt.

Einn af hverjum tíu íbúum eru innflytjendur og það klýfur hópinn í tvennt. Tungumálið og menningin. Það voru haldin litlu jólin hér áður fyrr hjá fyrirtækjunum en það er hætt. En svo koma innflytjendur samt með nýjar hugmyndir eða aðferðir sem í bland geta bætt það sem fyrir er. Hafa áhrif á menninguna. En svo halda þeir kannski of fast í sitt og sína siði. Mættu vera duglegri að mæta á hátíðir heimamanna. Stundum er íslenska samfélagið heldur ekki nógu lipurt við innflytjendur. Þeir [innflytjendur] sem vinna með börnum [af íslenskum uppruna] eiga stundum erfitt með að venjast agaleysi þeirra. Innflytjendur finna sig ekki alltaf velkomna og er gert erfitt fyrir. Ef þeir vilja, sem dæmi, tala um viðkvæm og flókin mál á ensku frekar en íslensku er stundum tekið illa í það. Þá var tekið annað dæmi um viðurkenningu á prófskírteinum innflytjenda. Kannski tengist það því að viðkomandi var ekki „son“ eða „dóttir“. [Innflytjendum finnst skólarnir lélegir og] það gæti tengst stéttarstöðu þar sem Pólverjar hérlendis eru oftast verkamenn og vilja kannski meiri aga í skólum.

Það er mikið horft til Borgarfjarðar hvernig íþrótt- og frístundamál eru rekin og krökkum er smalað víða úr sveitarfélaginu á æfingar í Borgarnesi. Við verðum eiginlega að snúa kerfinu við. Byrja á að hanna dreifikerfið og síðan félagslífið m.t.t. þess. Mjög víðfeðmt hér. Á 10. áratugnum kom upp sú hugmynd að hafa yngri krakkana á Húnavöllum og þá eldri á Blönduósi. Gæti orðið seinna á milli Skagastrandar og Blönduóss.

#### **7.2.3.4 Félags- og efnahagsleg einsleitni A-Hún**

Næst var spurt hvort samfélagin innan A-Hún væru ólík. Þetta er sama fólkið. Lítil rígur. Eins og að fara á milli hverfa í Reykjavík. Einn fundarmaður starfaði í skólakerfinu og fann mun á börnunum. Honum fannst börnin úr Blönduósskóla vera mjög fyrirferðarmikil og drjúg með sig en frekar hlédræg úr hinum skólunum. Skagstrendingar ólust upp í skjóli stórs fyrirtækis sem reddaði öllu. Á Blönduósi var meira frumkvæði. Þegar menn komu af Skagaströnd inn á Blönduós fengu þeir „stórborgar-tilfinningu“. Hér áður fyrr (50 ár) var menningarmunurinn meiri. Menn voru ágengari („aggressívari“) á Skagaströnd og slógust frekar á böllum en síður fólkið frá Blönduósi. [Minnir á ólíka menningu sjávarbyggða og landbúnaðarsamfélaga]. Á Norðurlandi vestra hafa það allir jafn skítt núna. Smákónga-veldið er búið að vera og þá höfðu menn völd. Það eru engir ríkir eða rík fyrirtæki sem hægt er að leita til. Króksararnir hafa kaupfélagið. Fundarmenn voru samt ekki vissir um að þetta hafi verið betra því þá var stöðnunin frekar til staðar. Kaupfélag Húnvetninga (KH) var til og var stærra en á Hvammstanga. Það fór á hausinn 1995-1996. Kann að vera til á pappírnum ennþá. Ekki könnuðust menn í fyrstu við að KH hafi drepit niður frumkvæði annarra [eins og stundum hefur viljað loða við ráðandi fyrirtæki]. Við drápum frekar kaupfélagið því að ef



einhvern vantaði vinnu þá gat hann alltaf fengið hana hjá KH. Við fórum of seint í að reyna að reka þetta eins og menn m.t.t. þessa. Jú, menn fundu svo dæmi um að KH hefði bætt vöruúrval sitt á ákveðnu sviði ef einhver opnaði slíka verslun – skóbúð, bakarí, fiskbúð voru tekin sem dæmi. [Samt kom þetta sjónarhorn hér á undan frá Skagaströnd um að á Blönduósi hafi verið meira frumkvæði og hlutirnir að gerast]. Á Skagaströnd vantaði frekar hvatninguna til að stofna fyrirtæki vegna þess að afkoman var svo góð og fólk hafði svo háar tekjur hjá Skagstrendingi.

### 7.2.3.5 Sterkar ættir, félagstengsl, völd

Sterkar ættir eru ekki til staðar í A-Hún. Vísis-ættin var stór og er ennþá. Svo er Móna-ættin á Skagaströnd. Ekki nein slík kerfisbundin valdakerfi að finna t.d. innan stjórnsýslunnar eða í atvinnulífinu. Flestir eiga tengingar inn í stjórnsýsluna eða til kjörinna fulltrúa. Það er frekar styrkur. Fólk á miðjum aldri með börn á yfirleitt foreldra á staðnum. Annað er undantekning. Nýir íbúar sem þekkja engan á staðnum geta dottið alveg inn í samfélagið eða staðið alltaf fyrir utan það. Í gengum vinnustaðinn eða saumaklúbb eða eitthvað svoleiðis. Persónugerð veldur trúlega mestu þar um. Þá virðist svona fólk geta haft meira frumkvæði en innfæddir/innvígðir. Sem dæmi þá vantaði eina slíka manneskju tiltekna þjónustu fyrir barnið sitt. Í stað þess að biða þá bjó viðkomandi til þjónustuna og veitti hana. Engum „heimamanni“ hefði dottið það í hug.

### 7.2.3.6 Samanburður á svæðum

Eruð þið til í að bera saman A-Hún, V-Hún og Dalina? Kom slæm útkoma A-Hún í íbúakönnuninni á óvart? Nei, kom ekki á óvart. Sameiningin er búin í V-Hún. Hér hafa menn eytt of miklum tíma í að rífast innbyrðis. Þetta er að lagast. En af hverju er munurinn svona mikill á milli Dala og V-Hún þar sem sameiningin er löngu afstaðin hjá báðum? Fyrirtækjum hefur ekki fjölgað í V-Hún frá sameiningu. Ferðaðþjónustan er kannski sterkari þar. V-Húnvetningar eru meiri félagsverur en við í A-Hún. Var alltaf besta mætingin þar á viðburði og opna fundi en síðri hér. Það er líka alltof mikið sem menn tala um hið neikvæða hér í A-Hún. Umræðan um búðina var og er alltof neikvæð hér. Við gerum of mikið úr hinu neikvæða. Þetta er ákvörðun á hverjum degi. Kannski alltof margir neikvæðir. „Mér finnst þetta reyndar miklu betra núna“ sagði einn. Kaupfélagið þeirra er mjög gott. Leikfélagið er í gangi í V-Hún en ekki hér. Svo er það öfundin. Ef einhver kaupir sér nýjan bíl þá „hefur hann stolið undan skatti“. Í stað þess að hæla mönnum dettur mönnum eitthvað slíkt í hug. Alls ekki allir, það er líka jákvætt fólk hérna. Kannski eru þessir jákvæðu lítið á Facebook. Það er íbúasiða á Skagaströnd en hún er ekki upp full af neikvæðni eða rætni. Engin slík síða er á Blönduósi. Þeir sem skrifa mest neikvætt [í almennum færslum á samfélagsmiðlum] eru fluttir.

Nú var vikið aftur að neikvæðu viðbrögðunum sem verða ef einhverjum vegnar sýnilega vel eins og t.d. með kaupum á nýjum bíl. Við vitum að það er ekki gott fyrir okkur en samt gerum við þetta. Öfundin er búin að vera hér lengi. Ég man þegar þessir sjóarar komu á flottu köggunum en við [Blönduósingar] á Volkswagen bjöllu eða Lödum og hér var kvennaskólinn og mikil samkeppni [um kvenfólkið]. [Er það tilviljun að kvennaskólar voru í Dölunum og á Blönduósi en ekki í V-Hún?]. Hér er enginn auður og því erfitt að falla ekki í þessa gryfju ef einhver berst á eða okkur finnst það bara svo skrítið því allir eru á svipuðum launum. En á móti er erfitt að fá stuðning í ýmis samfélagsverkefni. Á Neskaupstað gerir Síldarvinnslan „helling“ fyrir samfélagið (gáfu t.d. 30 Ipad-a og hulstur í grunnskólann á staðnum) og öllum er því bara drullu sama þó forstjórinn geri mjög vel við sig<sup>9</sup>. Hann er flottur karl. Allir eru ánægðir með hann. Þetta virkar þar kannski eins og sameiningartákn.

<sup>9</sup> Kunningi vann í grunnskólanum á Neskaupstað og hringdi í Síldarvinnsluna í þeirri von að fá styrk hjá þeim til að kaupa 6 eða kannski 7 Ipad-a. „Hvað eru margir í bekknum?“ „Það eru 76 nemendur.“ „Já, ég sendi þér 76 Ipad-a.“ „Vantar þig ekki hulstur líka?“ „Ha? Jú-jú.“ Það er engin að fara öfunda forsvarsmenn svona fyrirtækis þó þeir berist á.

### 7.2.3.7 Sameiningartákn

Hér vantar kannski sameiningatákn? Hvað þjappar ykkur saman? Flotta aðstöðu í skólunum vantaði. Verkgreinastofur í skólunum voru óboðlegar en eru nú í lagi. „Þegar ég kom aftur til Blönduóss voru sömu gardínur þarna og þegar ég var nemandi“. Við erum ekki lengur í handbremsunum. Kannski þurfum við að byggja upp flottan skóla. Þjappa okkur saman um það. Þurfum að selja skólann á Húnavöllum og fá utanaðkomandi til að byggja upp. „Fá einhverja geggjaða starfsemi á Húnavelli“. Þetta gerðu þeir á Laugarbakka. Seldu skólann ódýrt og fengu flott hótél í staðinn. Þetta er eina alvöru hótelið á Norðurlandi vestra. Hvað þjappar Skagstrendingum saman? Fátt varð um svör en þeir töldu sig sjá tækifærin alls staðar. Fulltrúar Skagstrendinga á fundinum töldu sig sjá tækifæri í ýmsu en sögðust tilheyra þeim jákvæðu í samfélaginu. Það er kannski útgerðin sem þjappar fólki saman. Það er veitt en ekkert verkað. Bæði strandveiðin og svo eru einhverjir ennþá á togurunum á Króknum.

### 7.2.3.8 Hvaða skref yrðu til heilla fyrir samfélagið?

Sameiningin verður til heilla þó hún hafi verið lítil. Við gætum reynt að tala upp samfélagið eins og Skagfirðingar gera. Þeim fjölgar samt ekki en þeir eru ánægðir. Þeir hafa verið snjallir í fjárfestingum og sumum í A-Hún finnst þeir sýna yfirgang. Þeir eiga sterk fyrirtæki og veita vel inn í samfélagið en það kann að hafa sínar neikvæðu hliðar. Sveitarstjórn mætti sýna frumkvæði og leiða samfélagið áfram. Ekki sitja aðgerðarlaus. Gott væri ef hún sýndi íbúunum vissa umhyggju. Ættum líka að nýta okkur fámennið. Það er auðveldara að láta að sér kveða í fámennu samfélagi. Boðleiðir á milli almennings og ráðamanna eru styttri og það mætti nýta betur. Mætti breyta stjórnunarháttum í sveitarfélaginu. Kannski vinnustofur í stað almennra íbúafunda og um afmarkaðri efni [svo auðveldara sé að laða fram hagnýtar leiðir til úrbóta]. Við eigum reyndar mjög jákvæða brottflutta íbúa sem hafa staðið við bakið á okkur og var rekstur kirkjugarðanna tekinn sem dæmi um verkefni sem þeir hafa styrkt með fjárframlögum. Þurfum að hrósa meira. Það er smitandi. Dæmi voru tekin um þar sem íbúar A-Hún hrósuðu hver öðrum. Kannski þarf að koma af stað sérstökum umræðuhópi fyrir jákvæða hluti sem gerast í samfélaginu. Þegar kjötvinnslan fór endanlega úr eigu heimamanna skiptust menn í tvo hópa hvort það hefði jákvæð eða neikvæð áhrif á samfélagið.

### 7.2.3.9 Að lokum

Að lokum voru fundarmenn beðnir um að láta orðið ganga og hver og einn kæmi með tvær setningar um hvað honum væri efst í huga eftir fundinn. Ég er bjartsýnn eins og þegar ég kom hérna fyrst inn á fundinn. En það byrjar og endar hjá okkur sjálfum. Ef við förum að rífast þá þurfum við bara að klára málið og halda svo áfram. Fólk þarf að rökstyðja sitt mál vel ef það er að gagnrýna (t.d. sveitarstjórn). Órökstudd gagnrýni leiðir ekki til góðs. Gagnrýna á jákvæðan hátt. En það er mikilvægt að segja frá þegar fólk er ánægt með hlutina. Ef við tölum samfélagið okkar upp þá kemur þetta. Ég hef lengi haft óbilandi trú á þessu svæði. Hér býr gott fólk. Þurfum að einblína á það og kveða neikvæðar raddir í kútinn. Ég er ótrúlega ánægð með þessa sameiningu og það mun færa okkur ný tækifæri. Við þurfum að vinna gegn öfundinni og taka upp samheldnina úr „vestri“ og læra af þeim sem þeir gera vel. Vera óhrædd að læra af öðrum það sem vel er gert. Við eigum tvo banka á Skagaströnd: Landsbankann og Gleðibankann. Gleðibankinn heldur ljósmyndsamkeppni núna og að lokum voru allir hvattir til að taka þátt.

## 8 VIÐAUKI

---

### 8.1 FÉLAGSLÍF Í DALABYGGÐ

---

Þar sem það fórst fyrir að ræða félagsstarf og félagslíf í Dölunum á rýnifundinum, og fram kom í V-Hún að þar var það í miklum blóma í samanburði við A-Hún, þótti nauðsynlegt að safna upplýsingum um það í Dalabyggð. Eftirfarandi yfirlit barst frá heimamönnum:

#### 8.1.1 FÉLAGASTARF OG TÓMSTUNDIR Í DALABYGGÐ

---

Eftirfarandi félög eru starfandi í Dölunum:

- **Kvenfélagið Fjóla** er mjög virkt félag með 20-30 virka féлага.
- **Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir** er lítið virkt félag og ekki er vitað um fjölda virkra félagsmanna.
- **Lionsklúbbur Búðardals** hefur 12 virka félagsmenn og starfar yfir vetratímann.
- **Slysavarnadeild Dalabyggðar** telur 8-10 virkar konur en félagar eru um 20 alls. Félagið er mjög virkt.
- **Björgunarsveit Dalabyggðar** hefur á að skipa 15-20 virkum félagsmönnum.
- **Rauði krossinn í Búðardal** hefur 20 félagsmenn þar sem 8-10 teljast virkir.
- **Skátafélagið Stígandi** býður upp á gífurlega öflugt starf fyrir 8 ára til 16 ára. Þar er félagsstarf í hverri viku. Mjög virkt skátastarf er í Dalabyggð. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu eru 13 félagar 8-9 ára gamlir, 12 eru 10-12 ára gamlir, 10 eru 13-15 ára og 7 eru 15 ára og eldri. Það eru því samtals 42 börn í skátunum í Dalabyggð. Til samanburðar þá voru á síðasta skólaári 91 barn í grunnskólanum þannig að þetta er nærri því helmingur nemenda.
- **Kór** fór af stað á þessu ári og hann telur 25 féлага. Kórstjóri hefur auglýst í haust eftir fólki og fundið æfingastað. Þetta er blandaður kór fyrir fullorðna.
- **Leikfélag Laxdælinga** stefnir á að auka virkni eftir áramót en setja á upp leiksýningu fyrir Jörvagleði vorið 2023. Leikfélagið setti síðast upp sýningu árið 2011.
- **Félag eldri borgara** býður upp á öflugt starf í Dölum og Reykhólum. Þar eru 60-70 félagsmenn og bjóða upp á viðburði eða afþreyingu í hverri viku.
- **Nikkolína** er harmonikkuhópur sem hefur verið starfræktur í áraraðir. Í hópnum er eldra fólk að mestu leyti.
- **Spil.** Hefð er fyrir spilakvöldum í félagsheimilunum í Dalabyggð, þar sem spiluð hefur verið félagsvist. Í Tjarnarlundi er jafnan hist í kringum páska og aðra hátíðardaga og spilað. Félagshemilið Árblik hefur einnig haldið spilakvöld í samstarfi við kvenfélagið Fjólu.
- **Tónlistarskóli.** 44 nemendur eru í tónlistarskóla.

#### 8.1.2 ÍPRÓTTAFÉLÖG Í DALABYGGÐ

---

Eftirfarandi íþróttafélög starfa í Dalabyggð:

- **Íþróttafélagið Undri** er stærsta félagið í dag og sér um allar æfingar í Dalabyggð fyrir utan glímu og hestaíþróttir. Undri er með æfingar þrjá daga í viku. Virk börn eru á milli 50 og 60. Starfið hverfist um fótbolta, fimleika og almennan íþróttagrunn á veturna en frjálsar íþróttir og fótbolta á sumrin. Þess utan hefur verið boðið upp á raflífróttir og blak fyrir eldri börn og ungmenni.
- **Ungmennafélagið Ólafur Páí** rekur líkamsræktarstöð í Búðardal með 50-60 iðkendur. Það heldur einnig þorrablót í janúar.
- **Ungmennafélagið Æskan** er í lítilli virkni en er með náttúrulega í Reykjadal sem er í þeirra eigu.
- **Ungmennafélagið Dögun** liggur í dvala, ef svo má segja.
- **Ungmennafélagið Stjarnan** er í lítilli virkni, en heldur þorrablót í janúar.
- **Glímufélag Dalamanna** býður upp á æfingar í hverri viku. Þær eru fyrir 6-16 ára. Þar eru 20-25 iðkendur. Þetta er sterkt starf og keppir mikið utan héraðs með góðum árangri.
- **Hestamannafélagið Glaður** hefur um 160 iðkendur. Starfið er mjög virkt sem gengur m.a. út á að halda námskeið, stunda fræðslu og reka reiðhöll.

### 8.1.3 AÐRIR VIÐBURÐIR

---

Af öðrum viðburðum má nefna:

- Bæjarhátíð er haldin í Dölum annað hvert ár og hitt árið er haldin Jörvagleði, sem er menningarhátíð.
- Fjögur þorrablót eru haldin árlega.
- Samband sauðfjárbænda er mjög virkt og heldur hrútasýningu og haustfagnað árlega.
- Það var mjög lítil virkni í öllu tómstunda- og félagsstarfi í covid líkt og víðar en það virðist vera að lifna við núna eftir svolitla lægð.

## 8.2 FISKVINNSLA, FLEIRI TÖLUR

**Tafla 8.1: Tegundaskipting fiskafra 1974-1997**

Tölur Fiskifélags Íslands. Magntölur í tonnum.

	HVAMMSTANGI				SKAGASTRÖND			
	Þorskur	Rækja	Hörpudiskur	Alls	Þorskur	Rækja	Hörpudiskur	Alls
1974		451		451	1627	553	0	3086
1975		392		392	2584	289	0	3664
1976	77	342		419	2964	569	0	4187
1977	95	423	0	523	3810	482	40	4780
1978	132	470	15	630	3695	579	0	5062
1979	305	646	142	1115	3416	504	361	5240
1980	486	795		1327	4474	630	302	7083
1981	799	685	46	1591	5165	619	36	7625
1982	700	731		1481	5583	739	67	9624
1983	188	720	387	1310	5756	843	691	9692
1984	138	934	694	1815	7061	952	36	11594
1985	220	968	547	1755	5813	1061	67	10561
1986	492	1360	215	2115	6271	1016	691	11030
1987	435	1214	448	2151	6959	1470	640	12368
1988	207	1058		1336	9155	1090	696	13822
1989	21	2024	11	2078	6994	1208	637	11965
1990	4	2675	854	3509	6636	866	508	10733
1991	3	2917	511	3438	5924	1378	0	10719
1992	0	2708	765	3475	3963	2158	0	9331
1993	1	2196	390	2661	5821	1995	0	11775
1994	283	3041	451	4272	2397	2369	2	9340
1995	178	2819	379	4107	2832	2520	0	8771
1996	88	2361	16	3175	1912	2411	0	6937
1997	0	2651	0	2980	1993	3344	111	7647

**Tafla 8.2: Afli og verðmæti eftir löndunarhöfn, fisktegund og mánuðum 1982-2021**

Tölur Hagstofu Íslands. Magntölur í tonnum.

Ár	Blönduós	Búðardalur	Hvammstangi	Skagaströnd
1982	276	0	1481	9686
1983	763	0	1304	9628
1984	857	0	1805	11594
1985	1414	0	1699	10585
1986	1318	0	2100	11101
1987	1586	0	2248	12306
1988	1254	0	1346	13785
1989	1817	0	2088	11922
1990	2298	0	3367	10688
1991	1655	0	3414	10761
1992	2652	0	3371	9347
1993	2815	0	2567	11853
1994	3363	0	3855	11306
1995	3522	0	4274	10398
1996	3361	0	3177	8438
1997	4031	0	2889	7708
1998	2065	0	1652	9065
1999	2168	0	564	7755
2000	1258	0	489	7854
2001	1172	0	237	8538
2002	935	0	268	9534
2003	1218	0	680	10567
2004	866	0	1630	12412
2005	62	0	461	13778
2006	51	0	389	12775
2007	176	0	449	11567
2008	37	0	181	11047
2009	7	0	197	11602
2010	43	0	229	14433
2011	0	0	244	12681
2012	0	0	67	13003
2013	0	0	145	18152
2014	0	6	8	11278
2015	0	7	145	15077
2016	35	16	404	13697
2017	0	0	339	10781
2018	105	0	164	12084
2019	0	0	301	5029
2020	0	0	322	4844
2021	1	0	352	7903

## HEIMILDASKRÁ

---

- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1986). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1987). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1989). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1990). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1991). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1992). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1993). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1994). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1995). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1996). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1997). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1998). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1999). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2000). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2001). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2002). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2003). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2004). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2006). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2007). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2008). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2009). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2010). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2011). *Frjáls Verslun*.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2015). *Frjáls Verslun*.
- Ásgeir Ásgeirsson. (1997). *Saga Stykkishólms II: Miðstöð Vesturlands 1845-1892*. Stykkishólmur: Stykkishólmsbær.
- Ásskýrsla 2007, *Vinnumálastofnun*. (2008). Sótt á: <https://vinnumalastofnun.is/media/1092/arsskyrsla-2007.pdf>
- bjb. (1996, 23. ágúst). Vélsmiðjan óskar eftir lengri greiðslustöðvun. *DV*. Sótt á: <https://timarit.is/page/2944215?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/+uppsagnir%20+bl%C3%B6ndu%C3%B3s>
- Blomquist, G. C., Berger, M. C., & Hoehn, J. P. (1988). New Estimates of Quality of Life in Urban Areas. *The American Economic Review*, 78(1), 89-107.
- Bragi Guðmundsson. (1992). *Héraðsstjórn í Húnaþingi*. Akureyri: Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu.
- BV. (1984). Saumastofur: Starfsmannahald. *Húnavaka*.
- Daunfeldt, S. O., Mihaescu, O., Öner, Ö., & Rudholm, N. (2021). Retail and Place Attractiveness: The Effects of Big-Box Entry on Property Values. *Geographical analysis*, 53(3), 467-498. doi:10.1111/gean.12247
- Einar Svansson, Vífill Karlsson, Ögmundur Knútsson, Hjalti Jóhannesson & Stefán Kalmansson. (2017). Natural Resource Planning: A Case Study of the Cod in the Icelandic Fisheries Management System. In D. Kitsiou & M. Karydis (Eds.), *Marine Spatial Planning: Methodologies, Environmental Issues and Current Trends*. New York: Nova Science Publishers, Inc.
- Eysteinn Sigurðsson. (1978). *Samvinnuhreyfingin á Íslandi*. Akureyri: Bókaförslag Odds Björnssonar.
- Feykir. (1991, 3. júlí). Uppsagnir í rækjunni. *Feykir*. Sótt á: <https://timarit.is/page/6580367?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/+uppsagnir%20+bl%C3%B6ndu%C3%B3s>
- Feykir. (2005, 23. nóvember). Saumastofan hættir. *Feykir, fréttablaðið á Norðurlandi vestra*. Sótt á: <https://timarit.is/page/6616359?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/+Saumastofan%20+Hva mmstanga>

- Feykir. (2007, 17. janúar). Níu ný störf koma með Fæðingarorlofssjóði. *Feykir*, pp. 1-12. Sótt á: <https://timarit.is/page/6616838?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/+F%C3%A6%C3%B0ingarorlofssj%C3%B3%C3%B0ur%20+Hvammstanga>
- Fiskifélag Íslands. (1979). *Útvegur 1978*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- Florida, R. (2008). *Who's Your City?: How the Creative Economy Is Making Where to Live the Most Important*. New York: Basic Books.
- . Fréttir frá Skagaströnd. (1985). *Húnavaka*.
- Friðrik G. Olgeirsson & Steingrímur Steinþórsson. (2008). *Saga Hvammstanga II: 1938-1998*. Hvammstangi: Húnaþing vestra.
- Gaspar, R. E. (2017). Large firm dominance on country's entrepreneurship potentials. *Journal of global entrepreneurship research*, 7(1), 1. doi:10.1186/s40497-016-0060-0
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1987). *Saga Ólafsvíkur: Skráð í tilefni 300 ára verslunarafmælis Ólafsvíkur 26. mars 1987. 1, Fram um 1911 Akranes: Ólafsvíkurkaupstaður*.
- Graves, P. E. (1980). Migration and climate. *Journal of Regional Science*, 20(2), 227-237. doi:doi:10.1111/j.1467-9787.1980.tb00641.x
- Greenwood, M. J., & Hunt, G. L. (2003). The early history of migration research. *International Regional Science Review*, 26(1), 3-37. doi:10.1177/0160017602238983
- Guðjón Guðmundsson. (1988). Verslun Sigurðar Pálmasonar á Hvammstanga: Gjaldþrotið kemur við marga. *Morgunblaðið*. Sótt á: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/18487/>
- Guðmundur Jónsson & Magnús S. Magnússon. (1997). *Hagskinna*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Gylfi Kristjánsson. (1992a). 40 tonn af Vilgó súpum. *Dagblaðið Vísir*. Sótt á: <https://timarit.is/page/2600781?iabr=on#page/n21/mode/2up/search/+kaupf%C3%A9lag%20+h%C3%BAvetninga%20+lokar>
- Gylfi Kristjánsson. (1992b, 2. október). Afleiðingar fjöldagjaldþrot og fólksflótti. *Dagblaðið Vísir*. Sótt á: <https://timarit.is/page/2603651?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/uppsagnir%2C%20Skag astr%C3%B6nd>
- Karl. (1992). Vöruhús Hvammstanga hf. gjaldþrota Hvammstanga. *Morgunblaðið*. Sótt á: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/95311/>
- Kristján Gauti Karlsson. (2018). Vilja Byggðasafn Dalamanna að Staðarfelli. *Skessuhorn*. Sótt á: <https://timarit.is/page/7335981?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/+S%C3%81%C3%81%20+Sta%C3%B0arfelli%20+loka%C3%B0>
- Lúðvík Vilhelmsson. (2001). Frá Kaupfélagi Húnavetninga. *Húnavaka*, 41.
- Lampert, A., & Yassour, J. (1992). Parental investment and risk taking in simulated family situations. *Journal of Economic Psychology*, 13(3), 499-507.
- Mbl. (2019). Gagnaver Etix formlega opnað á Blönduósi. *Morgunblaðið*. Sótt á: <https://www.ruv.is/frett/gagnaver-etix-formlega-opnad-a-blondوسي>
- McKenzie, R. B., & Lee, D. R. (2008). *In Defense of Monopoly : How Market Power Fosters Creative Production*. Ann Arbor: University of Michigan Press.
- mhg. (1983, 27. september). Reksturinn á traustum grunni. *Þjóðviljinn*. Sótt á: <https://timarit.is/page/2889393?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/+Saumastofan%20+Borg>
- MÓ. (1989). Sautján sagt upp vegna hagræðingar í rekstri. *Feykir*. Sótt á: <https://timarit.is/page/6567190?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/+kaupf%C3%A9lag%20+h%C3%BAvetninga%20+uppsagnir>
- MS. (2022). Starfsstöðvar. Sótt á: <https://www.ms.is/starfsstodvar>
- MÞP. (2017, 26. janúar). Vilgó á Blönduósi flutt yfir í gamla mjólkursamlagið. *Bændablaðið*. Sótt á: <https://timarit.is/page/7239073#page/n25/mode/2up>
- Overman, H. G., & Xu, X. (2022). *Spatial disparities across labor markets*. Sótt á: London: <file:///C:/Users/vifill/Downloads/Spatial-disparities-across-labour-markets-IFS-Deaton-Review-Inequality-FINAL.pdf>
- Palsson, A.-M. (1996). Does the degree of relative risk aversion vary with household characteristics? *Journal of Economic Psychology*, 17(6), 771-787.
- Powell, M., & Ansic, D. (1997). Gender differences in risk behaviour in financial decision-making: An experimental analysis. *Journal of Economic Psychology*, 18(6), 605-628.
- Prince, M. (1993). Women, men and money styles. *Journal of Economic Psychology*, 14(1), 175-182.



- Roback, J. (1982). Wages, rents, and the quality of life. *The Journal of Political Economy*, 90(6), 1257-1278.
- Ragnar Z. Guðjónsson. (2005, 16. júlí 2005). Sögusýning opnuð í Kvennaskólanum. *Húnahornið*. Sótt á: <https://www.huni.is/index.php?pid=32&cid=855>
- rt. (1996, 13. desember). Sameining Hólaness og Skagstrendings um áramót: Rækjuvinnslan er í fremstu röð. *DV*. Sótt á: <https://timarit.is/page/2948827?iabr=on#page/n13/mode/2up/search/uppsagnir%2C%20Ska%20gastr%C3%B6nd>
- rzg. (2005, 3. nóvember). Innheimtumiðstöð sekta til Blönduóss. *Húnahornið*. Sótt á: <https://www.huni.is/index.php?cid=1168>
- rzg. (2020, 28. maí). Starfsfólk Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd á hrós skilið. *Húnahornið*. Sótt á: <https://www.huni.is/index.php?pid=32&cid=17019>
- Saga Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga. (2022). Sótt á: <https://www.hve.is/hve-saga/saga-hve-hvammstangi/>
- Schubert, R., Brown, M., Gysler, M., & Brachinger, H. W. (1999). Financial Decision-Making: Are Women Really More Risk-Averse? *The American Economic Review*, 89(2), 381-385.
- Sigurður Árnason, Arnar Már Elíasson, Þorkell Stefánsson, & Sigríður Elín Þórðardóttir. (2022). *Samantekt á stöðu sauðfjárræktar*. Sótt á: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Vorfundur/samantekt-um-sauðfjarraekt-ad-beidni-innvidaraduneytisins.pdf>
- Staðarfell. (2022, 23. janúar 2021). Sótt á: <https://is.wikipedia.org/wiki/Sta%C3%B0arfell>
- Tavares, A. F. (2018). Municipal amalgamations and their effects: a literature review. 22(1), 5. doi:<https://doi.org/10.2478/mgrsd-2018-0005>
- Tiebout, C. M. (1957). Regional and Interregional Input-Output Models: An Appraisal. *Southern Economic Journal*, 24(2), 140-147.
- Tvöföld jómfrúarferð hjá Ármanni Leifssyni. (1986). *Bæjarins besta*. Sótt á: <https://timarit.is/page/7333143?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/Steingr%C3%ADmsfjar%C3%B0arhei%C3%B0i%20opnu%C3%B0>
- Um Fellsenda. (2022). Sótt á: <https://fellsendi.is/>
- Um KVH. (2022). Sótt á: <https://www.kvh.is/is/um-kvh/um-kvh>
- Vegagerðin. (2009). *Árbók VFÍ/TFÍ* (R. Ragnarsson Ed.). Reykjavík: Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands.
- Vífill Karlsson. (2012). *Transportation improvement and interregional migration*. (Ph.D.), University of Iceland, Reykjavík.
- Vífill Karlsson. (2015). Interregional Migration and Transportation Improvements in Iceland. *International Regional Science Review*, 38(3), 292-315. doi:10.1177/0160017613496631
- Vífill Karlsson. (2018). *Íbúakönnun á Íslandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landsvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri*. Sótt á: [http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun\\_2016\\_Allir-landshlutar\\_lokaeintak-2.pdf](http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf)
- Vífill Karlsson. (2021). Íbúakönnun landshlutanna 2020: Gögn og aðferðir. *Deigla*, 2(2), 1-25. Sótt á: ssv.is website:
- Vífill Karlsson. (2021). On communities size and remoteness: The attractiveness of small and remote communities in Iceland compared to the larger and more central ones. *Australasian Journal of Regional Studies*, 27(1), 113-144.
- Vífill Karlsson. (2022a). Búferlaflutningar á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands*, 22(1), 1-61.
- Vífill Karlsson. (2022b). Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu: Hver er staða innflytjenda á vinnumarkaði héraðs á krepputímum og er einhver landfræðilegur munur á henni? *Skýrsla SSV*, 1.
- Vífill Karlsson. (Í vinnslu). Stærðarhagkvæmni í rekstri íslenskra sveitarfélaga: Panel gagna greining sem nær til allra íslenskra sveitarfélaga árin 2004-2019.
- Vífill Karlsson & Einar Þorvaldur Eyjólfsson. (2014). Hagsaga sparisjóðanna. In H. M. S. Hafberg, T. Finnbogadóttir, & B. F. Karlsson (Eds.), *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna*. Reykjavík: Alþingi.
- Vífill Karlsson & Grétar Þór Eythórssón. (2022). Municipal amalgamations and local housing prices. *REGION*, 9(1), 101-114. doi:10.18335/region.v9i1.360

- Vífill Karlsson & Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2021). *Sínum augum lítur hver á silfrið: Búsetuskilyrði og blæbrigði þeirra í hugum íbúanna*. Sótt á: Borgarnes:
- Vífill Karlsson & Torfi Jóhannesson. (2014). *Sameiningar sveitarfélaga á Vesturlandi: Möguleikar nokkurra valkosta og hugsanleg áhrif þeirra árið 2014*. Sótt á: [http://ssv.is/Files/Skra\\_0069071.pdf](http://ssv.is/Files/Skra_0069071.pdf)
- Vífill Karlsson Hjalti Jóhannesson, & Jón Óskar Pétursson. (2017). Fjöldi ferðamanna og tekjur og kostnaður íslenskra sveitarfélaga. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 13(2), 2011-2038.
- Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir. (2021). Íbúakönnun landshlutanna 2020: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða. *Deigla*, 1(1), 1-114. Sótt á: ssv.is website:
- Vífill Karlsson & Guðný Anna Vilhelmsdóttir. (2008). *Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi*. Sótt á: Borgarnes:
- Wahlberg, O. (2016). Small town centre attractiveness: evidence from Sweden. *International journal of retail & distribution management*, 44(4), 465-488. doi:10.1108/IJRDM-08-2014-0121